SHALIDOR
**skoðun** 16

3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Föstudagur
Lyklar og lásar

**Lög eftir íslenskar konur**
*Agnes Amalía flytur nánast óþekkt lög eftir íslenskar konur í Gerðubergi.*
**allt** 2

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Föstudagur**
**14. október 2011**
240. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
10 ÁRA 2001 - 2011
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011

**Reiptog við Pálma**
*Matthías Imsland segir frá starfslokum sínum hjá Iceland Express.*
**Föstudagsviðtalið** 12

**Plata með kærastanum**
*Bryndís Jakobsdóttir gefur í næstu viku út plötu með dönskum kærasta sínum.*
**Fólk** 38

**Framliðið á sigurbraut**
*Framarar yfirbugðuðu Hlíðarendagrýluna í gær.*
**sport** 34


fyrir allar dætur
frænkur - mömmur - systur - vinkonur ...
Bleika slaufan er styrkur gegn krabbameinum
Söfnunarmarkmið 50.000 slaufur
10 20 30 40 50 þúsund


**veðrið í dag**




**SKÚRIR** Í dag verða víða sunnan 5-10 m/s en 8-13 SV-til. Skúrir S-og V-lands en bjart NA-til. Hiti víðast 5-9 stig.

**VEÐUR** 4

# Telja öryggisstefnu í ólestri

**Meðan orka íslenskra stjórnmála fer í að glíma við afleiðingar efnahagshruns situr á hakanum vinna við mótun varnarmálastefnu. Þetta fullyrða sérfræðingar sænska hersins í skýrslu um ástandið á Íslandi.**

**VARNARMÁL** Rannsóknarstofnun sænska hersins, Totalförsvarets forskningsinstitut, telur að á Íslandi ríki þreföld kreppa, nefnilega varnarmálakreppa auk efnahagskreppu og stjórnmálakreppu.

Þetta kemur fram í þrjátíu blaðsíðna skýrslu stofnunarinnar um ástand öryggismála á Íslandi, en sérfræðingar hennar sóttu Ísland heim og ræddu við marga sérfræðinga og álitsgjafa, auk fulltrúa stjórnvalda.

Sænsku sérfræðingarnir segja að varnarmálakreppan hafi komið í kjölfar einhliða brotthvarfs Bandaríkjahers árið 2006, en harkan í íslenskum átakastjórnmálum hefur að mati skýrsluhöfunda tafið stefnumótun til framtíðar í varnarmálum.

> Þar sem mikið af pólitísku orkunni fer í að takast á við efnahagskreppuna þá dregst á langinn vinna við að greina og takast á við breytingar í varnar- og öryggismálum.
>
> **ÚR SKÝRSLU SÆNSKA HERSINS**

„Þar sem mikið af pólitísku orkunni fer í að takast á við efnahagskreppuna þá dregst á langinn vinna við að greina og takast á við breytingar í varnar- og öryggismálum," segir í skýrslunni. „Á meðan verða heimspólitískar breytingar á mikilvægi norðurskautsins."

Þær breytingar stafa ekki síst af loftslagsbreytingum og þeim fylgir meðal annars aukin umferð skipa og rússneskra herflugvéla í nágrenni landsins.

Skýrsluhöfundar telja íslenska stjórnmálamenn eiga í vandræðum með að bregðast við þessum breytingum og afleiðingin sé meðal annars sú að Ísland sé ekki í takt við nágrannaríkin í öryggis- og varnarmálum.

Í skýrslunni segir þannig að á meðan NATO-ríkin efli fjölþjóðasamstarf um heræfingar á norðurslóðum, sjáist engin merki þess að endurskoðun verði gerð á stöðu Íslands sem hins „óvopnaða aðildarríkis NATO".

„Pólitísk sundrung, ósamkomulag og vantraust er ráðandi milli ráðamanna og almennings á Íslandi," segja skýrsluhöfundar og bæta við að íslensk stjórnmál séu frábrugðin því sem gerist í hinum norrænu ríkjunum að því leyti að minni áhersla sé lögð á að ná samstöðu um mál sem deilt sé um.

„Þetta hefur áhrif á það hvernig tekið er á kreppum og gerir mönnum erfiðara að finna víðtækar úrlausnir til lengri tíma," er mat sænsku varnarmálasérfræðinganna.

- gb / sjá síðu 8

**SPILAÐ FYRIR SPJÁTRUNGA** Það var þétt setið í Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar í Kjörgarði seinni partinn í gær þegar tónlistarmaðurinn Benni Hemm Hemm tróð þar upp. Tónleikarnir voru hluti af Iceland Airwaves hátíðinni sem nú stendur sem hæst. **Sjá síðu 30.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Forsetahjónin á leið í veislu:

## Sitja galakvöldverð í New York

**FÓLK** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, og Dorrit Moussaieff, eiginkona hans, verða viðstödd glæsilegan galakvöldverð á Hilton-hótelinu í New York hinn 21. október.

Galakvöldverðurinn er á vegum American-Scandinavian Foundation en þetta er aðalfjáröflunarleið samtakanna enda kosta dýrustu borðin í salnum tæpar sex milljónir íslenskra króna.

„Það er aðeins gefið í vegna hundrað ára afmælis samtakanna," segir Hlynur Guðjónsson, ræðismaður Íslands í New York, en hann sat í undirbúningsnefnd kvöldverðarins.

Yfir þúsund manns hafa boðað komu sína á galakvöldið en þar verða meðal annars Karl Gústaf Svíakonungur ásamt Sylvíu drottningu, Haraldur Noregskonungur og Sonja drottning, Friðrik krónprins Danmerkur og Mary Donaldson sem og finnski forsetinn.

- fgg / sjá síðu 38

Bankasýslan segir Pál Magnússon hæfastan en meðumsækjandi er ósáttur:

## Gagnrýni vegna menntunar stendur

**STJÓRNSÝSLA** „Telur stjórn Bankasýslu ríkisins engum vafa undirorpið að Páll Magnússon hafi uppfyllt laga- sem og aðrar hæfniskröfur sem gerðar voru og verið hæfastur umsækjenda um starfið," segir í svari til fjármálaráðherra vegna ráðningar Páls sem forstjóra Bankasýslunnar.

„Í þessu kemur ekki fram svar við minni höfuðathugasemd. Ég tel að Bankasýslan hafi hunsað hæfisskilyrði forstjóra varðandi menntun og sérþekkingu á banka- og fjármálum," segir Ólafur Örn Ingólfsson, einn fjögurra umsækjenda sem metinn var hæfur til að gegna forstjórastarfinu. Líkt og fjármálaráðherra óskaði Ólafur eftir rökstuðningi Bankasýslunnar fyrir ráðningu Páls Magnússonar.

PÁLL MAGNÚSSON

Í svari sínu til fjármálaráðherra segir stjórn Bankasýslunnar það sitt mat að Páll hafi uppfyllt lagakröfur um „haldgóða menntun". Hann hafi skorað næsthæst á persónuleikaprófi, hann hafi ásamt tveimur öðrum verið hæst metinn með tilliti til stjórnunarreynslu og verið annar tveggja sem áttu bestu úrlausnina í „raunhæfu verkefni" sem lagt hafi verið fyrir hópinn. Páll var hins vegar aðeins þriðji af fjórum umsækjendum í mati á því hversu talnaglöggir menn eru.

„Með tilliti til huglægrar getu Páls ætti hann að búa yfir getu til að auka færni sína á lestri á gögnum úr töflum og myndum í nýju starfi," segir stjórn Bankasýslunnar sem kveður Pál betri í mannlegum samskiptum og tjáningu en aðra umsækjendur og hafa afar góð meðmæli frá þremur aðilum.

Páll er guðfræðingur með meistarapróf í stjórnsýslufræði.

- gar


Okkar hlutverk er að dreifa
fjölpósti, blöðum, tímaritum, bréfum og vörum.
Póst dreifing
Sími 585 8300 - www.postdreifing.is

## SPURNING DAGSINS

*Eva, eruð þið svona miklar hópsálir?*

„Já, annað er hópless."

Eva Björk Kaaber er meðlimur í framandverkaflokknum Kvissbúmmbang sem stendur fyrir innsetningu á Jafnréttisdögum í Háskóla Íslands. Í innsetningunni er fólki hjálpað að finna sinn minnihlutahóp en hugmyndin er að setja spurningarmerki við þá tilhneigingu að hólfa fólk alltaf niður.

Stjórnarbyggingar í Stokkhólmi voru rýmdar í gærmorgun:

# Sprengja reyndist gjöf frá forseta

**SVÍÞJÓÐ** Stjórnarbyggingar í Stokkhólmi voru rýmdar um tíma í gærmorgun vegna sprengjuhættu. Tveir pakkar fundust sem talið var að gætu innihaldið sprengjur.

Á svæðinu sem var rýmt eru meðal annars skrifstofur Fredriks Reinfeldt forsætisráðherra og Beatrice Ask dómsmálaráðherra. Ask var á staðnum en Reinfeldt ekki. Stórt svæði var innsiglað á meðan á rannsókninni stóð.

Sprengjusérfræðingar voru kallaðir til og voru pakkarnir fjarlægðir með hjálp fjarstýrðs vélmennis. Þeir voru svo flutt-ir burt og rannsakaðir. Engin sprengjuhótun hafði borist og strax voru taldar litlar líkur á að innihald pakkanna væri hættulegt. Mikið eftirlit er hins vegar með byggingunum, ekki síst vegna sprengjunnar í Ósló í sumar.

Í ljós kom svo að ekki var um sprengjur að ræða. Fréttamiðlar í Svíþjóð greindu frá því í gær að pakkarnir væru hluti af gjöfum frá forseta Úrúgvæs, Jose Mujica, sem er í opinberri heimsókn í Svíþjóð um þessar mundir. - þeb

**FORSÆTISRÁÐHERRANN** Fredrik Reinfeldt forsætisráðherra var ekki á skrifstofu sinni þegar þurfti að rýma hana í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Umdeild stækkun Vínbúðar:

## ÁTVR byggir á eigin ábyrgð

**SKIPULAGSMÁL** Skipulagsstjóri Akureyrar hefur samþykkt útgáfu byggingarleyfis til ÁTVR vegna viðbyggingar við Vínbúð á Hólabraut en bendir á að deiliskipulagsbreyting vegna málsins hafi verið kærð til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála. Það geti haft áhrif á gildi byggingarleyfis eða framkvæmdir stöðvaðar á meðan málið er skoðað. Framkvæmdir verði þó heimilaðar uppfylli ÁTVR öll skilyrði en þá á ábyrgð fyrirtækisins. - gar

**MINKUR** Óvelkominn en gerir sig samt heimakominn.

Sótt að húsum Ísfirðinga:

## Veiðar á mink berast inn í bæ

**UMHVERFISMÁL** Valur Richter meindýraeyðir segir við Bæjarins besta á Ísafirði að meira sé um mink inni í bænum en áður var. Þá hafi Valur farið í nokkur útköll vegna minks í mannabústöðum í bænum.

„Að sögn Vals er erfitt að eiga við minkinn þegar hann er kominn inn í hús og eina ráðið sé að veiða hann í gildru. Mikilvægt er þó að fara varlega þar sem minkurinn ver sig ef hann er króaður af, en hann getur bitið nokkuð illa. Valur segir að eina ráðið við að halda minkum í skefjum sé að veiða þá en dregið hefur úr veiðum þar sem minna fjármagn fæst í þær frá ríkinu," segir í bb.is. - gar

Sex flokka ríkisstjórn mynduð:

## Stjórnarkreppa á enda í Belgíu

**BELGÍA, AP** Vonast er til þess að bundinn hafi verið endi á stjórnarkreppuna í Belgíu. Belgar hafa verið án starfandi ríkisstjórnar frá síðustu kosningum 13. júní 2010.

Elio Di Rupo segist verða forsætisráðherra í sex flokka ríkisstjórn. Kristilegir demókratar, frjálslyndir og Sósíalistaflokkurinn munu mynda ríkisstjórnina en hverjum flokki verður skipt í tvennt eftir landsvæðunum. Þannig verða þrír frönskumælandi og þrír flæmskumælandi flokkar. Samkomulag hefur einnig náðst um breytingar á stjórnarskránni sem gefa tveimur hlutum landsins meiri sjálfstjórn. - þeb

# Gunnar sakhæfur og fluttur á Litla-Hraun

**Hæstiréttur hefur snúið við sýknudómi yfir Gunnari Rúnari Sigurþórssyni og dæmt hann í sextán ára fangelsi fyrir að hafa orðið Hannesi Þór Helgasyni að bana. Gunnar Rúnar var sóttur á Sogn síðdegis í gær og fluttur á Litla-Hraun.**

**DÓMSMÁL** Gunnar Rúnar Sigurþórsson var síðdegis í gær sóttur á réttargeðdeildina á Sogni og fluttur á Litla-Hraun eftir að Hæstiréttur dæmdi hann í sextán ára fangelsi fyrir að hafa ráðist að Hannesi Þór Helgasyni og veitt honum áverka með hnífi sem drógu hann til bana.

Þá var Gunnar dæmdur til að greiða foreldrum Hannesar Þórs samtals tvær milljónir króna í skaðabætur. Honum var jafnframt gert að greiða sambýliskonu Hannesar Þórs 1,2 milljónir króna í miskabætur en þau höfðu búið saman í eitt og hálft ár.

Héraðsdómur Reykjaness hafði fyrr á árinu dæmt Gunnar Rúnar ósakhæfan og til vistunar á viðeigandi stofnun.

Gunnar Rúnar hafði játað að hafa orðið Hannesi Þór að bana á heimili hans í Hafnarfirði í ágúst á síðasta ári. Þegar aðalmeðferð málsins fór fram í héraði lá fyrir matsgerð og yfirmat þriggja dómkvaddra geðlækna sem allir komust að þeirri niðurstöðu að Gunnar Rúnar hefði verið haldinn geðveiki þegar hann stakk Hannes Þór margsinnis með hnífi, sem leiddi hann til dauða.

Í vottorði geðlæknis og yfirlæknis á Sogni sagði hins vegar að Gunnar Rúnar væri ekki með formlegan geðsjúkdóm nú í þess orðs vanalegu merkingu.

„Eins og rakið hefur verið fór sú hugsun að sækja á [Gunnar Rúnar] þegar vorið 2009 að hann þyrfti að ryðja [Hannesi Þór] úr vegi," segir í dómi Hæstaréttar. „Verður ekki annað ráðið af framburði ákærða en að hann hafi skipulagt verknaðinn í þaula með það fyrir augum að ekki kæmist upp um hann og í samræmi við það tók hann smátt og smátt að verða sér úti um hluti sem hann ætlaði að nota til verksins. Þegar á hólminn var komið gekk hann svo ákveðið og skipulega til verks.

Einnig virðist ákærði eftir á hafa gert allt, sem í hans valdi stóð, til að aftra því að upp um hann kæmist, þar á meðal neitaði hann staðfastlega að hafa orðið Hannesi Þór að bana þar til böndin fóru æ meira að berast að honum við rannsókn málsins."

Hæstiréttur segir að telja verði í ljós leitt að Gunnar Rúnar hafi borið skynbragð á eðli þess afbrots, sem hann er ákærður fyrir, og að hann hafi verið að því marki fær um að stjórna gerðum sínum þegar hann stakk Hannes Þór til ólífis að hann teljist sakhæfur. „Var ásetningur [Gunnars Rúnars] til að svipta [Hannes Þór] lífi einbeittur og á hann sér engar málsbætur," segir Hæstiréttur. jss@frettabladid.is

**GUNNAR RÚNAR SIGURÞÓRSSON** Gunnar Rúnar í Héraðsdómi Reykjaness ásamt verjanda sínum, Guðrúnu Sesselju Arnardóttur hrl.

### Úr vottorði geðlæknis og yfirlæknis á Sogni

„Eftir 9½ mánuð á Sogni hefur ekki tekist að fá fram nokkru sinni ranghugmyndir, ofskynjanir, hugsanatruflanir eða merki um brenglaða raunveruleikaskynjun. Einkenni ástarsýki finnast ekki nú. Gunnar Rúnar hefur sterk merki persónuleikaröskunar. Gunnar Rúnar er með vissa þráhyggjuþætti, stífur á sinni meiningu og á erfitt með að aðlagast vissum reglum. Hann er rökviss og vel meðvitaður um hvað hann vill og hvað hann ætlar sér. Athygli vekur hversu fljótt ást hans til D hvarf, en slíkt er yfirleitt á skjön við raunverulega ástarsýki (erotomaniu), slíkt hverfur yfirleitt aldrei nema með lyfjameðferð eða annarri mjög langvarandi meðferð […] Ekki er hægt að sjá enn þörf á neinum geðlyfjum […] Hann er eins og að ofan getur ekki með nú formlegan geðsjúkdóm í þess orðs vanalegu merkingu."

Biðja um liðstyrk þingmanna:

## Láglendisvegur er eina lausnin

**SVEITARSTJÓRNIR** „Ef svo fer fram sem horfir blasir við áframhaldandi akstur um erfiða, oft illfæra og hættulega fjallvegi næstu áratugi. Þetta er óásættanlegt," segir í sameiginlegri áskorun til þingmanna frá bæjarstjóra Vesturbyggðar og oddvita Tálknafjarðarhrepps og Reykhólahrepps. Áskorunin er birt í heilsíðuauglýsingu í Fréttablaðinu í dag. „Láglendisvegur er eina lausnin í samgöngumálum svæðisins og hefja þarf vinnu við hann sem allra fyrst, ef byggð á ekki að leggjast af á sunnanverðum Vestfjörðum," segja bæjarstjórarnir. - gar

Könnun SA meðal fyrirtækja:

## Óbreytt staða á vinnumarkaði

**ATVINNA** Rúmlega helmingur aðildarfyrirtækja Samtaka atvinnulífsins telur að starfsmannafjöldi haldist óbreyttur á þessu ári. Tæpur fjórðungur telur að starfsmönnum fækki og rúmur fimmtungur að þeim fjölgi.

Þetta kemur fram í nýrri könnun SA um stöðu atvinnumála og efnahagshorfur. Heildarfjöldi starfa á almennum vinnumarkaði verður því óbreyttur milli ára.

Í könnuninni kemur einnig fram að nærri sex af hverjum tíu fyrirtækjum muni ekki leggja í umtalsverðar fjárfestingar eða endurbætur á næsta ári. Aðeins fjórtán prósent hyggja á fjárfestingar. - þeb

**VESTFIRÐIR**

### Eitt hús byggt á árinu

Verið er að byggja íbúðarhús í Kirkjuhvammi á Rauðasandi. Húsinu er ætlað að hýsa starfsfólk Franska kaffihússins á staðnum. Það mun vera eina íbúðarhúsið sem byggt er á sunnanverðum Vestfjörðum á árinu, að því er fram kemur á vef Patreksfjarðar.

Fíkniefnahundurinn Jökull fann fíkniefni á Akureyri í vikunni:

# Íslenskir hundar ógna dópheiminum

**LÖGREGLUMÁL** Fíkniefnahundurinn Jökull, sem er í þjónustu lögreglunnar á Akureyri, átti stóran þátt í því að um sjötíu grömm af sterkum fíkniefnum fundust í heimahúsi í bænum í fyrradag, auk mikils magns lyfseðlisskyldra lyfja. Jökull er einn sjö hvolpa sem fíkniefnahundur lögreglunnar á Suðurnesjum, Ella, og fíkniefnahundur tollgæslunnar, Nelson, eignuðust á síðasta ári, eins og Fréttablaðið hefur greint frá. Afkomendur hafa reynst frábærlega vel í baráttu lögreglu gegn dreifingu og sölu fíkniefna.

Það var um miðjan dag sem lögreglan á Akureyri gerði húsleit í íbúð manns á fertugsaldri vegna gruns um fíkniefnamisferli. Hjá manninum fundust um þrjátíu grömm af amfetamíni og nokkur grömm af kannabisefnum. Í mögnurum hafði maðurinn svo falið um 40 grömm af muldum e-töflum. Jökull aðstoðaði við leitina að fíkniefnunum og fann meðal annars e-töfluduftið í mögnurunum.

„Það má alveg segja að þessum heimi sem þrífst á sölu og dreifingu fíkniefna standi ógn af þessum ungu hundum," segir Steinar Gunnarsson, yfirhundaþjálfari embættis ríkislögreglustjóra, sem nýkominn er heim frá því að þjálfa leitarhunda í Bretlandi. „Unghundarnir okkar eru ekki síðri en hundarnir þar," bætir hann við. Steinar segir enn fremur að unghundarnir fari í sitt lokapróf hjá Lögregluskólanum í febrúar.

Hann segir að til standi á næsta ári að leiða saman annað par fíkniefnahunda, því enn vanti nokkur lögregluembætti hund. Milljónasparnaður náist takist að rækta góða hunda hér heima. - jss

**FÍKNIEFNAHUNDURINN JÖKULL** Jökull hefur skilað frábærum árangri þó ungur sé að árum.

# Það er alltaf nóg að gera!

**Borgun gerir það eins auðvelt og hægt er.**

Við vitum að engin tvö fyrirtæki eru eins og leggjum því áherslu á sveigjanleika og breidd í þjónustu. Við byggjum á reynslu og þekkingu á þörfum viðskiptavina okkar – stórra sem smárra. Þannig færð þú eitt uppgjör yfir alla kortaveltu hjá okkur sem veitir betri yfirsýn.

Með Borgun getur þú tekið við öllum helstu greiðslukortum heims og verður því ekki af viðskiptum. Mikilvægast er þó að þjónustan er örugg og dagurinn gengur hratt og vel fyrir sig. Þannig gerum við vinnu viðskiptavina okkar eins auðvelda og hægt er.

Ármúla 30 | 108 Reykjavík | Sími 560 1600 | www.borgun.is

BORGUN
AUÐVELDAR VIÐSKIPTI

JÓNSSON & LE MACKS • JÍJÍS • SÍA

## GENGIÐ 13.10.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 115,52 | 116,08 |
| Sterlingspund | 181,42 | 182,30 |
| Evra | 158,51 | 159,39 |
| Dönsk króna | 21,287 | 21,411 |
| Norsk króna | 20,421 | 20,541 |
| Sænsk króna | 17,361 | 17,463 |
| Japanskt jen | 1,5013 | 1,51010 |
| SDR | 181,53 | 182,61 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 213,7009

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Innheimta tekna ríkisins tæpum fjórum prósentum betri fyrstu átta mánuði ársins en áætlað var:

# Fjárheimildir hækka um 14 milljarða

**ALÞINGI** Óskað er eftir hækkunum fjárheimilda ríkissjóðs um 14,2 milljarða króna í fjáraukalögum fyrir árið 2011, en þau voru lögð fram á þingi í gær. Stærstu útgjaldaliðirnir tengjast kjarasamningum.

Tekjuáætlun ársins 2011 er hækkuð um 10 milljarða, þar sem 3,8 prósenta betri innheimta hefur verið á tekjum fyrstu 8 mánuði ársins en áætlanir gerðu ráð fyrir. Þar af hækka frumtekjur um 9,3 milljarða og vaxtatekjur um 0,8 milljarða.

Í skýringum með frumvarpinu segir að mestar breytingar fjárheimilda eigi rætur að rekja til áhrifa af kjarasamningum sem gerðir hafa verið á árinu og hækkana á bótum almannatrygginga og atvinnuleysistrygginga sem ákveðnar voru í kjölfarið á því. Meðalhækkun á launaliðum stofnana vegna kjarasamninga er rétt um 5 prósent í frumvarpinu en bótagreiðslur voru hækkaðar um 8,1 prósent.

Gert er ráð fyrir að í ár verði heildartekjur ríkissjóðs 482,7 milljarðar króna á rekstrargrunni og heildargjöld 524 milljarðar króna. Áætlað er að heildarjöfnuður ársins verði neikvæður um 41,3 milljarða en frumjöfnuður jákvæður um 4,5 milljarða. Reiknað er með að handbært fé frá rekstri verði neikvætt um tæpa 52 milljarða króna og hreinn lánsfjárjöfnuður neikvæður um 46 milljarða. - kóp

**FJÁRMÁLARÁÐHERRA** Steingrímur J. Sigfússon mælti fyrir frumvarpi til fjáraukalaga í gær. Útgjöld aukast töluvert vegna kjarasamninga. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**ANDERS BEHRING BREIVIK** Áfram í einangrun af öryggisástæðum. NORDICPHOTOS/AFP

Breivik líklega einn að verki:

## Einangrun ekki lengur nauðsyn

**NOREGUR, AP** Norska lögreglan telur ekki lengur þörf á að fjöldamorðingjanum Anders Behring Breivik verði haldið í einangrun í fangelsi. Rannsóknarhagsmunir kalli ekki lengur á það.

Aftur á móti breytir þetta litlu fyrir Breivik, því fangelsisyfirvöld munu áfram vilja halda honum frá öðrum föngum af öryggisástæðum.

Christian Hatlo, saksóknari lögreglunnar, segir engar staðfestingar hafa fundist á þeim fullyrðingum Breiviks, að hann sé partur af samtökum sem hafi fleiri árásir í undirbúningi. - gb

## LEIÐRÉTT

Franski ofurhuginn Matthias Giraud stökk fram af brún fossins Drífanda sem er í Eyjafjöllunum vestanverðum en ekki Drífanda í Fljótshlíðinni eins og sagði í myndatexta á forsíðu Fréttablaðsins í gær.

# Hjálpsemi ókunnugs manns snart Lilju Rós

**Ung, einstæð móðir sem var rukkuð um of há leikskólagjöld hefur loks fengið endurgreitt eftir ítrekaðar óskir um það. Sviðsstjóri hjá Reykjavíkurborg harmar að mistök hafi átt sér stað og segir að verklag verði endurskoðað.**

**SAMFÉLAGSMÁL** „Ég er algjörlega orðlaus yfir þessum viðbrögðum og rosalega þakklát," segir Lilja Rós Sigurðardóttir, 23 ára gömul einstæð móðir.

**LILJA RÓS ÁSAMT SYNI SÍNUM**

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær var Lilja fyrir mistök rukkuð um of háa upphæð um síðustu mánaðamót fyrir leikskólapláss sonar hennar. Í kjölfarið óskaði hún ítrekað eftir því við skóla- og frístundasvið Reykjavíkurbogar að reikningurinn yrði bakfærður, en fékk þau svör að einungis væri hægt að bæta henni þetta upp með lægri reikningi um næstu mánaðamót. Lilja sá ekki fram á að eiga fyrir útgjöldum út mánuðinn án þessara peninga og taldi því lausnina sem henni var boðin gera lítið fyrir sig.

Málið leystist hins vegar í gær þegar Lilja fékk loks endurgreitt. Hún segir þungu fargi af sér létt og er snortin vegna viðbragða manns sem hafði samband við hana í kjölfar fréttarinnar í gær.

„Maðurinn vildi einfaldlega gefa mér 15 þúsund krónur til að brúa bilið hjá mér. Þegar endurgreiðslan hafði borist lét ég hann svo vita að þessu hefði verið bjargað. Þá sagði hann að ég mætti bara eiga peningana, njóta vel og hafa það sem best," segir Lilja full af þakklæti.

Samkvæmt upplýsingum frá Reykjavíkurborg hefur borgin iðulega reynt að koma til móts við fólk í stöðu Lilju. Almennt hafi mál líkt og hennar hins vegar verið leyst með lægri reikningi mánuðinn eftir. Mál Lilju hafi verið tekið til skoðunar eftir að Fréttablaðið hafði samband og starfsfólk skóla- og frístundasviðs verið undir það búið að endurgreiða henni. Samskiptabrestur hafi hins vegar valdið því að málið leystist ekki fyrir helgi þegar Lilja hafði samband við sviðið öðru sinni.

Ragnar Þorsteinsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, segir mistök hafa átt sér stað hjá borginni í þessu máli. „Það er komið í ljós að þarna áttu sér stað mistök. Ég auðvitað harma þau og mér þykir þetta mjög leiðinlegt gagnvart þessum viðskiptavini okkar," segir Ragnar.

„Þetta þýðir það að við munum núna taka upp okkar verklag. Hingað til hefur þetta verið þannig að ef menn hafa greitt of mikið hafa þeir fengið inneign hjá borginni til næsta mánaðar. Nú ætlum við á mínu sviði að skoða hvort ástæða sé til að breyta þessu verklagi," segir Ragnar og bætir við að hann hafi fullan skilning á því að á þessum erfiðu tímum geti fólk lent í vanda vegna verklags sem þessa.

magnusl@frettabladid.is

**REYKJAVÍKURBORG** Sviðsstjóri Skóla- og frístundasviðs harmar þau mistök sem áttu sér stað. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Atvinnuleysi í september:

## Svipað og í janúar 2009

**VINNUMARKAÐUR Atvinnulausum fækkaði um 0,1 prósentustig í september frá fyrra mánuði. Alls voru að meðaltali 10.759 atvinnulausir í september og hafði þeim fækkað um 535 frá ágúst. Atvinnuleysi er hið sama og það var í júlí, eða 6,6 prósent.**

**Fjöldi atvinnulausra er kominn niður í það sem hann var í janúar 2009. Þá snarjókst atvinnuleysið þegar áhrifa uppsagna eftir hrun fór að gæta. Samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun þarf að leita aftur til ársins 1995 til að sjá jafn mikið atvinnuleysi fyrir hrun, en þá mældist það 6,8 prósent í janúar og 6,5 prósent í mars. Atvinnuleysi er jafnan meira á fyrstu mánuðum ársins.** - kóp

31 milljón króna í bætur:

## Handvömm og stórfellt gáleysi

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur hefur dæmt íslenska ríkið til að greiða 18 ára pilti tæplega 31 milljón króna vegna mistaka í meðhöndlun sem leiddu til verulegs heilaskaða. Pilturinn er nú með skerta heyrn og sjón, spastískur og bundinn við hjólastól.

Pilturinn var í nóvember 2004 fluttur á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri með kviðverki, smá hita og uppköst. Við aðgerð reyndist hann vera með sýkingu í kviðarholi og garnastíflu. Pilturinn fór seinna í öndunar- og hjartastopp, sem leiddi svo til örorku hans.

Dómurinn áleit að viðbrögð starfsfólks hefðu verið of sein og ámælisvert að skýrsla um endurlífgun hefði ekki verið fyllt út með fullnægjandi hætti. Þrettán mínútna töf hefði orðið á réttri meðferð piltsins og hann hefði verið hafður í óæskilegri stellingu miðað við ástandið. - jss

## VEÐURSPÁ

**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**HELGARVEÐRIÐ** verður ekkert rosalega spennandi, mjög líkt því sem verður í dag en von er á breytingum í lok helgar. Suðaustanátt og skúrir sunnan og vestan til á morgun, hægari framan af á sunnudag en síðan tekur við stíf norðaustanátt.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 27° |
| Basel | 17° |
| Berlín | 11° |
| Billund | 11° |
| Frankfurt | 14° |
| Friedrichshafen | 11° |
| Gautaborg | 11° |
| Kaupmannahöfn | 11° |
| Las Palmas | 25° |
| London | 16° |
| Mallorca | 27° |
| New York | 22° |
| Orlando | 29° |
| Ósló | 9° |
| París | 16° |
| San Francisco | 27° |
| Stokkhólmur | 8° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Daviðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Brynja Gunnarsdóttir *brynjag@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is

# HEILSUDAGAR Í HAGKAUP

**MAGNESIUM CITRATE**
Náttúruleg slökun.

**4x6 ACIDOPHILUS**
Góðgerlablanda sem hefur góð áhrif á meltingarflóru.

**EVE**
Fjölvítamín sérstaklega hannað fyrir konur og með hámarksupptöku líkamans í huga.

**8 BILLION**
Asídófílus og bífidus eru tveir af algengustu góðgerlunum í meltingaflórunni.

**WHEY PROTEIN ISOLATE**
Bragðlausa whey próteinið frá NOW er eitt hreinasta og virkasta mysuprótein sem til er.

**MYOPLEX MÁLTÍÐARBRÉF**
Bragðgóður máltíðardrykkur sem hentar vel eftir æfingu. Inniheldur góða samsetningu próteina, kolvetna, fitu, trefja og annarra næringarefna sem aðstoða við vöðvauppbyggingu og orkuhleðslu líkamans.

**AMINO ENERGY**
Orka fyrir æfingar eða yfir daginn. Inniheldur grænt te og grænt koffín. Vatnslosandi og eykur fitubrennslu.

**NUTRAMINO ICE TEA**
Brennsludrykkur sem virkar. Mjög vatnslosandi, sykurlaust, grænt te, andoxunarefni, 75mg koffín. Mjög bragðgóður og svalandi.

**100% WHEY GOLD STANDARD**
Vinsælasta próteinið 7 ár í röð í USA. Hreint mysuprótein.

**NÝTT!**
**V-BRENNSLA OG V-SPORT**
Hitaeiningasnauðir íþróttadrykkir. Af hverju að drekka hitaeiningarnar sem þú vast að brenna?

**C-FLÖGUR**
Eru lífrænar og glúteinlausar.

**HVEITIKÍMOLÍA**
Rík af E-vítamíni, sem hefur græðandi áhrif á erfiða húðkvilla. Einnig öflug til varnar hættulegum sindurefnum sem er jafnfram forvörn gegn krabbameini. Gott er að taka inn eða bera á húð.

**FROOSH**
Ávextir í flösku!

**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

Gildir til 23. október á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

**KJÖRKASSINN**

*Áttu von á að aðildarviðræður Íslands við ESB muni ganga hratt fyrir sig?*

| | |
|---|---|
| Já | 29,8% |
| Nei | 70,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Fylgist þú með bókamessunni í Frankfurt þar sem Ísland er heiðursgestur?*

Segðu þína skoðun á vísir.is.

Framkvæmdastjórn ESB kynnir næstu viðbrögð við skuldakreppu og evruvanda:

# Bönkum meinað að greiða arð og bónus

**EVRÓPUSAMBANDIÐ** Bankar eiga hvorki að greiða út arð né kaupauka fyrr en varasjóðir þeirra eru orðnir nógu digrir til að standast þær nýju kröfur sem Evrópusambandið hyggst gera til þeirra.

Þetta sagði José Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, á miðvikudag þegar hann kynnti nýjar og enn öflugri aðgerðir til bjargar Grikklandi, evrunni og bönkum aðildarríkjanna.

Meðal annars á að taka af allan vafa um að Evrópusambandið veiti Grikkjum þá aðstoð, sem þarf til að halda efnahagslífi Grikklands gangandi. Þá á að efla enn frekar neyðarsjóð ESB og hraða stækkun hans. Enn fremur á að grípa til samhæfðra aðgerða til að styrkja banka í Evrópusambandinu, meðal annars með því að aðstoða þá við að útvega sér fé í nægilega stóra varasjóði.

Öll sautján ríki evrusvæðisins þurfa að samþykkja þessar nýju tillögur áður en hægt verður að hrinda þeim í framkvæmd, sem er langt og strangt ferli

Síðast í gær samþykkti Slóvakía þær aðgerðir, sem ákveðið var að ráðast í síðasta sumar, en þær fólust meðal annars í verulegri stækkun neyðarsjóðs Evrópusambandsins.

Stjórnarandstaðan í Slóvakíu hafði fellt þær á þriðjudag, með þeim afleiðingum að ríkisstjórn landsins hrökklaðist frá völdum, en eftir það var þinginu ekkert að vanbúnaði að samþykkja stækkun neyðarsjóðsins. - gb

**STEFAN FÜLE OG JOSÉ MANUEL BARROSO** Kynntu nýja leið út úr kreppunni meðan Slóvakía lét bíða eftir samþykki síðustu úrræða. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**VIÐIURKENNDI ÁRÁS** Í yfirheyrslum viðurkenndi Strauss-Kahn að hafa ráðist á Tristane Banon árið 2003. NORDICPHOTOS/AFP

Strauss-Kahn laus mála:

## Saksóknarinn vísar máli frá

**FRAKKLAND, AP** Skrifstofa saksóknara í París hefur fellt niður rannsókn á nauðgunarmáli gegn Dominique Strauss-Kahn, fyrrverandi yfirmanns Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Saksóknarinn segir ekki nægar sannanir fyrir því að Strauss-Kahn hafi reynt að nauðga franska rithöfundinum Tristane Banon árið 2003, þegar hún hugðist taka viðtal við hann.

Í yfirheyrslum viðurkenndi Strauss-Kahn veigaminni glæp, kynferðislega árás á Banon, en sá glæpur fyrnist á þremur árum og kemur því ekki til kasta dómstóla. - gb

Dæmdir í 30 daga fangelsi:

## Kannabisræktendur á skilorð

**DÓMSMÁL** Tveir kannabisræktendur hafa verið dæmdir í 30 daga skilorðsbundið fangelsi hvor.

Annar mannanna, sem er á þrítugsaldri, var tekinn með ræktun sem samanstóð af 53 kannabisplöntum. Hann hefur áður verið dæmdur fyrir þjófnað, fíkniefnalagabrot, líkamsárás og hraðakstur.

Hinn maðurinn, tæplega þrítugur, var dæmdur fyrir að hafa ræktað 48 kannabisplöntur og verið með nær kíló af kannabislaufum. Báðir mennirnir játuðu brot sín. Upptæk voru gerð tæki og tól sem notuð voru við ræktunina. - jss

Krafðist fimm milljóna:

## Fékk 400 þúsund í bætur

**DÓMSMÁL** Íslenska ríkið hefur verið dæmt til að greiða karlmanni 400 þúsund krónur í bætur vegna eftirlýsingar, handtöku og vistunar í fangaklefa. Hann krafðist fimm milljóna króna í miskabætur.

Maðurinn var eftirlýstur í fjölmiðlum í tengslum við svokallað mansalsmál sem upp kom hér á landi 2009. Hann gaf sig fram við lögreglu og var yfirheyrður, þegar hann hafði verið í haldi lögreglu í tvær klukkustundir. Að því búnu var honum sleppt þar sem ljóst þótti orðið að hann var ekki maðurinn sem leitað var að, né tengdist málinu. - jss

# Alhliða þjónustuskerðing á mörgum sviðum spítalans

**Niðurskurðaraðgerðir Landspítalans munu kosta 85 manns starfið og fjölda deilda verður þjappað saman. Forstjóri spítalans segir aðgerðirnar verða erfiðari en oft áður, en fólk taki fregnunum af æðruleysi.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Stöðugildum á Landspítalanum mun fækka um 85 og þjónusta verður skert vegna niðurskurðar. Þetta kom fram á fundum forstjóra Landspítalans í gær.

**BJÖRN ZOËGA**

Björn Zoëga, forstjóri Landspítalans, hélt átta starfsmannafundi víðs vegar um borgina í gær og kynnti fólki niðurskurðaraðgerðir næsta árs. Hann segir andrúmsloftið á fundunum hafa einkennst af ró og æðruleysi.

„Þetta fór mun rólegar fram en ég bjóst við," segir Björn. „Fólk tekur þessu með æðruleysi og vill vinna í málunum."

Niðurskurðaraðgerðirnar eru annars vegar almennar og ná þá til LSH í heild, hins vegar sértækar og snerta einstök svið eða starfsemi. Líkt og áður sagði mun stöðugildum innan spítalans fækka um 85 og verður reynt að nýta starfsmannaveltuna við þá fækkun. Með lokun St. Jósefsspítala verður fækkað um 29, á Sogni falla út fjögur störf og svo mun alhliða samþjöppun deilda fækka öðrum stöðum víðs vegar um spítalann. Björn segist ekki hafa áhyggjur af framhaldinu.

„Þetta verður erfitt og erfiðara en oft áður," segir Björn. „Þetta er orðinn svo langur tími. Við erum endalaust að hugsa hvernig málin verði á næstu mánuðum og hvar og hvernig við þurfum að bera niður og passa að við missum ekki fótanna."

Mikil ánægja ríkir innan spítalans með þá ákvörðun að flytja réttargeðdeildina frá Sogni á Klepp. Þar sé verið að veita geðveikum afbrotamönnum betri þjónustu og færa þá nær aðstandendum sínum. Björn segir þar vera tækifæri í að bæta starfsemina á faglegum grundvelli á sama tíma og verið sé að spara.

Ýmsar smærri breytingar á skipuriti starfseminnar, meðal annars hagræðingar á rekstrar- og fjármálasviðum og önnur smærri verkefni, munu skila spítalanum 136 milljónum króna.

„Við erum að þjappa okkur áfram saman. Mannauðssvið verður til að mynda sett beint undir forstjóra og fleiri breytingar á skipuritinu í þeim dúr," segir Björn.

Ólafur Baldursson, framkvæmdastjóri lækninga á Landspítalanum, er ekki eins bjartsýnn og hefur áhyggjur af þeirri þjónustuskerðingu sem spítalinn stendur nú frammi fyrir.

> Þetta eru umfangsmiklar aðgerðir og ekki léttbærar. Þetta er ekki ákjósanleg staða fyrir spítalann.
>
> **ÓLAFUR BALDVINSSON** FRAMKVÆMDASTJÓRI LÆKNINGA Á LSH

„Þetta eru umfangsmiklar aðgerðir og ekki léttbærar. Þetta er ekki ákjósanleg staða fyrir spítalann," segir hann. „Þessi niðurskurður mun klárlega skerða þjónustu og gerir okkur sífellt erfiðara fyrir að reka spítalann."

Ekki er búið að útfæra hagræðingaraðgerðirnar í smáatriðum, en unnið verður að því á næstu vikum. Ólafur hefur áhyggjur af mannafla innan spítalans og segir aðgerðir sem þessar til þess fallnar að gera þá stöðu enn erfiðari.

„Það er komið ákveðið los á fólk, sem batnar ekki við svona aðgerðir," segir hann. „Við sjáum þó ekki fyrir okkur flótta, en það hefur nú þegar verið tilhneiging í þá átt og við höfum verulegar áhyggjur af því."

Ólafur bendir þó á að spítalinn glími við ýmis athyglisverð og verðug verkefni og starfsfólkið standi sig gríðarlega vel.

„Það er með ólíkindum hverju fólk afkastar við þessar aðstæður," segir hann. „En þetta getur ekki haldið svona áfram mikið lengur. Það er alveg klárt. Við verðum að vona að þetta sé síðasta árið sem við þurfum að takast á við svona aðgerðir."

sunna@frettabladid.is

**AÐGERÐIR KYNNTAR STARFSMÖNNUM** Starfmannafundir innan LSH voru haldnir á átta mismunandi stöðum í gær þar sem farið var yfir niðurskurðaraðgerðir næsta árs. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Niðurskurðaraðgerðir Landspítalans árið 2012

| Aðgerð | Sparnaður í milljónum króna |
|---|---|
| St. Jósefsspítala lokað (-18 rúm) | 180 |
| Vörustjórnun, lækkun kostnaðar vegna útboða og endurskipulagning á lagerum | 100 |
| Lækkun lyfjakostnaðar, s.s. vegna útboða og lagerstjórnunar | 60 |
| Þétting á starfsemi geðsviðs, m.a. með flutningi réttargeðdeildarinnar á Klepp | 54 |
| Líknardeildir spítalans sameinaðar í Kópavogi (-4 rúm) | 50 |
| Samþætting á starfsemi stoðeininga og breytt skipurit á ýmsum einingum spítalans | 50 |
| Hagræðingaraðgerðir á rekstrar- og fjármálasviðum | 49 |
| Hagræðingaraðgerðir í tengslum við sjúkraskrárritun og skjalavistun | 25 |
| Ýmis smærri verkefni | 62 |
| **Niðurskurðaraðgerðir samtals** | **630** |

### Fagna flutningi réttargeðdeildar

Geðhjálp fagnar færslu réttargeðdeildarinnar frá Sogni á Klepp. Í ályktun frá Geðhjálp, sem RÚV greinir frá, segir að samtökin hafi um áraraðir barist fyrir því að deildinni yrði lokað í þeirri mynd sem hún hefur starfað. Niðurstöður úttektar sem Geðhjálp hafi gert fyrir þremur árum hafi leitt í ljós lélegan aðbúnað og algera vanhæfni stofnunarinnar til að endurhæfa geðsjúka brotamenn. Þá harmar Geðhjálp afstöðu þingmanna í Suðurkjördæmi til lokunar á réttargeðdeildinni að Sogni í Ölfusi og kallað er eftir faglegum rökum fyrir máli þeirra.

Ekki hægt að hefja samninga um byggðamál fyrr en aðgerðaáætlun liggur fyrir:

# Hefja strax vinnu við áætlunargerð

**EVRÓPUMÁL** Íslensk stjórnvöld munu á næstu mánuðum vinna að aðgerðaáætlun þar sem væntanleg framkvæmd stefnu ESB í byggðamálum og stjórnsýsla henni tengd verður skýrð. Þetta kemur fram á vef utanríkisráðuneytisins.

Sú áætlun þarf að liggja fyrir áður en ESB fellst á að hefja efnislegar viðræður í þeim málaflokki að því er fram kemur í orðsendingu sem fylgdi niðurstöðum rýnivinnu til íslenskra stjórnvalda frá fastafulltrúa Póllands hjá ESB. Pólland fer sem stendur með formennsku hjá sambandinu.

Í rýniskýrslunni segir að þar sem Ísland hyggist ekki innleiða regluverk ESB áður en þjóðaratkvæðagreiðsla um aðild fer fram, verði erfitt að semja um málið og í ljós reynslunnar verði knappur tími milli samþykktar og gildistöku samningsins.

Þess vegna þurfi að liggja fyrir ítarleg, tímasett áætlun um framkvæmd á sviði byggðamála.

Meðal annars sem kemur fram í rýniskýrslunni er það mat ESB að íslensk löggjöf í þessum málaflokki sé að mestu í samræmi við kröfur, en þó þurfi að styrkja lagagrundvöll á ýmsum sviðum. - þj



**VILJA SJÁ ÁÆTLUN** ESB vill sjá aðgerðaáætlun um innleiðingu byggðamála áður en viðræður hefjast. MYND/ÚR SAFNI

Aflaverðmæti eykst:

## Heildaraflinn er meiri í ár

**SJÁVARÚTVEGUR** Heildarafli íslenskra fiskiskipa fyrstu sjö mánuði ársins var 928 þúsund tonn, en nam á sama tíma í fyrra 845 þúsund tonnum. Aflaaukning í september, á föstu verði, jókst um 0,8 prósent frá sama mánuði í fyrra. Þetta kemur fram í tölum frá Hagstofu Íslands.

Alls veiddust tæp 106 þúsund tonn í september, en heildaraflinn í september 2010 var tæp 94 þúsund tonn. Botnfiskafli dróst hins vegar saman í september, miðað við september 2010, um rúm 2.200 tonn. - kóp


Iceland Airwaves 11
October 12-16
Dagskrá
Twitter
Four-square
Allt um böndin
Þínir dómar
Kort
Staðan á röðunum
Streymi á tónlist
Upplifðu Airwaves
Fréttir
Áminning um tónleika
Viðtöl
Layar
Mynd-bönd
Facebook
Þín dagskrá
On Venue
Tónleika-staðirnir
Off Venue
m.siminn.is/airwaves
Náðu í Airwaves appið
og upplifðu hátíðina með okkur
Síminn

## VEISTU SVARIÐ?

1 *Hvernig vill ný stjórn Danmerkur breyta konungsvaldinu?*

2 *Hvaðan eru hljómsveitirnar sem unnu samkeppni um að spila á Iceland Airwaves?*

3 *Hvert verður réttargeðdeildin á Sogni flutt?*

**SVÖR:**

*1. Minnka vægi þess. 2. Frá Bandaríkjunum. 3. Á Klepp.*

Fyrirlestur Guðbjargar Lindu Rafnsdóttur á Hallveigarstöðum í hádeginu í dag:

# Ólík upplifun kynjanna á tíma

**SAMFÉLAGSMÁL** Upplifa kynin tímann á ólíkan máta? Þessari spurningu mun Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, prófessor í félagsfræði við félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands, velta fyrir sér í fyrirlestri sem hún heldur í dag. Fyrirlesturinn fer fram á Hallveigarstöðum og hefst klukkan 12 á hádegi.

„Ég mun fjalla bæði um eigin rannsóknir og rannsóknir sem gerðar hafa verið í Bretlandi og á hinum Norðurlöndunum. Þær hafa leitt í ljós að konur og karlar tjá sig mjög ólíkt um tímann,“ segir Guðbjörg en bætir við að þetta eigi auðvitað ekki við um hvern einasta karl og hverja einustu konu. Kynbundið munstur sé hins vegar til staðar.

**GUÐBJÖRG LINDA RAFNSDÓTTIR**

„Konur tala eins og þær séu með marga bolta á lofti í einu á meðan karlar tala frekar um einstök verkefni sem þeir skipta niður á tímalínu. Konur tjá sig meira um tímann eins og tími þeirra tilheyri öðrum, það er að segja að þær ráði ekki fullkomlega yfir því hvernig honum er ráðstafað. Karlar í sambærilegri stöðu tjá sig meira eins og þeir hafi völd yfir sínum tíma, þeir ákveði hvernig þeir hagi honum,“ segir Guðbjörg.

Þá segir Guðbjörg að í erlendum rannsóknum hafi ólík upplifun kynjanna á tíma verið sett í samhengi við heilsu og líðan. Konur kvarti meira en karlar yfir vanlíðan, þreytu og streitu, en lifi samt lengur en karlar. **- mþl**

Nálar fundist við Ásbrú:

## Sjö ára stakk sig á sprautunál

**SLYS** Sjö ára drengur stakk sig á sprautunál í Reykjanesbæ á miðvikudag. Drengurinn fann sprautunálina við fjölbýlishús að Ásbrú.

Farið var með drenginn á spítala í Reykjavík. Hann fékk sprautur við lifrarbólgusmiti, en þarf að halda áfram slíkri meðferð næstu mánuði. Frá þessu var greint í Víkurfréttum. Móðir hans segir að fyrir skömmu hafi fundist þrjár nálar á svipuðum stað og því sé ástæða til að vara við hættunni af nálum. **- þeb**

**SPRENGJA FJARLÆGÐ** Brennuvargarnir vilja koma af stað „félagslegu eldgosi“. FRÉTTBLAÐIÐ/AP

Brennuvargar í Berlín:

## Kenna sig við eldfjall á Íslandi

**ÞÝSKALAND, AP Sextánda bensínsprengjan fannst við járnbrautarteina í Berlín í gær. Fyrsta sprengjan fannst á mánudag.**

**Aðeins ein af sprengjunum hefur sprungið og olli sprengingin skemmdum á lestarteinum. Kveikjubúnaður annarrar fór af stað án þess að sprengjan spryngi.**

**Brennuvargarnir kenna sig við íslenska eldfjallið Heklu og segjast vilja koma af stað „félagslegu eldgosi“ eins og það er orðað í tilkynningu frá þeim á netinu. Að öðru leyti er lítið vitað um þennan hóp.**

**Ekki er vitað hvenær sprengjunum var komið fyrir. Mögulegt þykir að þær hafi allar verið settar við teinana um síðustu helgi. - gb**

# Sænski herinn telur öryggi áfátt á Íslandi

**Auk kreppu í efnahagsmálum og stjórnmálum er einnig kreppa í öryggismálum á Íslandi, að mati rannsóknardeildar sænska hersins sem hefur sent frá sér skýrslu um ástandið á Íslandi. Pólitískar deilur flækja og tefja stefnumótun.**

**VARNARMÁL** Kreppurnar á Íslandi eru þrjár: efnahagskreppa, stjórnmálakreppa og varnarmálakreppa. Stjórnmálakreppan torveldar lausnir, bæði á efnahagskreppunni og varnarmálakreppunni.

Þetta fullyrðir rannsóknarstofnun sænska hersins, FOI, í nýrri skýrslu um ástand öryggismála á Íslandi. Í skýrslunni er farið vítt yfir sviðið, stöðu efnahagsmála lýst og helstu átakalínur stjórnmálanna kannaðar.

Varnarmálakreppan er sögð hafa komið í kjölfar einhliða brotthvarfs bandaríska hersins frá Íslandi árið 2006, sem sagt er hafa leitt af sér biturleika meðal þáverandi ráðamanna íslenskra öryggismála en fögnuð meðal þeirra sem telja Ísland ekki þurfa neinar hervarnir.

Ferðir erlendra herskipa og rússneskra herþota vekja, að mati skýrsluhöfunda, upp spurningar um það hvort núverandi stefna Íslands í öryggismálum sé í takt við þróun öryggismála í okkar heimshluta.

„Meðan NATO-ríkin efla fjölþjóðasamstarf um heræfingar í þessum heimshluta, þá sjást engin merki þess að endurskoðun verði gerð á stöðu Íslands sem hins „óvopnaða aðildarríkis NATO“,“ segir í skýrslunni.

„Pólitísk sundrung, ósamkomulag og vantraust er ráðandi milli ráðamanna og almennings á Íslandi,“ skrifa höfundarnir og taka fram að íslensk stjórnmál séu frábrugðin því sem tíðkast á hinum Norðurlöndunum, að því leyti að minni áhersla er lögð á að ná samstöðu um þau mál, sem deilt er um.

„Þetta hefur áhrif á það hvernig tekið er á kreppum og gerir mönnum erfiðara að finna víðtækar úrlausnir til lengri tíma.“

**HERÆFING Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI** Brotthvarf Bandaríkjahers hefur skilið öryggismál á Íslandi eftir í nokkurri óvissu, að mati sænska hersins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kreppurnar hafa þannig gagnkvæm áhrif hver á aðra og á meðan verða heimspólitískar breytingar á mikilvægi norðurskautsins, sem ekki er tekist á við af þeim krafti sem þurfa þyrfti.

Lokaorð skýrslu sænska hersins um Ísland eru eftirfarandi:

„Ef Íslandi tekst að komast upp úr kreppunum og þróast smám saman yfir í eitthvað nýtt með stöðugleika til lengri tíma – til þess eru góðar grunnforsendur – þá væri mikið unnið bæði fyrir Íslendinga sjálfa og fyrir umheiminn. Ef ekki, þá eiga menn á hættu að enda eins og Guðbjartur Jónsson, aðalpersónan í skáldsögu Halldórs Laxness, Sjálfstæðu fólki: „Annarra manna brauð er það versta eitur sem frjáls og sjálfstæður maður getur étið.“ Þrjóskuleg barátta Guðbjarts fyrir algjöru sjálfstæði og frelsi endaði í fátækt og harmleik.“ **gudsteinn@frettabladid.is**

**ST. JÓSEFSSPÍTALI** Bæjarstjórn Hafnarfjarðar mótmælir samhljóma fyrirhugaðri lokun spítalans.

Hörð mótmæli í Hafnarfirði:

## St. Jósefsspítala verði ekki lokað

**SVEITARSTJÓRNIR Bæjarstjórn Hafnarfjarðar mótmælir harðlega ákvörðun yfirstjórnar Landspítalans um lokun St. Jósefsspítala og krefst þess að hún verði endurskoðuð og sameining við Landspítalann dregin til baka. Ákvörðunin gangi þvert á fyrirheit um að St. Jósefsspítali gegni áfram mikilvægu hlutverki í nærþjónustu við Hafnarfirðinga.**

**„Bæjarstjórn Hafnarfjarðar krefst þess að staðið verði við loforð velferðarráðherra um samráð og þegar verði teknar upp viðræður milli velferðarráðherra og Hafnarfjarðarbæjar um hvernig áframhald starfsemi á St. Jósefsspítala verði tryggð,“ segir í samþykkt bæjarstjórnarinnar. - gar**

Sjálfslökkvandi sígarettur:

## Minni brunahætta með nýjum rettum

**ESB** Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, ESB, hefur ákveðið að eftir 17. nóvember megi einungis selja sjálfslökkvandi sígarettur innan aðildarríkjanna.

Fyrirtæki fá engan aðlögunartíma til þess að selja birgðir af gömlum sígarettum.

Bann við sölu á öðrum sígarettum en sjálfslökkvandi tók gildi í Finnlandi 1. apríl í fyrra.

Þar fækkaði eldsvoðum af völdum reykinga um 30 prósent á tímabilinu apríl til júní miðað við sama tímabil árið áður.

Sams konar reglur hafa tekið gildi víða um heim, að því er sænskir vefmiðlar greina frá. **- ibs**

## DÓMSMÁL

### Ákært fyrir kannabis

Þrír karlmenn á aldrinum frá tæplega þrítugu til fimmtugs hafa verið ákærðir fyrir að rækta 89 kannabisplöntur í Hafnarfirði. Þá eru tveir mannanna ákærðir fyrir að hafa haft lítilræði af kannabisefni í fórum sínum þegar lögregla hafði afskipti af þeim.

### Fangelsi eftir árás

Maður á þrítugsaldri hefur verið dæmdur í eins mánaðar fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir líkamsárás. Maðurinn sló annan mann ítrekað í höfuð og handlegg í stigagangi fjölbýlishúss í Reykjavík. Hann á sakaferil að baki allt frá 16 ára aldri.

Mjög misjafnt er hversu vel ráðuneyti fara eftir lögum um kynjakvóta við skipan í nefndir:

# Helmingur nefnda uppfyllir kynjakvóta

**JAFNRÉTTISMÁL** Konur voru aðeins fjórðungur fulltrúa í nefndum á vegum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins í fyrra. Þetta kemur fram í skýrslu Jafnréttisstofu um nefndir, ráð og stjórnir á vegum ráðuneytanna. Hlutfall kvenna var lakast í nefndum á vegum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins.

Konur skipuðu í heild 40 prósent nefndarsæta á vegum ráðuneytanna og karlar 60 prósent. Hlutfallið var hins vegar ólíkt milli ráðuneyta og var félags- og tryggingamálaráðuneytið eina ráðuneytið þar sem konur voru í meirihluta nefnda í fyrra. Þær voru 51 prósent nefndarmanna á móti 49 prósentum karla, en í heilbrigðisráðuneytinu voru hlutföll kynjanna hnífjöfn. Í öðrum ráðuneytum voru karlar í meirihluta.

Kveðið er á um kynjakvóta í nefndum, stjórnum og ráðum á vegum ríkisins í lögum og á hlutur hvors kyns ekki að vera minni en 40 prósent nema málefnalegar ástæður liggi að baki.

Helmingur þeirra nefnda sem voru starfandi á síðasta ári var í samræmi við lög um kynjakvóta, en 66 prósent þeirra nefnda sem voru skipaðar í fyrra uppfylltu skilyrði laganna. Utanríkisráðuneytið var eina ráðuneytið sem skipaði þá í allar sínar nefndir samkvæmt lögunum. Dóms- og mannréttindaráðuneytið skipaði aðeins 38 prósent sinna nefnda í samræmi við þau. **- þeb**

**UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ** Nefndir sem skipaðar voru á vegum utanríkisráðuneytisins í fyrra voru allar í samræmi við lög um kynjakvóta. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Villibráðarmatseðill
# Október og nóvember
# Hereford-Steikhús

## Forréttar-þrenna/Starter
Heitreykt Önd með epla-compoti, grafin Gæs með hindberja-vinegar, reyktur Lundi með bláberjasósu

## Aðalréttur/Main course
Hreindýr og Dádýr með sykurhúðuðum kartöflum, Waldorf-salati og villibráðarsósu

## Eftirréttur/Dessert
Gratineraðir ávextir með Baileys-Sabayon sósu

Verð kr: 6.900

**Hereford** **Laugavegi 53 b** **Sími: 511 3350** **www.hereford.is**

**FRÉTTASKÝRING:** Hvítbók um náttúruvernd seinni hluti

# Þarf að endurhugsa stjórnsýsluna

**Einn af veigamestu köflum nýrrar Hvítbókar um náttúruvernd er úttekt á skipulagi stjórnsýslunnar á sviði náttúruverndar. Fyrirkomulag mála á Íslandi er borin saman við stjórnsýslu á Norðurlöndunum. Niðurstaðan er að full ástæða sé til að huga að sameiningu stofnana og tilfærslu verkefna.**

**HAFRAFELL Í ÖRÆFUM** Fjallið losnaði úr faðmi jökla um miðja 20. öld. Þetta er gott dæmi um land sem nú er sýnilegt en var hulið mönnum í árhundruð. Þetta er ein birtingarmynd hlýnandi loftlags. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Umhverfisstofnun, ásamt Náttúrufræðistofnun Íslands, er óumdeild lykilstofnun í málefnum náttúruverndar hér á landi. Stofnuninni var komið á fót með lögum nr. 90/2002 og gjörbreyttist við það stofnanaskipulag umhverfisráðuneytisins. Verkefni ýmissa stofnana og stjórnvalda voru felld undir nýja stofnun, eða Hollustuvernd ríkisins, Náttúruvernd ríkisins, veiðistjóraembættið og fleiri minni ráð. Voru nefndar stofnanir lagðar niður í framhaldinu. Það vekur þó athygli að hlutverki Umhverfisstofnunar er ekki lýst með skýrum hætti í lögum nr. 90/2002 heldur einungis vísað til hinna ýmsu laga um þau verkefni sem stofnuninni var falið að yfirtaka.

Þetta geta auðvitað ekki talist góð lög og er gert sérstaklega að umtalsefni í upphafi kafla Hvítbókarinnar um stjórnvöld náttúruverndarmála og dæmi um verkefnið fram undan.

### Á þriðja tuginn

Samanburður við Norðurlöndin þegar kemur að stofnanaskipulagi er „sláandi“, segir í bókinni. Þar er átt við hversu miklu fleiri stofnanir sinna málefnum náttúruverndar hérlendis en í þeim löndum sem við berum okkur gjarnan saman við. Og þegar grannt er skoðað fer þessi munur ekkert á milli mála.

Fjórar stofnanir á vegum umhverfisráðuneytisins annast stjórnsýslu og framkvæmd náttúruverndar, eða Umhverfisstofnun, Vatnajökulsþjóðgarður, Landgræðsla ríkisins og Skógrækt ríkisins. Þrjár þessara stofnana hafa samtals fimmtán starfsstöðvar á landinu, auk þess sem skógarverðir starfa á fjórum stöðum. Vatnajökulsþjóðgarði er skipt í fjórar rekstrareiningar.

Fjórar stofnanir umhverfisráðuneytisins annast einkum rannsóknir, ráðgjöf og þjónustu, eða Náttúrufræðistofnun, Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn, Veðurstofa Íslands og Stofnun Vilhjálms Stefánssonar. Þar að auki starfa tvær rannsóknastofnanir á vegum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis; Hafrannsóknastofnunin og Veiðimálastofnun.

### Einföldun

Flestar íslenskar stofnanir á sviði náttúruverndar eru litlar og sinna afmörkuðum verkefnum. Hættan er auðvitað sú að gagnabankar verði sundurleitir og einn viti ekki hvað annar gjörir. Það eykur líkur á því að verkefni skarist og hreinlega kallar á tvíverknað og óþarfa kostnað.

Á Norðurlöndunum hefur víðast verið lögð áhersla á að setja á stofn sterkar miðlægar ríkisstofnanir til að forðast nákvæmlega þetta. Nefndarmenn líta mjög til Norðmanna, Dana, Finna og Svía þegar þeir segja að í takti við breyttar aðferðir og áherslur í náttúruvernd sé æskilegt að endurskipuleggja stjórnsýsluna og einfalda hana umtalsvert.

Þessi samanburður við Norðurlöndin er jafnframt dreginn fram í því ljósi hversu fámennt samfélag Ísland er og hvað landið er stórt og hafið sem okkur er falið víðáttumikið. Hafandi þetta í huga er skilvirkni og gott skipulag sérstaklega mikilvægt.

### Skiptar skoðanir

Íslendingar hafa ekki farið þá leið að aðskilja náttúruvernd og mengunarþáttinn; hvort tveggja fellur undir Umhverfisstofnun. Nefndin leggur ekki til að þessu verði breytt, enda var eindreginn vilji til að þetta færi saman þegar Umhverfisstofnun var sett á laggirnar árið 2002. Þessu er öfugt farið víðast á Norðurlöndunum og þessar höfuðgreinar umhverfismála, náttúruvernd og mengunarmál, eru aðskildar hjá ólíkum stofnunum.

Innan nefndarinnar voru skiptar skoðanir um það hvort sameining stofnana undir hatti Umhverfisstofnunar hafi verið vel heppnuð og hvort samrekstur mengunarmála og náttúruverndar innan einnar stofnunar sé æskilegur. Þess vegna setur nefndin ekki fram sameiginlega niðurstöðu eða tillögur um hvort rétt sé að endurskoða þetta fyrirkomulag.

Í athugasemdum við frumvarpið um Umhverfisstofnun sem varð að lögum 2002 kom fram að með sameiningunni væri stigið fyrsta skrefið í endurskoðun á stofnanauppbyggingu ráðuneytisins en ástæða væri til að skoða í kjölfarið möguleika á sameiningu þeirra stofnana ráðuneytisins sem sinna vöktun, rannsóknum og ráðgjöf.

### Stjórnsýslan

En hvar skal stokka upp. Nefndin telur að stofnanafyrirkomulagið eigi að byggjast á skýrri skiptingu á milli stjórnsýsluverkefna og rannsóknastarfs.

Umhverfisstofnun er meginstjórnsýslustofnun umhverfisráðuneytisins en á sama tíma eru þrjár aðrar stofnanir sem annast slík verkefni eða Landgræðslan, Skógræktin og Vatnajökulsþjóðgarður. Fyrir þessu liggja ýmsar ástæður. Þegar Umhverfisstofnun varð til heyrðu Landgræðslan og Skógræktin undir landbúnaðarráðuneytið og færðust ekki undir umhverfisráðuneytið fyrr en fimm árum seinna. Það var svo að kröfu sveitarfélaganna að þjóðgarðurinn var stofnaður á grunni sérstakra laga.

Nærtækt er, að mati nefndarinnar, að hugleiða sameiningu allra þessara stofnana; væntanlega er þá verið að vísa til þess að þær minni renni inn í Umhverfisstofnun. Önnur rök eru fyrir slíkri sameiningu en það er umsjón og varsla lands og eftirlit með því sem fellur undir allar stofnanirnar eins og staðan er núna.

### Rannsóknastarfið

Í Hvítbókinni er sett fram sú skoðun að því fylgi ótvíræðir kostir að byggja upp öfluga, miðlæga þekkingarstofnun á sviði náttúrufræða. Núna stunda margar stofnanir slíkar rannsóknir, oft í tengslum við tiltekna auðlindanýtingu svo sem Hafrannsóknastofnun, Veiðimálastofnun og Orkustofnun. Skógræktin og Landgræðslan annast sértæk verkefni. Náttúrufræðistofnun hefur svo aftur mun víðtækara hlutverk.

Nefndin telur að móta þurfi skýra stefnu um hvaða upplýsinga og gagna ríkið tekur að sér að afla fyrir landslýð. Gera verði kröfu um að þessi vinna sé skilvirk og hagkvæm og stofnunum lagðar ríkar skyldur á herðar hvað það varðar. Því skuli rannsóknastarfsemi ríkisins skoðast í því ljósi hvort ekki sé ástæða til að sameina stofnanir eða flytja til verkefni. Það verði að gerast með skýra mynd af því hverju á að safna í gagnagrunna sem náttúruvernd næstu áratuga á að byggjast á.

Eitt blasir við að mati nefndarmanna og það er sameining Náttúrufræðistofnunar og Veiðimálastofnunar. Telur nefndin að sameiningin sé í samræmi við hugmyndir hennar um öfluga miðlæga þekkingarstofnun, sem væntanlega þýðir stærri og sterkari Náttúrufræðistofnun.

### Þjóðgarðarnir

Stjórn þjóðgarða landsins telur nefndin sjálfgefið að verði tekin til gagngerar endurskoðunar. Eins og staðan er núna er stjórn þjóðgarða landsins með mjög mismunandi móti. Vatnajökulsþjóðgarður er sjálfstæð ríkisstofnun, Snæfellsjökulsþjóðgarður er undir stjórn Umhverfisstofnunar og Þingvellir lúta stjórn sérstakrar nefndar sem heyrir undir stjórnsýslu forsætisráðuneytis. Nefndin er sammála um að þetta fyrirkomulag sé óheppilegt og telur að yfirstjórn þeirra eigi að vera á einni hendi. Í Hvítbókinni kemur þó ekki fram afstaða um hvernig heppilegast væri að útfæra þessa breytingu.

### Náttúrustofurnar

Á móti gagnrýni á heildarmynd stjórnsýslunnar er sérstaklega tekið fram að sjálfstæði lítilla stofnana geti verið af hinu góða. Náttúrustofurnar, sem eru sjö talsins vítt og breitt um landið, eru teknar sem dæmi þar um. Lagt er til að samstarf stofanna við Náttúrufræðistofnun verði útfært frekar og til greina komi að þær fái fleiri og stærri verkefni.

Nefndin telur mikilvægt að stjórnsýsla ríkisins á landsbyggðinni verði efld. Eins og fram hefur komið eru starfsstöðvar stofnana á sviði náttúruverndar margar og smáar. Með sömu rökum og nefndin telur koma til greina að sameina stofnanir mætti hugsa sér samrekstur starfsstöðva. Þetta myndi engu breyta um mikilvægi sveitarfélaganna í náttúruvernd. Kynnt er til sögunnar hugmynd um að í hverju sveitarfélagi, eða innan tiltekinna svæða, starfi náttúruverndarfulltrúi sem gæti verið skref til að efla ábyrgð sveitarfélaganna í náttúruverndarmálum.

### Umhverfisþing

Hvítbókin verður til umfjöllunar á Umhverfisþingi sem umhverfisráðuneytið efnir til í dag á Selfossi. Í framhaldinu hefst opið umsagnarferli um bókina sem lýkur 1. desember. Að því loknu hefst vinna við gerð frumvarps um breytingar á náttúruverndarlögum og er gert ráð fyrir að það komi til kasta Alþingis í vor.

**Svavar Hávarðsson**
svavar@frettabladid.is

**Langar þig að breyta um lífsstíl?**

**Nýtt námskeið fyrir 16 - 25 ára hefst 24. okt.**

**Heilsulausn 1- Hentar ungu fólki sem glímir við ofþyngd, offitu eða einkenni frá stoðkerfi**

**Heilsumat hjá hjúkrunarfræðingi, stuðningur, aðhald og fræðsla fagaðila**

**Verð fyrir 8 vikur kr. 49.800.- (24.900 kr. á mán)**

**Hægt að fara í HL 3 framhald að loknu námskeiði**

Skráning á mottaka@heilsuborg.is eða í síma 560 1010.

HEILSUBORG
*Faxafeni 14 www.heilsuborg.is*

## Nuddpúði

Verð 11.900 kr.
**Tilboð 8.900 kr.**

## Nuddsessa

Verð 17.900 kr.
**Tilboð 15.000 kr.**

## Nuddstóll

**Lítill og nettur með frábæru nuddi**
Verð 39.800 kr.
**Tilboð 29.800 kr.**

## Nuddtæki

**Ertu með vöðvabólgu?**
Margar gerðir.
Verð frá 5.900 kr.

## Blóðþrýstingsmælar

**Mælir þú þig reglulega?**
Verð frá 6.900 kr.

## Dagsbirtulampi

Verð 17.900 kr.
**Tilboð 15.000 kr.**

## Snyrtispeglar með ljósi og stækkun

Verð frá 2.400 kr.

## Hitapúðar

**Margar gerðir**
Verð frá 4.500 kr.
**10% afsláttur af öllum púðum**

## Baðvog

**Tilboð 3.900 kr.**

## Manicure penni

**Tilboð 995 kr.**

# Heilsudagar Pfaff
## föstudag og laugardag

Hvað er betra en að slappa af og láta sér líða vel? Heilsuvörurnar frá Pfaff hafa slegið rækilega í gegn og hjálpa mörgum að ná tökum á vöðvabólgu, bakverkjum, vægu skammdegisþunglyndi o.fl. Leyfðu starfsfólkinu okkar að leiðbeina þér við valið.

**Fleiri frábær tilboð í gangi.**
**Tilboðin gilda einungis þessa tvo daga!**

PFAFF

Pfaff • Grensásvegi 13 • Sími 414 0400 • www.pfaff.is • facebook.com/pfaff.is

föstudagur **Föstudags**viðtalið | Matthías Imsland, fyrrverandi forstjóri Iceland Express

**BRATTUR** Matthías veður í hugmyndum um það hvernig megi bæta íslenska ferðaþjónustu og afla þannig þjóðarbúinu meiri gjaldeyristekna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Hætti í bróðerni eftir reiptog við Pálma

Iceland Express óx of hratt á kostnað þjónustu við farþega, segir **Matthías Imsland** í viðtali við *Stíg Helgason*. Hann og eigandann hafi greint á um stefnuna. Matthías telur að tvöfalda megi fjölda ferðamanna á Íslandi.

Án þess að ég fari of djúpt í ástæður þess að ég hætti, þá er alveg ljóst að mín sýn og sýn eigandans fór ekki alltaf saman og í staðinn fyrir að vera alltaf í reiptogi varðandi stefnur og hvernig ætti að bregðast við ákveðnum atriðum þá lá þetta bara beint við og gerðist í sæmilegu bróðerni.“

Þetta segir Matthías Imsland, fyrrverandi forstjóri Iceland Express um starfslok sín hjá fyrirtækinu fyrir tæpum mánuði. Matthías hafði gegnt starfinu í fimm ár en mánuðina áður en hann hætti hafði gustað hressilega um félagið, það sætti harðri gagnrýni fyrir tíðar seinkanir og ýmiss konar önnur óþægindi sem farþegar upplifðu og sögðu frá opinberlega.

„Eftir á að hyggja má segja að við hefðum átt að vaxa hægar, nota tækifærið og fjárfesta meira í innviðunum og þjónustu,“ útskýrir Matthías.

### Þarf að fjárfesta í innviðum

Þessi öri vöxtur var einmitt það sem eftirmaður Matthíasar, Birgir Jónsson, gagnrýndi hvað helst í viðtali við Fréttablaðið þegar hann var nýtekinn við starfinu. Hann nefndi sérstaklega að honum hefði þótt of skarpt farið í flug vestur um haf. Birgir hætti tíu dögum síðar eftir deilur við Pálma Haraldsson, eiganda og stjórnarformann félagsins.

Var það sem sé að undirlagi Pálma sem umsvifin jukust svo mikið?

„Pálmi hefur vissulega mjög mikinn áhuga á þessum geira. hann er með hugmyndir og metnað til þess að stækka Iceland Express. Það sem við rákum okkur á er að það þarf að fjárfesta líka vel í innviðum til að standa undir svo mikilli stækkun,“ segir Matthías.

„Það var mjög spennandi að fara í Ameríkuflugið vegna þess hversu góður tengiflötur Ísland er á milli Bandaríkjanna og Evrópu. Það er áhugavert að byggja upp Ísland sem flughöfn á milli tveggja heimsálfa. Icelandair hefur gert það mjög vel, en þeir hafa tekið sér góðan tíma og hafa hægt og rólega byggt ofan á þann árangur sem frumherjar flugsins á Íslandi höfðu náð. Það er hins vegar mjög flókið að fara inn á þann markað, það þarf mikið af leyfum, það þarf að semja um margt lagalega og tengingar þurfa að vera í lagi. Það var þess vegna mjög krefjandi verkefni að hefja þetta flug.“

> Oftast var gagnrýnin sanngjörn. Það er eðlilegt að fólk gagnrýni ef það fær ekki þá vöru sem það hefur keypt.

### Sanngjörn gagnrýni

Matthías fór síst varhluta af gagnrýninni sem beindist að félaginu í vor og sumar. Hann segir starfsfólk félagsins hafa tekið gagnrýnina inn á sig og sumarið hafi verið því erfitt.

En fannst Matthíasi gagnrýnin sanngjörn? „Já, oftast var gagnrýnin sanngjörn. Það er eðlilegt að fólk gagnrýni ef það fær ekki þá vöru sem það hefur keypt. Starfsfólk Iceland Express er hins vegar gríðarlega öflugt og gott fólk sem hefur reynt að standa sig og það er ekki því að kenna að hlutirnir hafi þróast í þessa átt,“ segir hann.

Var það þá Pálma að kenna? „Það er óþarfi að tala um hverjum þetta hafi verið að kenna. Hins vegar er ljóst að vandræðin stöfuðu mikið til af því að vélar komu seint frá Bandaríkjunum og fóru þar af leiðandi seint út til Evrópu og við náðum aldrei að vinna nógu vel úr þessu. Eftir á að hyggja hefði verið skynsamlegt að fjárfesta meira í þjónustu og fara aðeins hægar í stækkunina. Ég gengst við minni ábyrgð og hef reynt að skoða hvaða ákvarðanir það voru sem voru rangar. Stundum er samt ekki nóg að taka réttar ákvarðanir. Við sjáum að mjög mörg flugfélög hafa lent í vandræðum á undanförnum árum, hvort sem það eru

Delta og American Airlines, SAS, Air France eða British Airways," segir Matthías og hrósar Icelandair sérstaklega fyrir það hvernig fyrirtækið hefur staðið sig á þessum harða markaði.

**Það sprakk ekkert**

Matthías segir þó að aldrei hafi slegið í brýnu á milli hans og Pálma.

„Pálmi á náttúrulega þetta félag og er stjórnarformaður þess. Það er eðlilegt að hann hafi sterkar skoðanir á því sem fram fer í rekstri þess. Ég vil ekki segja að það hafi slest neitt upp á okkar samskipti. Það er kannski fyrst og fremst að áherslurnar hafi verið ólíkar og hafi þróast í ólíkar áttir."

Ekkert eitt atriði hafi gert útslagið í þeirra samskiptum. „Það sprakk ekkert," segir hann.

Aðspurður hvort hann hafi verið hissa á því að eftirmaður hans hafi sagt upp starfinu einungis tíu dögum eftir að hann tók við því segir Matthías:. „Ég kannast aðeins við Birgi. Hann er drengur góður. Hann hefur komið þarna inn með ákveðnar hugmyndir og sýn sem hann hefur ætlað að framfylgja en fljótlega áttað sig á því að þær hugmyndir fóru ekki saman við hugmyndafræði eigandans og stjórnarinnar og nutu ekki stuðnings. Það er bara eins og það er."

**Framtíð Express getur verið björt**

Nýjasti forstjóri Iceland Express er náinn samstarfsmaður Pálma til margra ára, Skarphéðinn Berg Steinarsson. Í ljósi þess að Matthías og Pálmi voru ekki að öllu leysi sammála um hvert félagið skyldi stefna, er hann þá bjartsýnn á framtíð þess?

„Ég held að framtíð Iceland Express geti alveg verið björt," segir hann. „Sérstaklega ef menn halda rétt á spilunum." Iceland Express veiti Icelandair mikilvæga samkeppni, einkum yfir vetrartímann þegar fáir aðrir fljúga til Íslands. Og hann telur þrátt fyrir allt að Iceland Express geti veitt þá samkeppni, enda sé þar starfandi margt gott fólk.

**Spennandi ferðaiðnaður**

Matthías situr nú auðum höndum í fyrsta sinn í fimm ár. Hvað tekur við hjá honum? „Ég er með nokkur járn í eldinum og þetta verður bara að koma í ljós. Ég er að minnsta kosti ekki tilbúinn til að gefa neitt út um það eins og er," segir hann.

Hann segir ferðaiðnaðinn vaxandi og spurður hvort hann hafi áhuga á að starfa þar áfram kveðst hann ekki vilja útiloka það. „Ég sé mörg tækifæri þar og það væri mjög spennandi," segir hann.

„Núna er til dæmis verið að fara af stað með mjög áhugavert átak sem gengur út á að reyna að fá ferðamenn hingað í lengri tíma yfir árið og yfir veturinn líka, enda hefur ferðamennskan þróast þannig að langstærstur hluti ferðamanna kemur yfir sumarmánuðina þrjá og einnig í september," segir Matthías, og hann hefur ákveðnar hugmyndir um hvað þyrfti til að dreifa ferðamönnunum meira um landið.

„Ég lít á það sem framtíðarverkefni, ekki bara að dreifa ferðamönnum meira yfir árið heldur líka að bæta innviðina – ekki síst samgöngukerfið – til að auðvelda ferðafólki að njóta alls landsins." Mikil tækifæri felist í því byggja upp ferðamannaiðnaðinn á landsbyggðinni, sérstaklega þegar litið sé til minni fyrirtækja í ferðaiðnaði.

„Sprotafyrirtæki í ferðaþjónustu víða um land held ég að gætu skilað okkur miklu. Þar skiptir miklu máli að fólk horfi út fyrir kassann, geri eitthvað nýtt og spennandi fyrir ferðamennina en skoði jafnframt hvað hefur tekist vel annars staðar," Hann fagnar einnig áhuga erlendra aðila á að reka ferðaþjónustu á Íslandi. „Það verður til dæmis skemmtilegt að sjá hvað verður úr þessu ævintýri á Grímsstöðum. Þar sjá menn tækifæri sem við höfum ekki séð sjálf," segir hann.

Hann kallar eftir auknum stuðningi ríkisvaldsins við sprotafyrirtæki. „Þeir peningar myndu skila sér margfalt til baka til samfélagsins, jafnvel þótt ekki nema lítill hluti sprotanna nái að dafna."

> Ég sé fyrir mér að ef þetta gengur allt eftir þá væri hægt að fjölga ferðamönnum úr sex hundrum þúsundum á ári í milljón á örfáum árum.

**Ferðamenn í milljón á örfáum árum**

Matthías telur að til þess að hægt sé að laða ferðamenn til landsins allan ársins hring séu samgöngubætur lykilatriði. „Það væri gott fyrir ríkisvaldið að fjárfesta meira í ferðaþjónustunni og sérstaklega í innviðunum," segir Matthías. „Verkefni sem eru á teikniborðinu og myndu skila þessum áhrifum eru til dæmis Suðurstrandavegur, betri vegatengingar á Snæfellsnesi og tvöföldun Hvalfjarðarganga."

Hann bendir einnig á að Keflavíkurflugvöllur sé sprunginn á ákveðnum, afmörkuðum tímum. „Álagstímarnir eru á milli sjö og níu á morgnana og svo frá þrjú til sex á daginn. Eitt af því sem ég sæi fyrir mér til að laða að ný flugfélög væri að bjóða upp á mikla afslætti af lendingargjöldum og sköttum ef þú færir á tímum utan háannatíma. Þannig væri hægt að nýta flugvallarmannvirkin miklu betur og það gæti leitt til þess að fleira fólk kæmi til landsins," segir Matthías.

„Ég sé fyrir mér að ef þetta gengur allt eftir þá væri hægt að fjölga ferðamönnum úr sex hundruð þúsundum á ári í milljón á örfáum árum. Til þess þyrftu aðilar í þessum geira hins vegar að vinna enn nánar saman."

JÓLIN ERU KOMIN HJÁ OKKUR!
RÚMFATALAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is


## Láglendisveg strax!

*Vestfjörðum 14. október 2011.*

**Háttvirtu þingmenn.**

**Vegamál á sunnanverðum Vestfjörðum eru í ólestri og hafa verið árum saman.** Áralöng bið eftir láglendisvegi um Barðastrandasýslu er í uppnámi. Ef heldur fram sem horfir blasir við áframhaldandi akstur um erfiða, oft illfæra og hættulega fjallvegi næstu áratugi. Þetta er óásættanlegt.

**Höfum í huga að:**

- Eitt helsta lögmál nútíma vegagerðar er að leggja af bratta og erfiða fjallvegi með lagningu öruggra láglendisvega.
- Greiðfær og öruggur láglendisvegur um Barðastrandasýslu er nauðsynlegur til að stuðla að áframhaldandi byggð og framþróun í samfélags- og atvinnumálum á sunnanverðum Vestfjörðum.
- Á síðustu árum og áratugum hefur mun minna fjármagni verið varið til vegagerðar á Vestfjörðum en í öðrum landshlutum. Það er staðreynd.
- Nú er svo komið að byggð á sunnanverðum Vestfjörðum er í hættu vegna lélegra og erfiðra samgangna og öryggi vegfarenda er stefnt í voða.
- Láglendisvegur um Gufudalssveit sem leggur af erfiða fjallvegi um Hjallaháls og Ódrjúgsháls hefur verið á áætlun Vegagerðarinnar í sjö ár. Vegna deilna um vegstæði er þessi sjálfsagða vegabót nú í uppnámi.
- Samkvæmt tillögum innanríkisráðherra á að endurbyggja erfiða hálendisvegi um Hjallaháls og Ódrjúgsháls. Tillagan felur í sér sóun á almannafé.
- Tillaga ráðherra felur ekki í sér ásættanlegar vegabætur. Vegstæðið verður áfram í sömu hæð og nú. Áfram verður ekið eftir hlykkjóttum og bröttum fjallvegum yfir erfiða hálsa.
- Fyrningatími þjóðvega er að lágmarki 25 ár. Því er ljóst að tillögur ráðherra koma í veg fyrir láglendisveg á þessu svæði næstu áratugi. Þetta er algerlega óásættanlegt.
- Erfiðir og illfærir fjallvegir auka viðhaldskostnað farartækja og eldsneytisnotkun og viðhalda háum flutningskostnaði til og frá sunnanverðum Vestfjörðum.
- Láglendisvegur er eina lausnin í samgöngumálum svæðisins og hefja þarf vinnu við hann sem allra fyrst, ef byggð á ekki að leggjast af á sunnanverðum Vestfjörðum. Þetta mál þolir ekki bið.

**Við treystum á stuðning þingmanna úr öllum kjördæmum í þessu mikilvæga byggða- og samfélagsmáli.**

**Finna þarf nýja láglendisleið sem sátt er um.**

**Ásthildur Sturludóttir**
bæjarstjóri Vesturbyggðar

**Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir**
oddviti Tálknafjarðarhrepps

**Andrea Björnsdóttir**
oddviti Reykhólahrepps

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Opnum klukkan tíu Opnum kluk

**COW&GATE BARNAMATUR**
GRÆNMETISMAUK 6 GLÖS X 125G

**MYLLU HEIMILISBRAUÐ**

**HYDROXYCUT**
KOMIÐ Í BÓNUS
120 STK. Í DÓSINNI

ÍSLANDS LAMB

SÉRSKORIÐ BÓNUS LAMBALÆRI ÞAR SEM EFSTI HLUTI MJAÐMABEINS OG RÓFUBEINIÐ ER SKORIÐ FRÁ OG ÞVÍ ER MEIRA KJÖTOG MINNA BEIN Á LÆRINU!

**SÉRSKORIÐ FERSKT LAMBALÆRI**

SS

Grill læri er frábær nýjung frá SS. Klofið læri án leggs sem er aðeins 40 mínútur í eldun. Jöfn þykktin skilar ljúffengri og jafn eldaðri steik

**JURTAKRYDDAÐ GRILL LAMBALÆRI**

**FERSKUR ÚRB. GRÍSAHNAKKI**

**FERSKUR GRÍSABÓGUR**

**LÍFRÆNT-HIMNESKUR**
**ENGIFER DRYKKUR**
ÞESSI FRÁBÆRI DRYKKUR KOMINN AFTUR

**FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR**

**FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR**

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# kan tíu Opnum klukkan tíu

HOLLENSKUR LAUKUR Í LAUSU
**69 KR.KG.**

BLAÐLAUKUR
**159 KR.KG.**

AMERÍSKUR VORLAUKUR 80g
**159 KR.**

HVÍTLAUKUR 250g
**198 KR.**

HOLLENSKUR RAUÐLAUKUR Í LAUSU
**98 KR.KG.**

PAKKAÐUR LAUKUR 500g
**198 KR.**

HOLLENSKUR BUFF LAUKUR
**98 KR.KG.**

KÍNVERSKUR HEILL HVÍTLAUKUR 250G
**298 KR.**

HOLLENSKUR RAUÐLAUKUR 500g
**198 KR.**

295
KR. 1 KG

**ÍSLENSKIR TÓMATAR 1 KG.**

359
KR. 1/2 KG.

LÍFRÆNAR AKURSELS
**GULRÆTUR 500 GRÖMM**

145
KR. KG

NÝJAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR Í LAUSU
**GULLAUGA OG RAUÐAR**

198
KR. STK

SÖLUFÉLAG GARÐYRKJUMANNA
**GRAND SALAT**

## NÝTT FERSKT ÍSLENSKT GRÆNMETI

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Evrópusambandið ætlar að endurskoða landbúnaðarstefnuna.

# Betra ESB fyrir íslenzka bændur?

Fyrirhugaðar breytingar á landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins, sem sagt var frá í fyrradag, hljóta að fá rækilega skoðun hér á landi; hjá þeim sem taka þátt í aðildarviðræðum við Evrópusambandið, hagsmunasamtökum bænda og neytenda og umhverfissamtökum.

Sem stendur er engin sátt um tillögurnar í ESB og þær eru gagnrýndar úr öllum áttum, enda gríðarlegir hagsmunir í húfi og landbúnaðarstefnan umdeild eins og sums staðar annars staðar. Megindrættirnir í umbótatillögunum eru að gera landbúnaðarstefnuna umhverfisvænni og skilvirkari, draga úr markaðstruflandi stuðningi við landbúnaðinn og jafna út landbúnaðarstyrkjum milli gömlu aðildarríkjanna og þeirra nýrri í Austur-Evrópu.

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Fyrir Íslendinga vekur athygli að framkvæmdastjórn ESB leggur til að stjórnvöldum í einstökum aðildarríkjum verði heimilað að styrkja bændur á harðbýlum svæðum sérstaklega. Í tillögunum er sömuleiðis gert ráð fyrir að stuðningur við unga bændur, sem eru að byrja búskap, verði aukinn. Setja á þak á stuðning við stór verksmiðjubú en leggja meiri áherzlu á að styðja sjálfbæran fjölskyldubúskap. Að þessu leyti gæti landbúnaðarstefna ESB verið að þróast með hagstæðum hætti fyrir íslenzka hagsmuni, rétt eins og sjávarútvegsstefnan.

Að öðru leyti þýða tillögurnar að landbúnaðarstefna ESB færist enn lengra frá þeirri stefnu, sem nú er rekin hér á landi. Stuðningur verður færður úr framleiðslutengdum styrkjum og mun í meira mæli en áður miðast við búsetu, að bændur gangi vel um landið, auki líffræðilega fjölbreytni þess, gefi dýralífi svigrúm og plægi ekki upp beitiland.

Þessar áherzlur eru ólíkar þeim sem nú ríkja í íslenzkri landbúnaðarstefnu, þar sem framleiðslutengdur stuðningur er ríkjandi. En spyrja má hvort það væri slæmt að stuðningur við íslenzkan landbúnað færðist í það horf sem ESB áformar.

Í því sambandi þarf meðal annars að hafa í huga að tillögur framkvæmdastjórnar ESB eru öðrum þræði viðbrögð við tillögum, sem árum saman hafa verið til umræðu á vettvangi Heimsviðskiptastofnunarinnar (WTO) og gera ráð fyrir að opinber stuðningur við landbúnað minnki og dregið verði stórlega úr markaðstruflandi framleiðslustyrkjum.

Íslenzkir bændur þurfa að velta fyrir sér hver staða þeirra verður, náist samkomulag um nýtt regluverk í WTO. Verða þeir þá óviðbúnir, staddir á berangri úreltrar landbúnaðarstefnu, eða verður íslenzkur landbúnaður orðinn hluti af stærri heild, þar sem menn hafa hugsað til framtíðar og lagað landbúnaðarkerfið að nýju viðskiptaumhverfi?

Það er að minnsta kosti ástæða til þess að bændur og aðrir hagsmunaaðilar skoði vel hverju endurskoðun landbúnaðarstefnu ESB kann að breyta um það hversu hagstæð ESB-aðild gæti orðið íslenzkum landbúnaði. Og kannski ætti ekki að útiloka fyrirfram að útkoman gæti orðið áhugaverð.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

## Krossgáta í helgarblaðinu



Ekki missa af krossgátunum sem birtast vikulega í helgarblaðinu. Þær eru efnismiklar, fjölbreyttar og skemmtilegar áskoranir fyrir unnendur góðra orðaþrauta.

Í verðlaun verður vegleg gjafakarfa að verðmæti 5.000 kr. frá Te og Kaffi.

Allt sem þú þarft

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Auðmýktarbrýningin

Svandís Svavarsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, var gestur á opnum fundi þingnefndar í gær. Hún var nýkomin frá Frankfurt og upprifin vegna glæsileika Íslendinga þar og vildi helst „fylla vélar af Íslendingum út“ svo þeir sjái hve menning vor rís hátt í landi þýðverskra. Þráinn Bertelsson tók undir að þar væri margt gott gert, en minnti þó á að sannri list fylgir auðmýkt. Íslendingar hefðu gjarnan tilhneigingu til að sigra heiminn, en ættu að fara varlega í heimssigrana. Orð í tíma töluð.

### Laun bankamanna

Tólf þingmenn úr öllum flokkum hafa á ný lagt fram beiðni um skýrslu um mánaðarlegar launagreiðslur til bankastjóra, skilanefndarmanna og bankaráðsmanna í landinu og hvernig þær hafi þróast frá árinu 2005. Það verður áhugavert að fylgjast með hvort launahækkanir þar á bæ fylgi hefðbundnum 3,5 prósenta hækkunum almennra launamanna.

### Smekkvísi dómaranna

Héraðsdómur hefur nú dæmt blaðamann til að greiða 1,5 milljónir króna þar sem hann rifjaði upp dóm sem kona sem hann fjallaði um hafði eitt sinn hlotið. Rök dómarans voru þau að ósmekklegt væri að vísa í gömul dómsmál og þau ættu ekkert erindi við almenning. Fyrir nú utan vitleysuna að dómarar ákveði smekklegheit og hvað eigi erindi við almenning, er athyglisvert að dómari, sem vinnur við að dæma fólk, dæmi fréttamann fyrir að segja frá því að einhver hafi verið dæmdur af því það svertir mannorð viðkomandi.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR

# Eldfjall

Samfélagsmál

Árni Svanur Daníelsson
prestur

Kristín Þórunn Tómasdóttir
prestur

Manneskjan á krossgötum. Manneskjan andspænis því góða og slæma í eigin lífi. Manneskjan frammi fyrir dauðanum. Manneskjan sem þarf að standa vörð um eigin virðingu og annarra.

Kvikmyndir miðla glímunni við lífið. Áhorfandinn speglar sig í sögunum á hvíta tjaldinu og þær verða vettvangur fyrir eigin vangaveltur um lífsreynsluna. Góð kvikmynd býður til þannig samtals, án þess að dæma eða þvinga.

Góð kvikmynd hvílir á sterkri sögu, trúverðugum leik og góðu handverki. Þetta þrennt kemur saman í kvikmyndinni Eldfjalli undir styrkri stjórn Rúnars Rúnarssonar. Hún fjallar um efni sem er honum hugleikið, eins og sjá má í fyrri verkum Rúnars – hvernig manneskjan bregst við breytingum sem aldurinn færir óhjákvæmilega með sér.

Aðstæður aldraðra, umönnun sjúkra og staða manneskjunnar þegar heilsan bregst er áleitið efni í samtímanum og snerta marga á Íslandi í dag. Aðalpersóna Eldfjalls stendur í þessum sporum og er knúin til að ganga í sig og axla ábyrgð. Hann þarf að horfast í augu við lífshlaupið sitt, það sem gekk vel og hitt sem fór aflaga.

> Aðstæður aldraðra, umönnun sjúkra og staða manneskjunnar þegar heilsan bregst er áleitið efni í samtímanum og snerta marga á Íslandi í dag.

Eldfjall fékk kvikmyndaverðlaun kirkjunnar á nýafstaðinni Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík, RIFF. Þjóðkirkjan hefur í sex ár verðlaunað myndir á RIFF í flokki nýrra leikstjóra, sem eru ekki bara vel gerðar kvikmyndir heldur eiga sérstakt erindi í glímuna við trúar- og tilvistarspurningar samtímans.

Eldfjall sýnir ástina á sterkan og ágengan hátt. Hún miðlar fegurð og styrkleika í aðstæðum sem eru kreppandi og vonlausar. Hún minnir á mikilvægi nærverunnar í nekt og bjargarleysi manneskjunnar.

Eldfjall knýr til umhugsunar og samtals um mikilvæg mál. Eldfjall á erindi við okkur vegna þess að hún er listaverk sem miðlar von og mannvirðingu.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Máttlitlir siðferðisvitar

Í DAG

Pawel Bartoszek
stærðfræðingur

Það hver verði biskup eftir ár er ekki mjög áhugaverð spurning. Það er heldur ekki það sem kirkjan ætti að hafa áhyggjur af eða við ættum að vera að spyrja okkur. Þess í stað ættum við að velta því fyrir okkur hvort þjóðkirkjan, eða önnur trúfélög, séu öfl sem mark er á takandi þegar kemur að því að vísa veginn í siðferðismálum. Trúleysingjanum finnst það ekki, en hver verður að fá að svara þessu fyrir sig.

Trúarbrögð heimsins deila flest nokkrum sameiginlegum einkennum. Flest þeirra gefa til dæmis rangar skýringar á upphafi heimsins og tilurð mannsins. Vísindunum hefur tekist að gefa mun líklegri skýringar á hvoru tveggja þótt öfgamenn í mörgum löndum reyni gjarnan að halda hinum röngu skýringum til streitu og fá þær jafnvel kenndar í skólum. Sem betur fer eru slík afskipti trúarleiðtoga þó fremur fátíð hérlendis.

En þegar kemur að siðferðismálum hafa kristnar kirkjur þó að einhverju leyti haldið velli sem afl sem hlustað er á. Ekki er víst að sú staða sé verðskulduð. Framfarir í siðferðismálum verða sjaldan fyrir tilstuðlan trúfélaga. Þvert á móti virðist að ekki sé hægt að finna þá bábilju sem eitthvert afturhald með söfnuð sér að baki geti ekki léð máls á. Hatursburður forstöðumanna sumra trúarsöfnuða í garð samkynhneigðra er bara eitt dæmi.

Jafnvel þjóðkirkjan íslenska, sem samanborið við marga aðra söfnuði er vissulega fremur frjálslynd, eltir miklu fremur samfélagslegar breytingar en að leiða þær. Ekki er lengra en fjögur ár frá því að Kirkjuþing lagði áherslu á að „frelsi presta væri virt“ þegar kæmi að hjónavígslum fólks af sama kyni. Fallist var á þetta í nýjum hjúskaparlögum.

Nokkrar spurningar vakna: Er það eðlilegt að þeir sem framkvæma opinberar athafnir hafi slíkt sjálfsvald? Lýsa óskir um slíkt nútímalegri siðferðiskennd? Hvað þætti okkur um að íþróttafélag sem fengi opinbera styrki færi sérstaklega fram á að geta valið í liðið á forsendum kynþáttar eða ætternis? Hugsum okkur svo einkarekinn grunnskóla þar sem skólastjórinn reynist vera kynferðisafbrotamaður. Jafnvel ef stjórn skólans gerði allt rétt ætti hún að hafa miklar áhyggjur af framtíð skólans. En hvað ef stjórnin hefði hunsað ábendingar um kynferðisbrotin? Hvaða framtíð ætti slíkur skóli fyrir sér?

Trúarsöfnuðir virðast auðvitað fylgja einhverjum öðrum lögmálum en önnur félög. Er það til dæmis ekki magnað að fórnarlömb ofbeldis starfsmanna trúfélaga leiti hvað eftir annað til trúfélaganna sjálfra til að fá úrlausn mála sinna? Það hafa þau gert hérlendis, sömu sögu er að segja frá öðrum löndum. Reynslan ætti að kenna fólki að leita annað. Það hafa verið blaðamenn, sálfræðingar, lögfræðingar og læknar, sem sagt „veraldlegir menn“, sem gjarnan hafa ýtt málum fórnarlambanna áfram. Ekki prestar eða biskupar. Enda ætti ekki að koma fram við trúfélög sem sérstök ríki í ríkinu. Ef ráðist er á konu á skemmtistað, þá er eðlilegast að leita til lögreglu, en ekki leita til skemmtistaðarins og bíða eftir að nefnd á hans vegum skili af sér skýrslu.

> Framfarir í siðferðismálum verða sjaldan fyrir tilstuðlan trúfélaga. Þvert á móti virðist að ekki sé hægt að finna þá bábilju sem eitthvert afturhald með söfnuð sér að baki geti ekki léð máls á.

Nú er ekki þar með sagt að í kirkjum landsins starfi eintómir siðleysingjar. En það má spyrja sig hvort siðferðislegur árangur kirkjunnar seinustu áratugi gefi mikla ástæðu til að til hennar sé litið sem góðrar fyrirmyndar á því sviði. Um það má efast.

Trúfélög stæra sig gjarnan af því að þau fylli ákveðið skarð í lífi fólks. Þau gefi svör um tilgang lífsins, varði áfanga á lífsleið þess og leitist við að svara spurningum um rétt og rangt. Önnur hugmyndakerfi geta auðvitað hæglega fyllt þau meintu skörð sem hér eru nefnd. Tilgang lífsins má finna án loforðs um himnaríki. Fagna má nýfæddu án vísunar í yfirnáttúrleg öfl. Loks má svara siðferðislegum spurningum ansi vel án þess að þurfa að grípa til hugtaka á borð við „Guð“, „synd“ og „helvíti“. Og þau svör verða sjaldnast síðri.

# Opið bréf til fjármálaráðherra

Heilbrigðismál

Tryggvi Gíslason
fyrrverandi skólameistari MA

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra.

Sem fyrrum skólameistari þinn skora ég á þig að hætta við að leggja niður líknardeildina við Landakotsspítala. Sparnaður upp á 50 milljónir íslenskra króna réttlætir það ekki. Síðustu stundir okkar í þessu jarðlífi eru mörgum þungbærar. Mikilsvert er að létta fólki þessar stundir.

Allir hugsandi menn skilja hins vegar nauðsyn þess að draga úr útgjöldum hins opinbera. Það verður að gera með umhugsun og fyrirhyggju og má ekki rasa um ráð fram. Draga má úr útgjöldum án þess að skera niður – með því að endurskipuleggja og breyta.

Með því að endurskipuleggja utanríkisþjónustuna má til að mynda spara milljarða, með því að endurskipuleggja skólakerfi landsins má spara milljarðatugi og með því að endurskipuleggja og einfalda sveitarfélög má spara enn milljarða á milljarða ofan – svo dæmi séu tekin. En ekki líknardeild Landakots fyrir 50 skitnar milljónir. Flýttu þér hægt, Steingrímur – flas er ekki til fagnaðar.

Ódýru vetrardekkin eru komin í BYKO!

BYKO

Með hverjum dekkjaumgangi fylgir ávísun að verðmæti 4.000 kr. á dekkjaskipti hjá Max-1.

Það margborgar sig að kaupa dekkin í BYKO!

Vnr. 49980470
175/65R14 MLIS-W 11.590

Vnr. 49980476
185/70R14 MLIS-W 11.590

Vnr. 49980485
185/65R14GENERAL 11.990

Vnr. 49980488
195/65R15 JINYU 13.490

Vnr. 49980479
205/55R16 MLIS-W 15.990

Vnr. 49980496
215/65R16ME WINT 18.990

# Mannréttindi sjúklinga eða byggðapot?

Heilbrigðismál

Auður Styrkársdóttir
aðstandandi

Svanur Kristjánsson
aðstandandi

Velunnurum geðsjúkra var mjög brugðið að heyra þingmenn og sveitarstjórnarmenn ræða lokun réttargeðdeildarinnar að Sogni út frá byggðasjónarmiðum og atvinnumálum í héraði. Starfsemin virtist engu máli skipta, hvað þá þeir einstaklingar sem þar dvelja. Það hefur hins vegar lengi legið fyrir að húsnæðið hentar engan veginn starfseminni.

Erfiðlega hefur gengið að fá sérmenntað fólk til starfa og ýmiskonar vandræði hafa stafað af því að hafa þetta sjúkrahús fjarri mannabyggðum og skjótum og góðum aðgangi að læknum og öðru heilbrigðisstarfsfólki. Því það er það sem Sogn er fyrst og síðast: sjúkrahús. Þarna dvelja sjúkar manneskjur. Þær eiga rétt á þeirri bestu heilbrigðisþjónustu sem þetta land getur látið í té, eins og aðrir Íslendingar.

Við vitum ekki hvaða kynni viðkomandi þingmenn eða sveitarstjórnarmenn hafa af geðsjúkum eða geðsjúkdómum. Framgangan og yfirlýsingarnar lýsa hinsvegar svo himinhrópandi skilningsleysi á málinu að við getum ekki annað en vonað að vanþekking ráði för.

Margir aðilar, þ.á.m. félagið Geðhjálp sem við tilheyrum, hafa talað fyrir því um árabil að leggja réttargeðdeildina niður á Sogni og færa hana til þess staðar þar sem hún á heima: samneyti við besta fagfólk landsins á þessu sviði alltaf, á öllum tímum. Nú er það loksins að verða veruleika. Við förum fram á stuðning allra landsmanna við þetta mannréttindamál. Við hljótum einnig að krefjast þess af þingmönnum að þeir gangi fram fyrir skjöldu fyrir geðsjúka með hagsmuni þeirra að leiðarljósi og finni einhver ráð til að lægja öldur heima fyrir frekar en að æsa þær upp.

Málþing í þágu friðar

haldið í Hörpu

laugardaginn 15. október 2011

**Í tilefni 25 ára afmælis leiðtogafundarins í Reykjavík**

**Dagskrá:**

| | |
|---|---|
| 13:00 | Eva Einarsdóttir, borgarfulltrúi og málþingsstjórnandi, opnar þingið |
| 13:10 | Jón Gnarr borgarstjóri: *Fundur & friður* |
| 13:20 | Mynd Blixa-nefndarinnar: *Weapons of Terror* |
| 13:40 | Frú Vigdís Finnbogadóttir: *Dagarnir örlagaríku* |
| 13:50 | Myndbrot úr heimildamyndinni *In My Lifetime,* eftir Bob Frye, um leiðtogafundinn í Reykjavík 1986 |
| 14:05 | Dr. Rebecca Johnson: *Then and Now: from the INF Treaty to Nuclear Abolition* |
| 15:00 | Kaffi |
| 15:30-17:00 | Pallborðsumræður |

**Allir velkomnir.**

# Kirkjur og kynferðisbrot

Kynferðisofbeldi

Anna Sigríður Pálsdóttir
Arnfríður Guðmundsdóttir
Baldur Kristjánsson
Hjalti Hugason
Pétur Pétursson
Sigrún Óskarsdóttir
Sólveig Anna Bóasdóttir
Sigurður Árni Þórðarson
sjö guðfræðingar

Liðið sumar markar þáttaskil í umræðu um kynferðisbrot í kirkjulegu umhverfi hér á landi. Rannsóknarnefnd sem kirkjuþing skipaði til að kanna viðbrögð og starfshætti vegna ásakana á hendur Ólafi Skúlasyni skilaði skýrslu í sumarbyrjun. Vinnu á grundvelli hennar var hleypt af stað á aukakirkjuþingi í kjölfarið og mun fram haldið í haust. Í sama mund komu fram upplýsingar um brot í kaþólsku kirkjunni hér sem nú hefur stofnað sína rannsóknarnefnd.

Mikilvægt er að umræðan um kynferðisbrot og kirkjur verði opin og að hún varpi ljósi á þau félagslegu samskipti sem ríkja á þeim vettvangi og valda því að slík brot fá þrifist í umhverfi sem ætti að vera öllum öruggur griðastaður.

### Freistingarnar sex

Kirkjur og trúfélög eru vettvangur náinna samskipta. Þar myndast oft persónuleg trúnaðartengsl og þar getur fólk verið mjög berskjaldað. Gerendur í kynferðisbrotum sem framin eru á kirkjulegum vettvangi eru oftar en ekki leiðtogar. Þolendur eru oft nýliðar, konur, börn, unglingar sem standa höllum fæti. Sú staða getur því komið upp að kirkja standi frammi fyrir vali: Með hvorum aðilanum á að standa? Hvor er trúverðugri? Oft falla söfnuðir í einhverja af þeim sex freistingum sem guðfræðingarnir Marie Fortune og James Poling hafa bent á en bæði hafa starfað að forvörnum kynferðisofbeldis um áratugaskeið:

Að neita að trúa þolandanum. — Gerandinn er oft virtur í söfnuðinum jafnvel prestur og einn af boðendum „sannleikans“.

Að verja ímynd kirkjunnar. — Ósk um að viðhalda óflekkaðri mynd af kirkjunni fær besta fólk til að þagga niður raddir um ofbeldi af hálfu leiðtoga sinna.

Að ásaka þolandann sem hugsanlega er óþekktur í hópi þeirra sem völdin hafa.

Að vorkenna meintum geranda. — Kastljósinu er beint að því hve sárt það sé að verða fyrir ásökunum.

Að koma í veg fyrir að gerandinn þurfi að gjalda fyrir gerðir sínar. — Málinu er haldið leyndu í stað þess að kæra það til opinberra aðila.

Að bjóða upp á ódýra fyrirgefningu. — Ef viðurkennt er að leiðtogi hafi brotið af sér er strax boðið upp á fyrirgefningu og að málinu sé gleymt.

Það er umhugsunarefni hvort íslenska þjóðkirkjan hafi fallið í þessar freistingar fyrir hálfum öðrum áratug og hvort hún hafi öðlast þann styrk að hún varist þær nú.

### Að læra af reynslu

Þegar kirkja eða trúfélag hefur farið í gegnum þá sáru reynslu að viðurkenna að leiðtogi í hennar röðum hefur misbeitt stöðu sinni er mikilvægt að hún opni fyrir víðtæka umræðu um það sem gerst hefur og dragi lærdóma af því, ekki síst um þau tengsl og valdahlutföll sem tíðkast innan hennar. Í því sambandi reynast skrif Marie Fortune einnig gefandi. Hún bendir á:

Að oftast séu konur og börn fórnarlömb en karlar misnoti stöðu sína gagnvart þeim í krafti trúarhugmynda sem ýti undir yfirburði karla. Þögn um kynferðislegt ofbeldi gegn konum og börnum er því rökrétt afleiðing af viðhorfi sem upphefur hið sterka og lítur niður á hið veika.

Að þögn um kynferðisbrot sé viðhaldið með því að kynlífi og ofbeldi sé ruglað saman en kynlíf er sjaldan rætt á vettvangi trúfélaga. Kynferðisbrot snúast aftur á móti ekki um kynlíf heldur ofbeldi.

Að guðfræðin hafi brugðist með því að benda ekki á hið augljósa: Að kynferðisofbeldi sé synd. Sé það viðurkennt er umræða um kynferðisbrot sett í nýjan farveg. Í stað þess að beita þöggun er leitað réttlætis fyrir þolendur og gerendur krafðir um iðrun, yfirbót og ábyrgð.

### Ofbeldi er synd

Framlag guðfræðinnar felst einkum í því að innleiða klassísk, guðfræðileg hugtök í orðræðuna um þetta mikla vandamál samtíðarinnar. Þar er ekki síst um hugtakið synd að ræða. Marie Fortune bendir á þrjú merkingarsvið þess í tengslum við kynferðisofbeldi. Eitt varðar manneskjuna sem persónu, annað tengsl hennar við aðra en hið þriðja á við hið samfélagslega svið:

Kynferðislegt ofbeldi er synd vegna þess að það brýtur gegn persónulegum mörkum og frelsi manneskju til að ráða yfir eigin líkama og gjörðum. Gerandinn óvirðir þolandann með því að meðhöndla hann ekki sem persónu með frjálsan vilja.

Kynferðisofbeldi er í öðru lagi synd þar sem það feli í sér svik. Það traust sem áður ríkti milli persóna er að engu gert.

Þá er kynferðisofbeldi synd í þeirri merkingu að það þrífst best þar sem valdsboð kynja- og kynþáttahyggju eru ríkjandi. Í samfélögum þar sem slík viðhorf eru viðurkennd eru konur og börn ekki óhult.

> Það rán sem felst í kynferðisofbeldi þarf þó ekki að vera endanlegt eða óafturkræft. Það er mögulegt að skila ránsfengnum og afhenda hann eiganda sínum að nýju.

### Rof og rán

Marie Fortune bendir á að hugtakið synd feli í sér bæði rof og rán þegar það er notað um kynferðisofbeldi. Það sem er rofið er fyrst og fremst sjálfsvirðing þolandans en um leið traust manna í millum. Slíkt hefur áhrif á allt samfélagið. Í þessu felst að þolendur kynferðislegs ofbeldis eru rændir trausti sem er nauðsynleg undirstaða mannlegrar tilveru sem og siðferðilegu valdi yfir eigin lífi og velferð.

Það rán sem felst í kynferðisofbeldi þarf þó ekki að vera endanlegt eða óafturkræft. Það er mögulegt að skila ránsfengnum og afhenda hann eiganda sínum að nýju. Það ber gerendum kynferðisofbeldis að gera. Þeim ber að iðrast, biðjast fyrirgefningar og leitast við að bæta skaðann. Það er einnig það sem allt samfélagið þarf að taka höndum saman um. Þau sem hafa verið rænd því sem er forsenda sjálfræðis og siðferðis eiga rétt á miskabótum – táknrænum eða efnislegum. Samfélagið þarf að stuðla að því að þeir geti að nýju tekið virkan þátt í samfélaginu með fullri reisn og virðingu.

# „Handvömm“ – Heyr á endemi!

Menning

Eiður Guðnason
fv. sendiherra

Í grein sem formaður stjórnar Ríkisútvarpsins ohf., Svanhildur Kaaber, skrifaði í Fréttablaðið 28. september sagði hún það „handvömm“ að heiti Ríkisútvarpsins væri ekki að finna í vefsímaskránni ja.is. Þegar heiti Ríkisútvarpsins var slegið inn var niðurstaðan: Ekkert fannst. Nú er búið að lagfæra þetta. Sé leitað undir heiti Ríkisútvarpsins kemur á skjáinn eitt símanúmer og: Ríkisútvarpið ohf. – sjá RÚV! Þetta er auðvitað framför!

Orðabókin segir að handvömm sé glapræði, vanræksla, klaufaskapur eða léleg smíði. Það er afsökunin fyrir því að nafn Ríkisútvarpsins var ekki að finna á ja.is.

En er þetta satt? Er þetta handvömm eða er þetta skýr og einbeittur ásetningur; liður í því að bannfæra heitið Ríkisútvarp eins og stjórnendur Ríkisútvarpsins vinna nú markvisst að.

Eftir þessi skrif var Molaskrifara bent á að í prentaðri símaskrá ársins 2011 er nafn Ríkisútvarpsins heldur ekki að finna. Er það líka handvömm? Þar er bara RÚV. Handvömm, heyr á endemi! Nöfnum er ekki breytt í símaskrá nema um það sé beðið. Ritstjórar símaskrár taka það ekki upp hjá sjálfum sér. Stjórnendur Ríkisútvarpsins hafa beðið um að nafn Ríkisútvarpsins væri fjarlægt úr símaskránni. Öðrum kosti hefði það ekki verið gert.

Hér var engin handvömm á ferðinni heldur einbeittur brotavilji stjórnenda sem vilja gera heiti stofnunarinnar, Ríkisútvarpið, útlægt og banna notkun þess. Það hefur enginn gefið þeim leyfi til þess og til þess voru þeir ekki ráðnir. Hvernig væri að ráðherrar sem hafa með Ríkisútvarpið að gera gefi yfirmönnum í Efstaleiti orð í eyra fyrir að misbeita valdi sínu og fyrir atlögu að þessari rúmlega áttræðu stofnun, Ríkisútvarpinu. Þetta fólk var ekki ráðið til að eyðileggja hið góða nafn Ríkisútvarpsins.

# KRÓNAN

- fyrst og fremst ódýr!

FRÁBÆRT VERÐ

40% afsláttur

**2298** kr. kg

Verð áður ~~3849~~ kr. kg
Ungnauta Roast Beef, erlent

35% afsláttur

**1869** kr. kg

Verð áður ~~2897~~ kr. kg
Ungnautasnitzel, erlent

**1498** kr. kg

Lambalæri hvítlauks- og rósmarín marinerað

**598** kr. pk.

Krónu smurbrauð, 3 tegundir

**849** kr. pk.

Krónu sushi, 8 bitar í pk.

1 kg

**1998** kr. kg

Erlendar, frosnar kjúklingabringur, 1 kg

Nýtt!

**498** kr. kg

Krónu kjúklinga Hot Wings

Nýtt!

**898** kr. kg

Krónu kjúklingaleggir, í appelsínu og engifer marineringu

Smakk

Kynning

KJÚKLINGA-MARKAÐUR

Á MORGUN LAUGARDAG

KL. 11-16

Kjúklingamarkaðurinn er í Krónunni Lindum / Bíldshöfða / Granda / Selfossi / Mosfellsbæ / Akranesi

Krónan Árbæ | Krónan Mosó | Krónan Höfða | Krónan Granda | Krónan Akranesi | Krónan Breiðholti | Krónan Lindum | Krónan Vestmannaeyjum | Krónan Reyðarfirði | Krónan Hvaleyrarbraut | Krónan Reykjavíkurvegi | Krónan Selfossi

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
EXPO - www.expo.is

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**BJARNI ÞORSTEINSSON** (1861-1938 ) prestur og þjóðlagasafnari fæddist þennan dag fyrir 150 árum.
*„Oft er ekki nema hársbreidd milli hins góða og hins misjafna, milli gleðinnar og sorgarinnar.“*

†

*Elskuleg móðir mín,*

**Ragna Gunnarsdóttir**
Samtúni 10, Reykjavík,

lést 27. september á Hjúkrunarheimilinu Skjóli. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir fær starfsfólk á 3. hæð á Skjóli fyrir góða umönnun og kærleiksríkt viðmót.

**Þakka auðsýnda samúð,**
**Garðar Sölvi Helgason**

†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Bryndís Sveinsdóttir**
Sunnuvegi 9, Selfossi,

lést mánudaginn 10. október. Útförin fer fram frá Selfosskirkju laugardaginn 15. október kl. 11.00.

**Ingvar Jónsson**
**Þórir Jónsson**
**Pálmi Jónsson**
**Guðmundur Jónsson**
**Haukur Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**
**Þórdís Kristjánsdóttir**
**Guðrún Elíasdóttir**
**Áslaug Pálsdóttir**
**Aldís Anna Nielsen**

†

*Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur hlýhug og samúð vegna andláts og útfarar elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa, langafa og langalangafa,*

**Jóns Trausta Kárasonar**
fyrrum aðalbókara Pósts og síma,

sem lést 24. ágúst sl. Við þökkum sérstaklega starfsfólki á Hjúkrunarheimilinu Eir fyrir mikla alúð og vinsemd.

**Bjarghildur Stefánsdóttir**
**Gylfi Jónsson**
**Birgir Jónsson**
**Kári Jónson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**
**Þórunn Ásgeirsdóttir**
**Dagrún Þórðardóttir**
**Hermína Hermannsdóttir**

†

*Okkar ástkæra*

**Jóna Steinunn Patricia Conway (Pattý)**
Skjólvangi 1, Hafnarfirði,

sem lést laugardaginn 8. október í faðmi fjölskyldu og vina á líknardeild Landspítalans í Kópavogi, verður jarðsungin frá Víðistaðakirkju mánudaginn 17. október kl. 13.00.

**Helgi Vilhjálmsson**
**Kristín Helgadóttir**
**Ingunn Helgadóttir**
**Rut Helgadóttir**
**Helgi Már Gíslason**
**Gísli Jón Gíslason**
**Atli Einarsson**
**Jóhann Ögri Elvarsson**
**Ása Karen Jónsdóttir**
**Liis Vitsut**
**Patrik Snær Atlason, Nadía Atladóttir, Sunneva Gísladóttir, Ísak Atli Atlason, Siim Hannesson og Patricia Jóhannsdóttir**

**ÞETTA GERÐIST:** 14. OKTÓBER 1964

## *King hlaut friðarverðlaun Nóbels*

Martin Luther King (1929-1968) helgaði líf sitt baráttunni fyrir jöfnum kjörum hvítra og afrískættaðra Bandaríkjamanna á 6. og 7. áratug síðustu aldar. Sú barátta varð til þess að hann vann til friðarverðlauna Nóbels 14. október 1964 og varð þar með yngstur til að hljóta þau, aðeins 38 ára.

Fjórum árum síðar var King myrtur þegar hann var staddur í Memphis í Tennessee til að sýna svörtum flutningaverkamönnum í verkfalli stuðning. Hann gisti á móteli þar í borg og á svölum þess var hann skotinn til bana.

Dauði Kings var mikið áfall fyrir baráttu blökkumanna í Bandaríkjunum. Í kjölfarið bárust fjölskyldu hans fimmtíu þúsund bréf, símskeyti og aðrar samúðarkveðjur frá fólki alls staðar að úr heiminum

TÖSKU- OG HANSKABÚÐIN Á SKÓLAVÖRÐUSTÍG: HÁLFRAR ALDAR GÖMUL

# Fastur punktur hjá mörgum

Tösku- og hanskabúðin er meðal elstu verslana hérlendis sem hafa samfleytt verið reknar í því húsnæði sem starfsemin hófst í, á Skólavörðustíg 7. Hjónin Ingibjörg Jónsdóttir og Þorgrímur Brynjólfsson stofnuðu verslunina árið 1961 en árið 2005 tóku nýir eigendur við rekstrinum. Verslunin fagnar því hálfrar aldar afmæli nú í ár en Gréta Oddsdóttir, verslunarstjóri Tösku- og hanskabúðarinnar, segir marga viðskiptavini hafa fylgt versluninni lengi.

„Margir hafa haldið tryggð við verslunina í gegnum árin enda er sá hópur fólks sem vill koma í bæinn og versla við sérverslanir alltaf til staðar. Það er fólk á öllum aldri, frá 20 ára til nærri tíræðs, sem kíkir við hjá okkur,“ segir Gréta.

Verslunin er starfrækt í stærri hluta af húsnæðinu að Skólavörðustíg en var í upphafi og ferð þangað vekur minningar hjá mörgum sem muna eftir að hafa farið þangað með foreldrum, ömmum og öfum. Hanskar, töskur, skartgripaskrín, regnhlífar og aðrar vörur verslunarinnar hafa fylgt þjóðinni lengi og margir hafa það sem fastan punkt í tilverunni að fara niður í bæ og kaupa hanska á Þorláksmessu, að sögn Grétu.

Gréta segir vinsælustu vörurnar, sjálfa hanskana, ekki vera síður vinsæla hjá yngra fólki. „Okkar föstu viðskiptavinir sem koma hingað vegna hanskanna eru líklega stærsti hópurinn. Þær vörur sem þjóðin kaupir líka aftur og aftur eru til að mynda ferðatöskur og skjalatöskur,“ upplýsir Gréta og segir þann gamla grunn sem verslunin byggi á hafa hjálpað í efnahagskreppunni, þar sem traust viðskiptasambönd séu til staðar og mörg merki hafi lengi fylgt versluninni.

**ALLTAF Á SAMA STAÐ** Margrét Harðardóttir, Gréta Oddsdóttir og Sæunn Auðunsdóttir, starfskonur Tösku- og hanskabúðarinnar á Skólavörðustíg sem hefur verið starfrækt í húsinu frá árinu 1961. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

*juliam@frettabladid.is*

# Mæðrastyrksnefnd fær miða á Þór

Mæðrastyrksnefnd voru nýlega afhentir 250 bíómiðar á kvikmyndina Hetjur Valhallar – Þór. Snædís Baldursdóttir, sjö ára, afhenti, fyrir hönd Títans fjárfestingafélags, Senu og CAOZ, Ragnhildi Guðmundsdóttur, framkvæmdastjóra Mæðrastyrksnefndar, miðana ásamt 250 gjafamiðum fyrir poppi og gosi.

Með þessu vildu áðurnefnd fyrirtæki stuðla að því að sem flestir sjái sér fært að sjá myndina sem verður heimsfrumsýnd á föstudaginn á ellefu stöðum og í 24 bíósölum um land allt. Kvikmyndin er fyrsta íslenska þrívíddarteiknimyndin í fullri lengd og fjallar um uppvaxtarár þrumuguðsins Þórs, en myndin er fjölskyldumynd sem höfðar til allra aldurshópa.

Hetjur Valhallar – Þór er framleidd af CAOZ en Sena sér um dreifingu myndarinnar á Íslandi. Fleiri upplýsingar um myndina er hægt að nálgast á sena.is/thor.

**SKEMMTILEG GJÖF** Snædís Baldursdóttir, sjö ára, afhenti Ragnhildi Guðmundsdóttur, framkvæmdastjóra Mæðrastyrksnefndar, gjöfina.

†

*Dóttir mín, eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Kristrún Helga M. Waage**
Brekkubæ 21, Reykjavík,

lést í faðmi fjölskyldu sinnar á 11E krabbameinsdeild Landspítalans, mánudaginn 10. október. Útför fer fram frá Árbæjarkirkju mánudaginn 17. október kl. 13.00. Jarðsett verður í Hvammskirkjugarði í Dölum daginn eftir.

**Eðvaldína Magney Kristjánsdóttir**
**Viðar G. Waage**
**Bjarki V. Waage**
**Smári V. Waage**
**og barnabörn.**
**Sveinbjörg Ólafsdóttir**
**María Sunna Einarsdóttir**

†

*Elskulegur bróðir minn og frændi,*

**Kristján Sturlaugsson**
tryggingastærðfræðingur
frá Múla í Ísafjarðardjúpi,
löngum til heimilis að Bogahlíð 14,
Reykjavík,

lést á Hrafnistu miðvikudaginn 5. október. Útförin verður gerð frá Grensáskirkju fimmtudaginn 20. október kl. 13.00.

**Gerður Sturlaugsdóttir**
**og fjölskylda.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

**Félagsleg áhrif á náms- og starfsval framhaldsskólanemenda** er yfirskrift erindis sem dr. Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, prófessor í náms- og starfsráðgjöf við félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands, heldur í dag klukkan 15 í stofu 101 í Odda.

# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457

EXPO · www.expo.is

LEIKHÚS-MATSEÐILL

**Forréttur**
**Laxatvenna – reyktur og grafinn lax**

**Aðalréttir**
**Bleikja & humar með hollandaise sósu**
Brasserað fennell, kartöflustappa og ostrusveppir

eða...

**Grillað Lambafille**
Með rófutvennu, sveppakartöflum og bláberja anís kjötsósu



**Eftirréttur**
**Jack Daniel's súkkulaðikaka**
Djúpsteiktur ís og súkkulaðihjúpuð jarðarber

**Þriggja rétta máltíð á 4.900 kr.**

GEYSIR Bistro

Aðalstræti 2 / 101 Reykjavík / Sími: 517 4300 / www.geysirbistro.is

Sveinn Kjartansson brúar kynslóðabil þegar kemur að fiskneyslu.

# Unga fólkið tekur síður fyrir nefið

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sveinn Kjartansson, eigandi Fylgifiska, heldur ásamt Gunnþórunni Einarsdóttur, sérfræðingi hjá Matís, erindi á Matvæladegi Matvæla- og næringarfræðafélags Íslands á þriðjudag. Þar munu þau fjalla um verðlaunaþættina Fagur fiskur í sjó og áhrif þeirra en þeir voru sýndir á RÚV í fyrra og endursýndir fyrir skemmstu.

„Gunnþórunn mun sjá um fræðilega hlutann en ég tala út frá reynslu minni í fiskbúðinni. Ég sé mun á ungu kynslóðinni og hvernig hún nálgast búðina. Hún er að miklu leyti hætt að taka fyrir nefið og ég verð var við meiri forvitni. Þá skilst mér að sala á þorski hafi almennt aukist," segir Sveinn, annar umsjónarmanna þáttanna.

Hugmyndin að þeim spratt út frá rannsókn Matís sem leiddi í ljós að fólk á aldrinum 18-25 ára borðar um það bil einn munnbita af fiski á viku. „Þættirnir áttu að brúa kynslóðabil og vekja áhuga á fiskneyslu, en það er líka hugmyndin með Fylgifiskum þar sem fiskurinn er oft í nýstárlegum búningi. Þættirnir gefa innsýn inn í þá gullkistu sem við höfum í kringum eyjuna og ég held að okkur hafi tekist að gera umfjöllunarefnið skemmtilegt. Við vildum ekki benda á fólk og segja því að borða fisk. Markmiðið var að sýna fram á spennandi valkost sem gaman er að vinna með." Sveinn segir búið að taka ákvörðun um að gera nýja þátta-röð sem verður sýnd með vorinu.

Erindi hans og Gunnþórunnar hefst klukkan 14.40 á þriðjudag en Matvæladagurinn verður haldinn á Hilton Hótel Nordica. Yfirskriftin er Heilsutengd matvæli og markfræði og umfjöllunarefnin eru íslensk vöruþróun, framleiðsla, rannsóknir og markaðssetning.

*vera@frettabladid.is*

## OFNBAKAÐUR ÞORSKUR MEÐ ÓLÍFUM OG LÍMÓNU

**FYRIR 4**

800 gr. þorskhnakkar
nýmalaður pipar
2 msk. dijon-sinnep
1 hvítlauksrif
150 gr. blandaðar ólífur
50 gr. kapers
1 stk. límóna
2 stönglar bergminta (Oregano)
um það bil 4 msk. kaldpressuð ólífuolía
salt
olía til steikingar

Skerið þorskinn í fjögur álíka stykki. Smyrjið þorskstykkin með sinnepinu og piprið. Steikið á meðalheitri pönnu í um eina og hálfa mínútu á hvorri hlið. Setjið í eldfast mót og forhitið ofninn í 200 °C. Skerið hvítlaukinn í sneiðar, leggið ofan á þorskinn ásamt ólífunum og sneiddri límónunni. Stráið kapersinu og bergmintunni yfir og bakið í 10-12 mín. Stráið Maldonsalti og hellið ólífuolíu yfir.

Berið fram með ofnbökuðum rauðbeðum, ristuðum graskersfræjum og maukuðum sætum kartöflum með engifer.

**Opið hús verður í Höfða** fram á laugardag í tilefni af því að 25 ár eru liðin frá leiðtogafundi Ronalds Reagan og Mikhaíls Gorbatsjov í húsinu árið 1986. Höfði verður opinn frá 12 til 16 í dag en 11 til 16 á morgun. Boðið verður upp á leiðsögn um húsið.

„Þetta eru alveg yndislega falleg sönglög," segir Agnes Amalía um lög íslenskra kvenna sem hún syngur í Gerðubergi á morgun.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Yndislega falleg sönglög eftir íslenskar konur

**Söngkonan Agnes Amalía og Strengjakvartettinn Sardas flytja nánast óþekkt lög eftir íslenskar konur og franska tónlist frá eftirstríðsárunum í Gerðubergi á morgun. Öll lögin eru í nýjum útsetningum.**

„Það má segja að þetta sé eldgamall draumur að rætast," segir söngkonan Agnes Amalía sem á morgun klukkan 15 heldur tónleika í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi með Sardas-strengjakvartettinum.

„Ég er búin að vera að leita að og safna lögum eftir íslenskar konur og hef meðal annars notið aðstoðar Jónatans Garðarssonar, sem gert hefur útvarpsþætti um tvær þeirra, við að afla upplýsinga um líf þeirra. Á tónleikunum flyt ég átta lög eftir Ástu Sveinsdóttur, Maríu Brynjólfsdóttur, Sigfríði Jónsdóttur, Hjördísi Pétursdóttur og Ingibjörgu Þorbergs, sem eru allar nánast gleymdar að Ingibjörgu Þorbergs undanskilinni." Lögin eru frá árunum 1952 til 1971 og öll í spánnýjum útsetningum Martins Frewer, fiðluleikara Sardas-kvartettsins. „Þetta eru alveg yndislega falleg sönglög og gaman að syngja þau," segir Agnes Amalía. „Ég hef reyndar fundið fleiri lög eftir þessar konur og hugmyndin er að gefa út geisladisk á næsta ári."

Auk söngs Agnesar Amalíu flytur strengjakvartettinn Sardas franska tónlist frá eftirstríðsárunum, einnig í nýjum útsetningum Martins Frewer. Þetta eru lög sem margir ættu að kannast við í flutningi listamanna eins og Yves Montand, Edith Piaf og Josephine Baker. Sardas-kvartettinn hefur starfað frá árinu 1995 en félagar eru allir þrautreyndir hljóðfæraleikarar úr röðum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Arnþór Jónsson leikur á selló, Guðmundur Kristmundsson á víólu, Kristján Matthíasson á fiðlu og Martin Frewer á fiðlu.

Aðeins verður um þessa einu tónleika að ræða og því um að gera fyrir áhugafólk um tónlist íslenskra kvenna að drífa sig í Gerðuberg á morgun.

*fridrikab@frettabladid.is*

**Hefur þú starfað við múraraiðn og vilt ljúka námi í greininni?**

**Þá gæti raunfærnimat verið fyrir þig**

**Raunfærnimat í múraraiðn** miðar að því að meta þekkingu og færni sem viðkomandi býr yfir inn í skólakerfið. Markmiðið er að þátttakendur í verkefninu fari í skóla og ljúki sveinsprófi.

Inntökuskilyrði í raunfærnimat eru 5 ára starfsaldur og 25 ára lífaldur.

Áhugasömum er bent á að hafa samband við IÐUNA fræðslusetur í síma 590-6400.

Nánari upplýsingar er að finna á: www.idan/radgjof.is.
Einnig er hægt að senda tölvupóst á netfangið radgjof@idan.is

Verið er að vinna samskonar verkefni í bílgreinum, húsasmíði og málaraiðn.

IÐAN fræðslusetur

FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS

ffc.cmi@12ogb.is 436 0204



LAGERTILTEKT

- Aladínbuxur 2000
- Peysur 2000
- Toppar 2000
- Kjólar 2000
- Skokkar 5000
- Gallabuxur háar í mittið 5000
- Gallapils 5000
- Úlpur 9000
- Ullarkápur 9000

og margt, margt fleira á ótrúlegu verði

FLASH

Laugaveg 54, sími: 552 5201

Við erum á Facebook



ÍSLENSK FÆÐUBÓT
BITAFISKUR
-næring fyrir líkama og sál

GÆÐAFISKUR

**Sölustaðir:**
10 -11, Inspired í Flugstöðinni, Samkaup, Nettó, Kaskó, Fjarðarkaup, Skeljungsbúðirnar, Olís, N1, Kaupfélag V- Húnvetninga, Kaupfélag Skagfirðinga, Verslunin Vísir, Bláa lónið, Hreyfing, Krambúðin, Fiskbúðin Freyja, Melabúðin.



HEIMILI

# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS

14. október 2011

## SÓLEY STEFÁNSDÓTTIR

Stígur loks ein fram í sviðsljósið

- ÞÓRA KARÍTAS Á FLEYGIFERÐ
- AIRWAVES-TÍSKAN
- YFIRHEYRSLAN


AOC

FLOTTUR LED SKJÁR

24"

AOC E2440VA
24" LCD LED skjár með 1920x1080p upplausn, 5ms svartíma, e-Saver, e-Sensor, i-Menu, innbyggðir hátalarar, D-SUB, DVI-D ofl.

VERÐ Kr. 29.950 FRÁBÆR KAUP

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 850 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI
• SÍMI 569 0700
• WWW.ATT.IS

# núna

Tónlist og gleði

**MUNDI SÝNIR SUMARTÍSKU** Fatahönnuðurinn Mundi ætlar að frumsýna fatalínu sína fyrir sumarið 2012 í Gamla bíói á morgun. Línan ber heitið „Chained and dumped in the ocean“ og hefst sýningin klukkan 14.30. Á sama tíma á efstu hæð Gamla bíós verður svo myndlistarsýning MOM´S og er húsið opið til 18.00.

## meðmælin

### Nýtt í verslunarflóruna

Fataverslunin Kassetta var opnuð á Laugavegi 36 í gær. Sesselja Hlín Jónasardóttir og Óskar Sveinsson standa að baki verslununni sem selur fatnað á bæði kynin auk hinna sívinsælu Lomo-myndavéla. Í búðinni verður hægt að kaupa „second hand“ fatnað í bland við erlend fatamerki og íslenska hönnun. Afgreiðslutími er frá 11 til 18 á virkum dögum og frá 11 til 17 á laugardögum.

### Brjáluð tónlist á Bakkusi

Tónlistarhátíðin B-Waves fór af stað á skemmtistaðnum Bakkusi með pompi og prakt á miðvikudaginn var. Hátíðarhöldin ná þó hápunkti nú um helgina þegar sveitir á borð við Hjaltalín, Mammút, Reykjavík!, Hjálma, Krumma og Less Win koma fram. Aðgangur er ókeypis og nánari dagskrá má finna á Facebook-síðu Bakkusar.


HAUSTVÖRUR



í miklu úrvali
stærðir: S-XXL

Verið velkomin

Motivo
Hönnun, tíska og gjafavara
Austurvegi 9 Selfossi Motivo.is

AUGLÝSINGAR Í SÉRBLÖÐUM

Sérblöð Fréttablaðsins eru fjölbreytt og höfða til fólks á öllum aldri. Fjöldi mismunandi sérblaða kemur út í hverjum mánuði. Leitaðu ráða hjá ráðgjöfum okkar um hvar auglýsingin þín nær best til markhópsins.

10 ÁRA 2001-2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSING Í SÉRBLÖÐUM SKILAR ÁRANGRI!

Benedikt Freyr Jónsson S: 5125411, gsm 8235055 benediktj@365.is
Ívar Örn Hansen S: 5125429 , gsm 6154349 ivarorn@365.is
Sigríður Dagný S: 5125462, gsm 8233344 sigridurdagny@365.is

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl – júní 2011

BYLGJAN 989 25 ÁRA

Heimir & Kolla
vakna með þér í bítið

Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist
alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00

**Glöð með búningavalið** Leikkonan Þóra Karítas Árnadóttir skartar flottum búningi í anda Twiggy og Edie Sedgwick í hlutverki sínu í leikritinu Svört kómedía hjá Leikfélagi Akureyrar.

Þóra Karítas á fleygiferð milli landshluta

# Búningurinn mótaði karakterinn

Búningurinn getur skipt leikarann svo miklu máli og gaman þegar búningahönnuðurinn er tilbúinn til að setja sig inn í hlutverkið og taka þátt í ferlinu með manni,“ segir Þóra Karítas Árnadóttir leikkona sem leikur í Svartri kómedíu sem Leikfélag Akureyrar frumsýnir í kvöld.

Þóra Karítas lagði mikið upp úr því að finna rétta búninginn við hlutverk sitt í leikritinu, sem á sér stað á sjöunda áratugnum. Þóra sótti því innblástur til breska fatahönnuðarins Mary Quant, sem sá meðal annars til þess að mínipilsin og lituðu sokkabuxurnar komu fram á sjónarsviðið.

„Ég hef verið að horfa á bíómyndir eins og Nowhere Boy og To Sir, with Love til að setja mig inn í tíðarandann en leikritið var skrifað í kringum 1965,“ segir Þóra Karítas sem er í nánu samstarfi við Helgu Mjöll búningahönnuð og þurftu þær meðal annars að panta fatnað á netinu til að fá það sem þær leituðu eftir. „Við pöntuðum stígvélin á netinu, sem eru tvílit og svo saumaði Helga kjólinn í stíl. Það var virkilega gaman að þróa þetta í sameiningu.“

Það er nóg að gera hjá Þóru um þessar mundir en hún er kynnir raunveruleikaþáttarins Hannað fyrir Ísland. Þættirnir eru teknir upp í Reykjavík um helgar og er Þóra því á fleygiferð milli landshluta. Þóra segist varla muna hvaða dagur er. „Það var erfitt að hafna hlutverkinu þegar María Sigurðardóttir leikhússtjóri hafði samband, þó að ég hafi í raun ekki tíma til að sinna því. María er svo yndisleg og góður leikstjóri og forréttindi að fá að vinna með henni,“ segir Þóra Karítas sem skemmtir sér mjög vel fyrir norðan enda með þrjá sambýlismenn.

„Ég bý með leikurunum Árna Pétri Guðjónssyni, Guðmundi Ólafssyni og Einari Aðalsteinssyni, sem leika með mér og við skiptum bróðurlega á milli okkar eldamennsku og fáum hlátursköst til skiptis. Það er einmitt gaman að segja frá því að við höfum verið að æfa okkur að vera í myrkri vegna þess að verkið gerist mestan part í rafmagnsleysi. Ég komst að því að ég stari bara blint út í myrkrið, eitthvað sem ég ætla að endurspegla á sviðinu,“ segir Þóra og bætir við hlæjandi að hún hafi ætla að setja status um kvöldæfingarnar á samskiptasíðuna Facebook en hætt við þar sem það lítur ekki vel út að hún sé ein að æfa í myrkri með þremur karlmönnum.

alfrun@frettabladid.is

Beyoncé hannar meðgöngulínu:

# Kynþokkafull á meðgöngunni

Söngkonan Beyoncé tilkynnti umheiminum um óléttu sína er hún tróð upp á VMA-verðlaunahátíðinni fyrir skemmstu. Nú hefur söngkonan upplýst lesendur Bazaar um að hún vinni að nýrri meðgöngulínu.

Beyoncé stofnaði tískumerkið House of Deréon ásamt móður sinni, Tinu Knowles, árið 2006 og klæðist gjarnan fatnaði frá merkinu við hin ýmsu tækifæri. Meðgöngurnar vinna nú í sameiningu að hönnun nýrrar meðgöngulínu fyrir verðandi mæður. „Ég vil hanna fatnað fyrir óléttar konur sem fær þær til að finnast þær flottar og kynþokkafullar meðan á meðgöngunni stendur. Víð og flæðandi efni eru til dæmis mjög klæðileg á meðgöngunni, en ég vil líka geta gengið um í pinnahælunum mínum,“ sagði söngkonan í viðtali við Bazaar.

**Á ný mið** Beyoncé og móðir hennar, Tina Knowles, hanna nýja meðgöngulínu.
NORDICPHOTOS/GETTY

föstudagur

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Umsjón** Sara McMahon **Forsíðumynd** Anton Brink **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** *Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is*
**Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

the PIER • FOR YOUR HOME • OF INSPIRATION

# FYRIR HEIMILIÐ

## Á VERÐI SEM KEMUR Á ÓVART!

**25%** AF BORÐSTOFUBORÐUM OG STÓLUM

SNYRTIBORÐ 69.900.-

NÁTTBORÐ/HLIÐARBORÐ 34.900.-

STÓLL 7.435.-
VAR: 9.900.-

STÆKKANLEGT HRINGBORÐ 29.925.-
VAR: 39.900.-

SERVÉTTUSTANDUR 3.590.-

STANDUR FYRIR MATREIÐSLUBÓK 4.990.-

KARÖFLUR 690/990.-

KÖKUDISKUR
STÓR 3.990.-
MINNI 2.990.-

TILBOÐ VERÐ AÐEINS **199.900.-**
NÚ BÆÐI HÆGRI OG VINSTRI LEGUBEKKUR

NÚ NÝR LITUR
BRÚNN 219.900.-

**3 FYRIR 2** AF KERTUM

TILBOÐ Á VÖLDUM PUÐUM

1.290.-

**3 F 2** FRÁBÆRAR SNYRTIVÖRUR FYRIR KONUR OG KARLA

BAÐSETT 3.490.-

**25%** AFSLÁTTUR AF ÖLLUM GARDÍNUM

MIKIÐ ÚRVAL

DÆMI UM VERÐ:
ANDLITSKREM 2890.-
HANDÁBURÐUR 1990.-
HREINSIMJÓLK 2990.-

TAKTU FLEIRI
# TILBOÐ

ILMIR
~~2490.-~~ NÚ 1590.-

KERTI VERÐ 129.-
TAKTU 10 Á 890.-

SJAMPÓ HÁRNÆRING STURTUSÁPA 1 STK. VERÐ 890.-
TAKTU 2 Á 1490.-

HANDSÁPA VERÐ 590.-
TAKTU 2 Á 990.-

BAÐSALT VERÐ 890.-
TAKTU 2 Á 1390.-

the PIER

SMÁRATORG 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880

# VILDI VERÐA DÝRALÆKNIR

**Sóley Stefánsdóttir gaf nýverið út sína fyrstu sólóplötu, We Sink, og hefur hlotið mikið lof fyrir. Hún steig á svið í fyrsta sinn ein síns liðs á Airwaves á miðvikudaginn var.**

*Viðtal:* Sara McMahon
*Myndir:* Anton Brink

Þegar blaðamaður bankar upp á hjá Sóleyju er hún sjálf nýkomin heim. Hún hafði verið að spila í Kastljósi um morguninn, þaðan lá leið hennar í útvarpsviðtal á Rás 2 og seinna sama dag þurfti hún að mæta í hljóðprufu uppi í Hörpu því hún átti að koma fram á Airwaves það kvöld. Sóley gaf út sína fyrstu sólóplötu, We Sink, í haust og líkt og greina má hefur hún verið dugleg við að fylgja henni eftir.

Sóley gerði garðinn fyrst frægan með hljómsveitunum Seabear og Sin Fang Bous og segir tilviljun hafa í raun ráðið því að hún gaf út eigið efni. „Tomas Morr, eigandi plötuútgáfunnar Morr Music, spurði mig hvort ég ætti einhver lög til að senda honum. Ég sendi honum nokkur og allt í einu var ég komin með nóg efni í stuttskífu og í raun er breiðskífan óbeint framhald af henni," útskýrir Sóley, en stuttskífan kom út vorið 2010 og lofaði góðu um framhaldið.

Sóley steig á svið í Kaldalónssalnum í Hörpunni á miðvikudaginn var og viðurkennir að hún finni enn alltaf fyrir svolitlum fiðringi í maganum áður en hún stígur á svið. „Maður verður alltaf svolítið stressaður en núna kann maður betur að takast á við það. Það er allt öðruvísi að koma fram þegar ég er að spila mína eigin tónlist heldur en þegar ég kem fram með Seabear. Það sem er öðruvísi er athyglin á mér, ég þarf að tala á milli laga og syngja og þetta stendur svolítið og fellur með mér."

Þegar Sóley er spurð hvort það sé ekki tímafrekt að undirbúa sig fyrir eins stóra hátíð og Airwaves segist hún hafa fengið góða æfingu á tónleikaferðalagi sínu í september síðastliðnum. „Ég spilaði með og hitaði upp fyrir Sin Fang á tónleikaferðalagi í september og það kom sér mjög vel því ég og trommarinn minn náðum að spila okkur vel saman meðan á því stóð. En það er margt annað sem þarf að gera í kringum Airwaves eins og að fara í viðtöl og sinna öðrum uppákomum og það getur tekið sinn tíma."

## GRÆÐIR LÍTIÐ Á TÓNLIST

Sóley útskrifaðist sem tónsmiður frá Listaháskóla Íslands árið 2010 og stundar nú nám við FÍH auk þess sem hún kennir við Tónlistarskóla Hafnarfjarðar. Hún segir stundum erfitt að samræma vinnu, nám og einkalífið við tónlistina og endalaus tónleikaferðalög um heiminn. „Það gengur af því að kærastinn minn er ótrúlega skilningsríkur og hjálpsamur. Þegar mér finnst þetta verða alltof mikið og eiginlega „fríka" út af stressi þá er gott að eiga góða að sem halda mér við hlutina," segir hún og brosir.

Hún segir tónleikahald gefa lítið í aðra hönd og að tónleikaferðalög þjóni fyrst og fremst sem kynning fyrir tónlistarmanninn. „Maður græðir voða lítið á tónleikaferðalögum og á sama tíma missir maður úr vinnu þannig að maður kemur sjaldnast út í miklum plús. Tónlistarmenn græða held ég mest á því að selja lög í auglýsingar, sjónvarpsþætti eða kvikmyndir. Seabear seldi einu sinni lag í sjónvarpsþáttinn Grey's Anatomy og við fengum einhverjar milljónir fyrir það, en helmingurinn fór til bókarans og svo deildist restin á okkur sjö þannig að þó þetta sé fínn peningur þá urðum við engir milljónamæringar."

Á tónleikaferðalögum reyna hljómsveitirnar að lifa spart, enda kostar uppihald, gisting og ökuferðir á milli staða sitt. Stundum kemur það þó fyrir að tónlistarfólkið fær allt greitt undir sig og minnist Sóley þess þegar hún dvaldi eitt sinn á 5 stjörnu hóteli í Þýskalandi. „Mér skilst að þetta hafi verið einhver viðburður til að vekja athygli á gróðurhúsaáhrifunum og Seabear var flogið til Berlínar og komið fyrir á 5 stjörnu hóteli. Við spásseruðum þar um í hvítum sloppum og kíktum í spa og það var alveg frábært. En oftast eru ferðalögin þannig að maður reynir að eyða sem minnstu og gista á ódýrum hótelum því peningurinn er fljótur að fara. Það þarf að borga bílaleigubíl, mat, gistingu, hljóðmanni og svo framvegis."

> *„Bróðir minn var í lúðrasveit og ég man að ég öfundaði hann oft af því að vera í hljómsveit. Það er gaman að spila á píanó en það getur líka verið svolítið einmanalegt.*

## SPILAÐI Á SLAGVERK

Sóley hóf tónlistarnám aðeins fjögurra ára gömul og hefur stundað píanóleik frá átta ára aldri. Hún segir tónlistaráhugann loða við fjölskylduna því faðir hennar er básúnuleikari og tónlistarkennari, bróðir hennar er trompetleikari og yngri systir hennar leikur á horn. „Bróðir minn var í lúðrasveit og ég man að ég öfundaði hann oft af því að vera í hljómsveit. Það er gaman að spila á píanó en það getur líka verið svolítið einmanalegt og þess vegna ákvað ég að ganga til liðs við hljómsveit þegar ég var tólf ára og lærði á slagverk. Það var mjög skemmtilegt og ég kynntist fullt af frábærum krökkum sem eru enn vinir mínir í dag."

**Fjölhæfur tónlistarmaður** Sóley Stefánsdóttir spilar á fjölda hljóðfæra, þar á meðal píanó, gítar, bassa og harmonikku. Hún sló í gegn með fyrstu sólóplötu sinni sem kom út í haust.

Sóley er fjölhæfur tónlistarmaður og þótt hún leiki helst á píanó spilar hún einnig á gítar, bassa, trommur og á harmonikku auk þess að geta spilað einn tónstiga á trompet. „Maður getur svo sem gripið í ýmis hljóðfæri en ég held að margir tónlistarmenn geti gert það sama. Þetta er bara eitthvað sem lærist."

## VILDI VERÐA DÝRALÆKNIR

Sóley deilir heimili með fressinu Gosa og kærasta sínum, Héðni Finnssyni sem stundar myndlistarnám við LHÍ. „Við fengum Gosa fyrir tæpu einu og hálfu ári. Mér finnst mjög gaman að eiga kött því þeir eru svo miklir karakterar og skemmtilega sjálfstæð dýr," segir Sóley og viðurkennir að hún sé mikill dýravinur og að hana hafi dreymt um að gerast dýralæknir þegar hún var barn.

„Ég átti alltaf bara hamstra þegar ég var yngri því stóri bróðir minn var með ofnæmi fyrir köttum og hundum. Helst langar mig að eiga fleiri ketti og hesta og líka hund. Mig langaði alltaf að verða dýralæknir þegar ég var lítil, eða alveg þar til ég áttaði mig á því að það fylgir starfinu að þurfa að svæfa dýrin. Ég man líka að ég átti það til að elta konur sem voru í pelsum svo ég gæti klappað feldinum og ég á eina minningu af því að hafa hangið í pels gamallar konu í Kringlunni," segir hún hlæjandi.

Sóley og Héðinn eru sannkallað listamannapar og þegar blaðamað-

# LYKLAR&LÁSAR

FÖSTUDAGUR **14. OKTÓBER 2011** | **Kynningarblað** Smíði, viðgerðir, neyðarþjónusta og rafræn aðgangsstýring


# Við opnum nánast allt

**Flestir lenda einhvern tíma í því að týna lyklum og þá er að leita til Neyðarþjónustunnar á Laugavegi 168 því þar geta menn opnað nánast allt. Hvort heldur það eru peningaskápar, tengdamömmubox, hvers kyns skápar eða skrín, og nýr lykill er smíðaður á stuttum tíma. Þar starfa þaulreyndir og duglegir menn með Ólaf Má Ólafsson í forsvari.**

Allt frá því að Neyðarþjónustan var stofnuð árið 1991 hefur hún aðstoðað þá sem þurfa að láta opna læsta hluti. „Bílar, peningaskápar og sílendrar eru engin fyrirstaða fyrir okkar starfsmenn að sögn Ólafs Más Ólafssonar, framkvæmdastjóra Neyðarþjónustunnar. Óðinn, Páll og Sigurður eru sérfræðingar á sínu sviði.“ Hann tekur fram að nafn fyrirtækisins segi ekki alla söguna. „Þetta er ekki bara einhver neyðarsími, heldur verslun ásamt verkstæði með lásasmíði og lásaviðgerðum eins og fjölmargir þekkja. Fyrirtækið vinnur mjög náið með öðru fyrirtæki sem heitir Gler og lásar og er í eigu sömu aðila en það sinnir opnunarútköllum í heimahús fyrir þá sem læstir eru úti auk bráðalokana vegna gler- og innbrotstjóna. Þessi þjónusta er í boði allan sólarhringinn,“ útskýrir hann.

Ólafur Már segir flestar gerðir bíllykla smíðaðar hjá Neyðarþjónustunni, með og án fjarstýringa. „Í gegnum tíðina hafa bílaframleiðendur lagt áherslu á forritaða bíllykla og því þarf mikla þekkingu ásamt dýrum búnaði til að framleiða slíka lykla. Neyðarþjónustan hefur lagt mikinn metnað í að bæta sig og vera í fremstu röð á þessu sviði með fjárfestingum í búnaði og þjálfun starfsmanna hér heima og erlendis,“ segir Ólafur og getur þess að starfsmenn hafi farið um allt land að forrita svisslykla, því yfirleitt þurfi að tölvutengja lyklana við bílinn svo hann fari í gang.

Skrár, læsingar, sílendrar og lyklakerfi eru til í miklu úrvali hjá Neyðarþjónustunni. „Við höfum hannað og smíðað fjöldann allan af lyklakerfum fyrir húsfélög, fyrirtæki og stofnanir. Það getur verið gott að vera bara með einn lykil í stað margra á kippunni,“ segir Ólafur Már en hann mælir eindregið með því að fólk skipti alltaf um sílendra þegar það flytur í notaða fasteign. „Enginn veit hversu margir lyklar að íbúðinni eru í umferð,“ segir hann og bendir á að hægt sé að taka sílendra úr hurðum og koma með í Neyðarþjónustuna til að endurraða þeim og búa til nýja lykla. „Það er jafnvel hægt að samræma alla sílendra í viðkomandi húsi fyrir aðeins einn lykil.“

„Bílar, peningaskápar og sílendrar eru engin fyrirstaða fyrir okkar starfsmenn,“ segir Ólafur. Frá vinstri: Sigurður Birgir Sigurðsson, Ólafur Már, Óðinn Sigurðsson rekstrarstjóri og Páll Rafnsson. MYND/GVA

> **Þetta er ekki bara einhver neyðarsími, heldur verslun ásamt verkstæði með lásasmíði og lásaviðgerðum eins og fjölmargir þekkja.**

Spurður hvort það komi ekki stundum upp skemmtileg atvik svarar Ólafur að slíkt gerist alltaf annað slagið. „Ég fékk símtal um daginn þar sem útlendingar höfðu læst lyklana í skottinu á bílaleigubílnum sínum en þeir voru staddir á Ísafirði. Kona ein úr verslun í nágrenninu var að hjálpa þeim í þessum vandræðum. „Flugið er eftir 20 mínútur,“ sagði hún við mig. Að sjálfsögðu náðum við að smíða lykil og koma honum á flug og fengum mikið hrós fyrir. Útlendingarnir sögðu við konuna að þetta hefði aldrei verið möguleiki í þeirra heimalandi. Svona er Ísland í dag, við hjálpumst að,“ segir Ólafur að lokum.

## GOTT AÐ VITA

**Neyðarþjónustan hefur** tuttugu ára reynslu í lásaviðgerðum, lyklasmíði og opnun á hvers konar læsingum. Það var eitt fyrsta fyrirtækið á landinu sem bauð útkallsþjónustu allan sólarhringinn fyrir þá sem voru læstir úti.

**Núverandi eigendur** Neyðarþjónustunnar tóku við rekstrinum 1. ágúst 2007 og reka auk þess Gler og lása sem sérhæfa sig í þjónustu allan sólarhringinn.

**Neyðarþjónustan hefur** á undanförnum árum keypt hátæknibúnað til að forrita lykla í flestar tegundir bíla. Það er nauðsynleg,t að sögn Ólafs Más framkvæmdastjóra, þar sem ræsivörn bíla verður sífellt flóknari.

**Yfir tíu þúsund** gerðir af lyklum eru til í Neyðarþjónustunni og nánast alltaf er hægt að útvega þá lykla sem beðið er um.

**Peningaskápaeign hefur** farið vaxandi á heimilum síðustu ár. Þar geymir fólk passa, vísakort, peninga og skart. Neyðarþjónustan selur margar gerðir peningaskápa fyrir heimili og fyrirtæki.

24 Þjónusta

Alltaf

9999 008

Við opnum bíla hurðir og hirslur
ALLAN
sólarhringinn

Lásasmiður

Settu númerið í símann það borgar sig...

Læst-/ur úti?
Neyðaropnanir
Þjónusta allan sólahringinn.

Látúnsdyrahamar í formi handar er klassískur en púkar og englar eru einnig vinsælir á hurðum víða um veröld. NORDICPHOTOS/GETTY

## HÚNAR OG HAMRAR

**Dyrahamrar og** hurðarhúnar hafa oft og tíðum ekki aðeins hagnýtt gildi sem snýst um að gestir geti látið vita þegar þá ber að dyrum annars vegar og hleypt sér inn hins vegar. Útlitið skiptir oft ekki síður máli. Hönnun slíkra hamra og húna getur verið æði skrautleg og þar má líta allt frá himneskum englum til djöfullegra púka og allt þar á milli.

KEMUR ÚT **29. NÓVEMBER**

JÓLAGJAFA HANDBÓKIN

**MEÐAL EFNIS Í BLAÐINU:** JÓLALJÓSIN, KÖKUR OG SÆTINDI, SKRAUT OG FÖNDUR, MATUR OG BORÐHALD JÓLASIÐUR OG VENJUR

**Bókið auglýsingar tímanlega:**

Benedikt Freyr Jónsson
S: 512 5411, gsm 823 5055
benediktj@365.is

Ívar Örn Hansen
S: 512 5429 , gsm 615 4349
ivarorn@365.is

Sigríður Dagný
S: 512 5462, gsm 823 3344
sigridurdagny@365.is

# Tryggir rétta fólkinu aðgang

**Í áratugi hefur Securitas verið leiðandi í rafrænum aðgangsstýringum fyrirtækja. Með aukinni þróun hafa kerfin orðið betri og fjölhæfari, og mikið er um spennandi nýjungar sem auka enn á öryggi, þægindi og hagkvæmni.**

Hrafn Leó Guðjónsson vörustjóri Securitas sem býður rafrænar aðgangsstýringar í úrvali. MYND/DANÍEL

Á undanförnum árum hafa rafrænar aðgangsstýringar tekið miklum framförum og kerfin orðið fullkomnari, betri og fjölhæfari," upplýsir Hrafn Leó Guðjónsson, vörustjóri Securitas sem á síðustu áratugum hefur selt flestum stærri fyrirtækjum landsins rafræn aðgangsstýrikerfi.

Hrafn Leó segir starfsfólk fyrirtækja flest orðið kunnugt því að opna dyr með aðgangskortum, en ný kerfi auki enn á öryggi.

„Samhliða aðgangskortum eru nú notaðir augnskannar og fingrafaralesarar og með því tryggt að réttur aðili komist inn. Á sama tíma eru lán aðgangskorta útilokuð þar sem augn- og fingrafaralestur kemur strax upp um falska aðgangstilraun," segir Hrafn Leó.

Með nýjum aðgangsstýrikerfum samtengir Securitas þau við hússtjórnar- og myndavélakerfi byggginga, en með því fæst heildstætt umsjónarkerfi gagnvart innbrotum og óæskilegri hegðun.

„Möguleikarnir eru margvíslegir og þar á meðal tenging við stimpilklukkukerfi fyrirtækja. Þá stimplast starfsmaður inn og úr vinnu um leið og hann notar aðgangskort til að komast inn í fyrirtækið. Með því verður til nákvæm skráning á ferðum fólks, um leið og allir losna við lykla sem alltaf geta týnst og lent í höndum óprúttinna aðila sem þá komast inn í óleyfi. Við sömu aðstæður er auðvelt að eyða týndu aðgangskorti úr kerfinu án þess að þurfi að skipta um skrár og lása með tilheyrandi kostnaði," útskýrir Hrafn Leó.

Hann segir smartkort vera helstu byltingu rafrænna aðgangsstýrikerfa nú.

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Herbergi í 101 til leigu. Nálægt HÍ. Sími 844 1382.

Ca. 55 fm íbúð í Hafnarfirði til leigu. S. 892 5309

Til leigu á Selfossi: Sérhæð með risi, 120 fm. Laus 16. janúar. Uppl. í síma 690-3367.

Þægileg skólaherbergi til leigu, strætóferðir í allar áttir, allt innifalið. Uppl. í síma 821 4848 eða 578 4848 eða 869 2618.

Herbergi til leigu fyrir kvk með eldhúsi og baði með þvottavél. Sími 661 5219.

Til leigu fullbúin 85m2 íbúð á besta stað í miðbænum frá 2. nóv til 1. apríl. Upplýsingar í síma 868 7950.

## Húsnæði óskast

3 manna fjölskylda óskar eftir íbúð til leigu helst í vesturbæ Kópavogs eða Kópavogi. S. 661 4904

1000-1500fm húsnæði óskast í langtímaleigu, sem má nýtast jafnt sem iðnarhúsnæði og íbúðarhúsnæði. Uppl. í síma 869 2618 eða 821 4848.

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500

**Geymi tjaldvagna, fellihýsi og búslóðir.**
Ímynd gæða. Fjögurra stjörnu. 14 ára reynsla. Í símaskrá ja.is undir: geymsla asgeirs eirikssonar ehf. Uppl. 897 1731 klettar@heimsnet.is

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**Vetrargeymsla fyrir ferðavagna!**
Bílar, húsbílar, hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagnar og fl. Upphitað húsnæði, Uppl. í s. 899 0274 og 893 5574 og á www.husbilageymslan.net

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

Tjaldvagna, felli, hjólhýsa og bíla geymsla á Suðurnesjum. Upphitað húsnæði, gott verð upplýsingar í síma 899 0553.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

LR óskar eftir fólki til sölu og markaðsstarfa. Miklir tekjumöguleikar. Uppl. í s. 841 1448.

Vinna í boði! Traust matvælafyrirtæki í Kópavogi óskar eftir starfsfólki í almenn pökkunar- og framleiðslustörf. Áhugasamar/-ir sendi umsókn á netfangið: kopav2011@gmail.com, ásamt upplýsingum um aldur og fyrri störf.

Looking for workers! A food factory in Kopavogur is seeking workers for packaging- and production jobs. Please send applications by e-mail to: kopav2011@gmail.com, including information about your age and previous jobs.

Beitningamann vantar á Flateyri. Húsnæði á staðnum. Uppl. í s. 847 8182.

## Atvinna óskast

28 ára kk óskar eftir vinnu. Er með Háskólapróf en allt kemur til greina. Get byrjað strax. S. 867 5139

## Viðskiptatækifæri

**Ertu 40 ára eða eldri ?**
Leitum eftir jákvæðu samstarfsfólki við markaðssetningu á hinni eilífu ævi. LifeWave hefur slegið í gegn á heimsvísu. www.lw-global.com/is eða 564 5959.

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

**Frá Lífspekifélaginu**
Í kvöld, föstudaginn 14. október kl. 20:30 heldur Sr. Kristinn Ágúst Friðfinnsson erindi um 12 sporin sem frelsunarleið og andlegt ferðalag í húsi félagsins Ingólfsstræti 22.
Laugardaginn 15. október kl. 15:00 er opið hús. Kl. 15:30 heldur Tolli Mortens erindi sem hann nefnir Ferð mín til Tibet.
Á fimmtudögum kl. 16.30 - 18.30 er bókaþjónustan opin með miklu úrvali andlegra bókmennta.
www.lifspekifelagid.is

AA fundur Hverfisgötu karla föstudag kl. 19:30 að Héðinsgata 1-3 Rvk. Minni á neyðarsíma deildarinnar 848 9931.

## Ýmislegt

**Nýja Postulakirkjan**
VERTU MEÐ ! Sunnudagur kl. 11:00 og 14:00. FRIÐRIKSKAPELLA, 101 Reykjavík. www.nac-iceland.org Fyrir persónulega fyrirbæn s. 845 3399.

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (fritt karlar)
555 4321 (fritt konur)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

Konur í ævintýraleit. Enn er mikið um nýjar auglýsingar kvenna sem leita ævintýra á Rauða Torginu Stefnumót. Konur auglýsa frítt í s. 555-4321. Karlar hlusta á augl. kvenna í s. 905-2000 og 535-9920.

## Til leigu

**Skrifstofuhúsnæði til leigu í Sandgerði**

Til leigu og/eða sölu, skrifstofuhúsnæði á 1.hæð í Vörðunni við Miðnestorg, Sandgerði. Allt að 235m² (má skipta niður). Vel skipulagt og rúmgott, næg bílastæði og góð aðkoma í alla staði. **Upplýsingar: Gunnar 892-0125 gunnikef@gmail.com og Birgir 420-7555 birgir@sandgerdi.is.**

## Til sölu

**Sumarhús til brottflutnings**

Félag bókagerðarmanna auglýsir orlofshús í Miðdal við Laugarvatn til sölu. Húsið verður selt með innbúi en skilyrði er að fjarlægja það af staðnum. Húsið var byggt árið 1988 og er 43 m2 að stærð, þrjú herbergi, stofa, bað og eldhúskrókur. Í húsinu eru raflagnir og hitakútur fylgir. **Tilboð óskast í húsið og er skilafrestur til 31. október n.k.** Félagið áskilur sér rétt til að taka hagstæðasta tilboði eða hafna öllum.
**Upplýsingar í síma 552 8755.**
**Tilboð óskast send á netfangið fbm@fbm.is, eða Hverfisgötu 21, 101 Reykjavík.**

Félag bókagerðarmanna
HVERFISGÖTU 21 SÍMI 552 8755
FAX 562 3188 - www.fbm.is - fbm@fbm.is

**Sérhæfð vörudreifing**

Við bjóðum upp á klæðskerasniðnar lausnir í vörudreifingu fyrirtækja. Hagstæð, örugg og gæðavottuð þjónusta.

**Hafðu samband til að fá nánari upplýsingar í síma 585 8300 eða 585 8330.**

**Póstdreifing** - Suðurhraun 1
210 Garðabær - Sími 585 8300
www.postdreifing.is

Póst dreifing

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** eyja í asíu, **6.** járnstein, **8.** húðsepi milli táa, **9.** rangl, **11.** átt, **12.** jarðsögutímabil, **14.** gróðabrall, **16.** nafnorð, **17.** sægur, **18.** skelfing, **20.** drykkur, **21.** málmhúða.

**LÓÐRÉTT**
**1.** kvenklæðnaður, **3.** frá, **4.** foksandur, **5.** sóða, **7.** vopn, **10.** ferðalag, **13.** tækifæri, **15.** smyrsl, **16.** net, **19.** ónefndur.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** **2.** java, **6.** al, **8.** fit, **9.** ráf, **11.** na, **12.** ísöld, **14.** brask, **16.** no, **17.** ger, **18.** ógn, **20.** te, **21.** tina.
**LÓÐRÉTT:** **1.** sarí, **3.** af, **4.** vindset, **5.** ata, **7.** lásboga, **10.** för, **13.** lag, **15.** krem, **16.** nót, **19.** nn.

# Eins manns gróði…

**BAKÞANKAR**
**Magnús Þorlákur Lúðvíksson**

Stærðfræðingur einn, sérlega auðmjúkur, bað eitt sinn hagfræðinginn Paul Samuelson að nefna eina hugmynd úr félagsvísindunum sem væri sönn og lægi ekki í augum uppi. Svar Samuelsons var kenning Ricardos um hlutfallslega yfirburði. Þar hitti hann naglann á höfuðið! Hugmyndin snýst um að eins manns gróði sé ekki alltaf annars tap, að viðskipti geti bætt allra hag. Einföld hugmynd, oft endurtekin, en það kemur reglulega í ljós að hugmyndin á merkilega víða undir högg að sækja. Til dæmis þegar tollamúrar eru lofsamaðir eða því haldið fram að menn eins og Huang Nubo ætli sér að græða rosalega mikið „á okkar kostnað“. Viðskipti eru yfirleitt af hinu góða, ekki því vonda.

**HUGMYNDIN** á hins vegar víðar við en einungis í samhengi viðskipta. Til að mynda getur samstarf bætt allra hag án þess að nokkur tapi. Þegar einstaklingar taka höndum saman, skipta með sér verkum og nýta styrkleika hver annars þá er útkoman oftar en ekki betri en ef þeir hefðu unnið hver fyrir sig. Til dæmis benti Coase á að því fylgir margvíslegur kostnaður að taka þátt í viðskiptum. Samstarf getur hins vegar lækkað þann kostnað. Þetta skýrir af hverju atvinnulífið er ekki samsett af eintómum einyrkjum, af hverju fyrirtæki spretta upp.

**AF NÁKVÆMLEGA** sömu ástæðu er eins ríkis gróði ekki alltaf annars ríkis tap. Þvert á móti er það yfirleitt hugmyndin að baki alþjóðasamstarfi að allir þátttakendur njóti góðs af. Ríki geta til dæmis hagnast á því að setja sér sameiginlegar reglur um viðskipti og markaði með það fyrir augum að lækka viðskiptakostnað sín á milli og auka stærðarhagkvæmni. Þetta er einmitt hugmyndafræðin að baki Evrópusambandinu, þótt það hafi stundum teygt sig inn á svið sem það ætti betur að láta í friði.

**ÞESS VEGNA** er furðuleg hugmyndin sem er reglulega sett fram á Íslandi að eina mögulega ástæða þess að ESB vilji nokkuð með Ísland hafa sé græðgi í það sem hingað sé að sækja. „Það“ vilji græða á okkar kostnað. Það er auðvitað fráleitt að ætla að 27 sjálfstæð þjóðríki kjósi af fúsum og frjálsum vilja að taka þátt í samstarfi sem snúist um að arðræna einstök ríki. Það hljómar ekki eins og félagsskapur sem nokkurt ríki myndi vilja tilheyra og er sérdeilis slæm lýsing á því fyrirbæri sem ESB er. Þvert á móti liggur að baki ESB sú hugmynd að samstarf, líkt og viðskipti, geti bætt allra hag.

## Eini verjandi svona persónu er sá sem leikur hana

Sigurður Sigurjónsson leikur spillta löggu í kvikmyndinni Borgríki.

**Meðal annars efnis**

**Ömmurnar syngja með**
Nanna Bryndís Hilmarsdóttir, söngkona Of Monsters and Men, er ánægð með breiðan hlustendahóp hljómsveitarinnar, sem er ein sú umtalaðasta á Íslandi í dag.

**Allt sem þú þarft**

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli

### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes

### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

# Fólkið í landinu les Fréttablaðið

Ný fjölmiðlakönnun Capacent Gallup staðfestir vinsældir Fréttablaðsins enn einu sinni. Til dæmis lesa tæplega 70% íbúa höfuðborgarsvæðisins milli átján og fimmtugs að meðaltali hvert tölublað Fréttablaðsins - næstum þrefalt fleiri en lesa það dagblað sem kemur næst á eftir.

Við erum stolt af þessum glæsilega árangri og munum halda áfram að miðla skemmtilegu og upplýsandi efni, hlusta á raddir lesenda og vera líflegur vettvangur fyrir skoðanaskipti.

| 18-49 ára | Höfuðbsv. | Landið allt | 12-80 ára | Höfuðbsv. | Landið allt |
|---|---|---|---|---|---|
| Fréttablaðið | 69,9% | 57,7% | Fréttablaðið | 73,1% | 60,1% |
| Morgunblaðið | 26,3% | 24,4% | Morgunblaðið | 33,4% | 31,5% |
| DV | 9,5% | 9,4% | DV | 11,4% | 10,9% |
| Fréttatíminn | 44,4% | 32,3% | Fréttatíminn | 50,7% | 36,9% |
| Finnur.is | 25,3% | 19,6% | Finnur.is | 33,8% | 26,1% |
| Monitor | 24,5% | 22,4% | Monitor | 24,4% | 23,5% |
| Viðskiptablaðið | 7,1% | 6,8% | Viðskiptablaðið | 9,8% | 8,7% |

**Prentmiðlakönnun Capacent Gallup.** Júlí til september 2011, meðallestur á tölublað.

**Allt sem þú þarft...**

**GRADUALE NOBILI** Stúlknakórinn Graduale Nobili heldur útgáfutónleika í Langholtskirkju á morgun klukkan 16. Tilefnið er útgáfa geisladisks sem ber nafnið X ten years Graduale Nobili. Diskurinn er safndiskur í tilefni tíu ára starfs kórsins og samanstendur af úrvali af tveimur diskum kórsins Graduale Nobili (2001) og In Paradisum (2008). Aðgangur er ókeypis og nýi diskurinn verður til sölu.

Bækur ★★★

**Flugan sem stöðvaði stríðið**
Bryndís Björgvinsdóttir

**Vaka-Helgafell**

## Þjónn, það er fluga í stríðinu mínu

Stríð geisar í ímynduðu, fjarlægu landi þar sem tvær nágrannaþjóðir eru á góðri leið með að gera út af við hvor aðra. Húsflugur sem hafa flúið heimkynni sín í leit að friðsælum íverustað blandast í átökin og í kjölfarið taka málin óvænta stefnu. Þannig hljómar í stuttu máli söguþráður bókarinnar Flugan sem stöðvaði stríðið eftir Bryndísi Björgvinsdóttur sem hlaut á dögunum Íslensku barnabókaverðlaunin 2011.

Sagan er séð frá sjónarhóli lítilmagnans, fimm húsflugna sem eiga undir högg að sækja í samvistum við mannfólkið. Þetta er ólíkur hópur, hver með sín sérkenni, viðfelldin grey sem sjá heiminn með saklausum augum og skilja ekki hvað mannskepnunni gengur til með skefjalausri græðgi og grimmd. Lítill greinarmunur er hins vegar gerður á mannfólkinu sem er með fáeinum en ýktum undantekningum fremur illa innrættar, blóðþyrstar skepnur.

Það er þekkt stef að minnka muninn milli dýra og manna í bókum, einkum barnabókum, með því að manngera dýr og draga fram dýrslegt eðli manna. Tilgangurinn er sá að lesendur, börn, geti sett sig í annarra spor, óháð útliti og stöðu. Sagan boðar þannig hugmyndir um frið, jöfnuð og samkennd.

Höfundi liggur mikið á hjarta og kemur því ágætlega á framfæri í þessari litlu og vel meinandi sögu. Textinn er á heildina ágætlega skrifaður, nær að kalla fram einstaka bros þótt undirtónninn sé alvarlegur, stríð með öllum sínum ljótu birtingarmyndum, og inn á milli skemmtilega ljóðrænar myndlíkingar. Eins og þegar flugurnar ferðast með flugvél til hins ímyndaða Assambad: „… horfa niður á skýin sem hímdu undir flugvélinni eins og eyðiland úr þeyttum rjóma“. (s. 32)

Helsti vandinn er sá að textinn er á köflum helst til flatur og heldur fyrir vikið ekki alltaf athygli. Atburðarásin er þétt en rislítil og ekki fyrr í seinni hluta þegar húsflugurnar taka höndum saman um að binda enda á blóðbaðið sem sagan kemst á gott flug. Þá fyrst færist fjör í leikinn þegar ýktar birtingarmyndir góðs og ills, tvívíðar persónur sögunnar, takast á í grátbroslegri viðureign sem krefst að lokum hinnar fullkomnu fórnar, færðar í kærleika svo friður náist að nýju. Þræðir eru hnýttir vel saman í lokin sem kallast á við upphafið og ramma frásögnina rækilega inn.

**Roald Eyvindarson**

**Niðurstaða:** Fallegur boðskapur og ágæt tilraun til að varpa nýju ljósi á tilgangsleysi stríðs, þótt aðeins vanti upp á slagkraftinn.

# Rafmagnslaus farsi

**Leikfélag Akureyrar hefur vetrardagskrá sína í kvöld með frumsýningu gamanleiksins Svörtu kómedíunnar, sem gerist í svarta myrkri svo enginn sér handa sinna skil. Nema áhorfendur.**

**BIKASVART** Verkið segir frá ungu pari sem fær falleg húsgögn „lánuð" frá fagurkeranum í næstu íbúð til að ganga í augun á ströngum föður stúlkunnar og þýskum listaverkakaupanda. Þau áform fara fyrir lítið þegar rafmagnið fer. Einar Aðalsteinsson, Anna Gunnhildur Guðmundsdóttir og Þóra Karítas Árnadóttir eru hér í hlutverkum sínum.

Svarta kómedían er eftir enska leikskáldið Peter Shaffer, sem er hvað þekktastur fyrir leikritin Amadeus og Equus sem samnefndar kvikmyndir voru gerðar eftir. Leikurinn gerist í London árið 1965. Ungur, fátækur listamaður og unnusta hans fá ríkulega antíkhúsmuni að láni án leyfis til að ganga í augun á föður hennar og þýskum auðkýfingi sem er væntanlegur til að skoða verk listamannsins unga. Fyrirvaralaust fer rafmagnið af. Eigandi húsgagnanna kemur óvænt heim, fyrrverandi ástkona mætir óboðin og heimspekilegur rafvirki reynir að bjarga málunum með afdrifaríkum og hlægilegum afleiðingum.

„Þetta er óvenjulegur farsi að því leyti að hann hvílir meira á persónusköpuninni en ærslum," segir María Sigurðardóttir, leikhússtjóri Leikfélags Akureyrar, sem jafnframt leikstýrir verkinu. Mikið mæðir á leikurunum í verkinu; meginþorri verksins gerist í rafmagnsleysi en áhorfendur í sal þurfa auðvitað að sjá hvað fer fram á sviðinu. „Leikararnir þurfa því að leika eins og þeir sjái ekki handa sinna skil og það er hægara sagt en gert," segir María. „Enda fór mikill undirbúningur í einmitt þetta, þau hafa æft mikið í myrkri gagngert til að að skoða hvernig maður hreyfir sig, hlustar og skynjar umhverfi sitt."

Átta leikarar leika í verkinu. „Þetta er mjög spennandi blanda yngri og eldri leikara. Einar Aðalsteinsson og Anna Gunndís Guðmundsdóttir eru tiltölulega nýútskrifaðir en mjög efnilegir leikarar, Þóra Karítas og Ívar Helgason eru ung en með nokkra reynslu á bakinu. Þau Árni Pétur Guðjónsson, Guðmundur Ólafsson, Sunna Borg og Gestur Einar Jónasson eru hins vegar gamalkunnug á sviði, mér reiknast til að samanlagt séu þau með um 160 ára sviðsreynslu. Þessi hópur hefur náð mjög vel saman og árangurinn er meinfyndinn."

**bergsteinn@frettabladid.is**

# Kænn kappi í Landnámssetrinu

Leiklist ★★★★

**Blótgoðar - uppistand umheiðingja**
Höfundur og flytjandi: Þór Tulinius.
Leikstjóri: Peter Engkvist.

**Landnámssetrið í Borgarnesi**

Þeir sem fylgst hafa með fornum köppum sem lifnað hafa við á leiklofti Landnámssetursins muna Skallagrímsson og hina íðilfögru Brák. Nú hefur Þorgeir Ljósvetningagoði og hans lið bæst í þennan hóp. Þór Tulinius fer svipaða leið og farin var í verkinu um Skallagrímsson og tengir saman nútímann og örlagasögur úr Íslendingasögunum.

Þór nýtir rýmið vel. Hann er með örlitla dúkku eða spýtukubb um hálsinn sem hann notar sem lykil að frásögninni. Kannski var þetta helgimynd, kannski verndargripur eða kannski bara drasl. Með þessar vangaveltur smeygir hann sér inn á sögusviðið. Hér er um heilmikinn massa af upplýsingum að ræða og tókst Þór snilldarlega að halda mannskapnum við efnið með skemmtilegum, kennaralegum endurtekningum, þar sem Páll, sögukennari hans úr bernsku, kemur oft við sögu.

Allar þær hetjur sem komu sér fyrir í mismunandi búðum á Þingvöllum höfðu hver sitt yfirbragð. Hinn karlmannlegi þræll Skinni sem gerir hosur sínar grænar fyrir Sólveigu, dóttur Þormóðs, birtist okkur sterkur og myndarlegur meðan stúlkutetrið var svona fremur fáfengileg og lýsti leikarinn því með ýktri líkamsbeitingu feiminnar smástelpu og var það fyndið. Atburðarásin er öll kringum þessa daga á Þingvöllum og var kristnisögunni fléttað inn í. Það ástand sem ríkti í samskiptum heiðinna manna og þeirra kristnu leikur Þór á hlaupum milli liða. Hvort sem það er trúverðugt eður ei þá var útfærslan skemmtileg og áhorfendur dilluðu sér af hlátri. Búningur Þórs og yfirbragð var smekklega hlutlaus og skórnir rosalega flottir. Beiting málsins var skýr og fullt gefið af skýringum á því hvers vegna fornkappar töluðu eins og þeir gerðu og féll það áhorfendum mjög vel í geð.

Það stíga ýmsir á stokk eins og Síðu-Hallur, Hjalti Skeggjason og Snorri goði. Nokkrar persónur hafa þó líklega komið til í ritsmiðju Þórs sjálfs og gerir það verkið skemmtilegra. Lýsing Ólafs Ágústs Stefánssonar er hógvær en undirstrikar allan tímann gang atburða, Þór hélt undurvel utan um persónurnar og brá sér oní þindina í leit að slíkum hljóðum að helst mætti líkja þeim við forn blásturshljóðfæri. Loksins fáum við líka að vita af hverju stíllinn í sögunum er svo knappur, jú vegna þess að kálfskinnin voru svo dýr. Á köflum var sýningin líka spennandi, norskar leyniskyttur ná næstum því að breyta gangi sögunnar. Hér er skemmtilega unnið með þessar heimildir úr Íslendingabók Ara fróða um leið og Finnur draumspaki og Mjaldur finnski fá vígalegt rými í alls kyns ástandi.

Peter Engkvist, sem er sérfræðingur í því að leikstýra einleikjum, hefur hér náð góðum tökum á verkefninu þar sem jafnvægi milli staðreynda eða upplýsingaflæðisins og hinnar leikrænu nándar er vel gætt.

**Elísabet Brekkan**

**Niðurstaða:** Þór nýtur sín í þessu hlutverki og er alveg óhætt að mæla með enn einu fræðandi og skemmtilegu stefnumóti við forna kappa uppi í Borgarnesi.

HÁALOFTIÐ OG

GAMLA BÍÓ LEIKHÚS

KYNNA:

SÖNGLEIKINN

# HREKKJU-SVÍN

Í GAMLA BÍÓ!!!

FRUMSÝNING 14.OKTÓBER 2011

SPRENGHLÆGILEGUR GAMANSÖNGLEIKUR BYGGÐUR Á PLÖTUNNI LÖG UNGA FÓLKSINS UM LÍFSHLAUP STÓRHUGA ÍSLENDINGS.

---

FRUMSÝNING FÖSTUDAGINN 14. OKT. KL 20:00
2. SÝNING LAUGARDAGINN 22. OKT. KL 20:00
3. SÝNING FIMMTUDAGINN 27. OKT. KL 20:00
4. SÝNING FÖSTUDAGINN 28. OKT. KL 20:00
ALMENNT MIÐAVERÐ 3.990 KR.

---

LEIKSTJÓRN: MARÍA REYNDAL. TÓNLISTARSTJÓRN: VALGEIR GUÐJÓNSSON.
HÖFUNDAR: GUÐMUNDUR S. BRYNJÓLFSSON OG FLEIRI. LEIKARAR: ATLI ÞÓR ALBERTSSON, HANNES ÓLI ÁGÚSTSSON, MARÍA PÁLSDÓTTIR, MARÍA HEBA ÞORKELSDÓTTIR, ORRI HUGINN ÁGÚSTSSON, SVEINN Þ. GEIRSSON, TINNA HRAFNSDÓTTIR OG VIGDÍS GUNNARSDÓTTIR.

---

MIÐASALA Á GAMLABIO.IS OG MIDI.IS

---

Reykjavíkurborg

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 14. október 2011**

### Tónleikar

**17.15** The Vintage Caravan, Dark Harvest, Dimma, Wicked strangers, Two tickets to Japan, Fönksveinar, Monsoon Drive, Kalli Tender og Heima spila á Dillon. Aðgangur er ókeypis.

**18.30** Treasure of Grundo, Nuke Dukem, Hjaltalín, Beatless, Vigri, Reykjavík!, Mammút spila á B Waves á Bakkusi. Aðgangur er ókeypis.

**21.00** Skúli mennski, Gímaldin, Hek, Gunnbjörn Þorsteinsson, Magnús Einarsson, Hjalti Þorkelsson og Hermann Stefánsson koma fram á Obladi Oblada, Frakkastíg 8. Aðgangur er ókeypis.

**21.00** Beggi Mood heldur tónleika á Café Rosenberg.

**21.30** Skuggamyndir frá Býsans spila á Café Haiti. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**22.00** Hvanndalsbræður spila á Græna hattinum. Miðaverð er kr. 2.000.

**23.00** Emmsjé Gauti, Úlfur Úlfur og Dj Gay Latino Man koma fram á Prikinu.

### Iceland Airwaves off-venue

**12.00** Jón Jónsson, Einar Stray og Dream Central Station spila fyrir gesti Munnhörpunnar. Allir velkomnir.

**13.00** Other lives, The Twilight Sad, Hjaltalín, John Grant, Caged Animals spila á Kexi Hostel. Aðgangur ókeypis.

**13.00** Úlfur, Dad rocks!, Mimas, Team me, Jenny Hval og Ólafur Arnalds koma fram í Norræna húsinu. Allir velkomnir.

**14.00** Ylja, Útidúr, Íris Þórarins, II, Sing for me Sandra, Japanese Super Shift og Stolið spila fyrir gesti í Reykjavík Backpackers. Allir velkomnir.

**14.00** Low Roar spilar á tónleikum á Laundromat. Aðgangur er ókeypis.

**15.00** Hellvar og Úlfur spila á tónleikum í Smekkleysu. Allir velkomnir.

**15.00** Matthew Hemerlein, Ghost Town Jenny, Vibeke Falden, Elephant Stone og Lockerbie á Reykjavík Downtown Hostel. Aðgangur er ókeypis.

**16.00** Caged Animals, Murmansk, Ter Haar og K-X-P spila á tónleikum á Hressó. Aðgangur er ókeypis.

**16.00** Vigri, Vicky og Sykur spila á tónleikum í Hjartagarðinum. Allir velkomnir.

**16.00** Berndsen, Hermigervill, Oculus, President Bongo með Högna Egilssyni og Earth, Rabbi Bananas, Snorri Helgason, Sykur og Þórunn Antonía koma fram á Ingólfsstræti 8. Allir velkomnir.

**16.00** Hyrrrokkin, Just Another Snake Cult, Sindri Eldon, Instrument project, Miri, Úlfur, Guðmundur Úlfarsson, Baku Baku og oFF koma fram á Kaffistofunni. Aðgangur er ókeypis.

**17.00** Hellvar, Úlfur Úlfur, Less Win, Bárujárn og Deathcrush spila á Bar 11. Aðgangur er ókeypis.

**17.00** Útidúr og Sóley spila í Eymundsson í Austurstræti. Aðgangur er ókeypis.

**17.00** Borko og Retro Stefson spila í Kormáki og Skildi. Aðgangur er ókeypis.

**17.00** Spaceships are cool, TechSoul, The Esoteric Gender, Þórunn Antonía, Möllerdiskó, Nana, Magga og Ragga og Haffi Haff koma fram á Barböru. Aðgangur er ókeypis.

**17.30** Mógil og Helgi Rafn Jónsson spila í versluninni 12 Tónum. Allir velkomnir.

**18.00** Dj AnDre, Subminimal, Ahma, Beatmakin Troopa spila tónlist á vegum Extreme Chill í Vesturbæjarlauginni.

**18.00** Dikta, Rakel Mjöll og Gabby Maiden koma fram á Hemma og Valda. Aðgangur er ókeypis.

**18.10** Hauschka, Nadia Sirota og Valgeir Sigurðsson, Guðrið, Bedroom Community DJ, Karlakór Kaffibarsins og DJ Kári halda uppi stuðinu á Kaffibarnum. Aðgangur er ókeypis.

### Leiklist

**20.00** Leiksýningin Alvöru menn er sýnd í Austurbæ. Miðaverð er kr. 3.500.

**20.00** Gálma er sýnt í Norðurpólnum, Sefgörðum 3. Miðaverð er kr. 1.800.

**20.00** Nemendaleikhús Listaháskóla Íslands sýnir Á botninum í Smiðjunni. Miðaverð er kr. 1.500.

### Fyrirlestrar

**12.00** Guðbjörg Linda Rafnsdóttir prófessor í félagsfræði fjallar um ólíka upplifun kynjanna á Hallveigarstöðum, Túngötu 14.

**12.00** Hjörleifur Sveinbjörnsson flytur fyrirlesturinn Huang Nubo og kínversk-íslenski menningarsjóðurinn í Árnagarði 301 í Háskóla Íslands.

**12.00** Dr. Gunilla Herolf flytur fyrirlesturinn Breytingar á öryggissamvinnu í Evrópu - áhrif á stofnanir og smáríki í stofu 201 í Odda í Háskóla Íslands.

**14.00** Harpa Arnardóttir, leikkona og leikstjóri, flytur fyrirlestur í Ketilhúsinu í Listagili. Aðgangur er ókeypis.

### Eldri borgarar

**09.30** Korpúlfarnir standa fyrir sundleikfimi í Grafarvogssundlaug kl. 9.30 og listasmiðju á Korpúlfsstöðum kl. 13.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**

# Lifandi vísindi Bjarkar

Tónleikar ★★★★

**Björk**

Silfurberg í Hörpu

**Iceland Airwaves, 12. okt. 2011**

Það ríkti mikil eftirvænting í Silfurbergssal Hörpu á miðvikudagskvöldið, en þar fóru fram fyrstu tónleikarnir í Biophiliu-tónleikaröð Bjarkar í Hörpu sem um leið voru hennar fyrstu tónleikar á Iceland Airwaves-hátíðinni. Þegar gengið var í salinn blasti við óvenjuleg uppsetning. Stórt svið var í miðjum salnum, en áhorfendum var raðað út frá því í fjórar áttir. Á sviðinu mátti sjá skrýtin hljóðfæri, þar á meðal fjóra þriggja metra háa pendúla. Yfir því héngu svo skjáir í hring sem í upphafi sýndu Biophiliu-stjörnukortið.

Þegar tónlistarfólkið hafði komið sér fyrir á sviðinu kynnti rödd Davids Attenborough Biophiliu-verkefnið í nokkrum orðum og tilfinningin sem maður fékk var meira eins og að vera staddur á einhverri vísindasýningu en tónleikum. Áður en fyrsta lagið, Thunderbolt, hófst seig stórt búr niður úr loftinu, en í því voru tvö Teslakefli sem neistuðu eldingum þegar bassalínan í laginu hljómaði. Mjög tilkomumikil sjón.

Björk flutti öll lögin af Biophiliu-plötunni á tónleikunum, en að auki nokkra eldri smelli, m.a. Hidden Place, Isobel og Mouth's Cradle. Það voru þrír hljóðfæraleikarar á sviðinu með henni; tölvu- og hljómborðsleikarinn Matt Robertson, slagverksleikarinn Manu Delago og Jónas Sen sem lék í nokkrum lögum og fékk m.a. þann heiður að leika á sérsmíðaða selestu. Mest fór samt fyrir stelpunum úr Graduale Nobili-kórnum sem voru yfir tuttugu talsins og sungu og dönsuðu í flestum lögunum.

Þetta voru mjög óvenjulegir tónleikar. Biophiliu-lögin voru flest mjög lík útgáfunum á plötunni, en eldri lögin voru í nýjum útsetningum í anda plötunnar. Það var mikil hreyfing á sviðinu allan tímann, Björk sneri sér til skiptis að áhorfendum allt í kringum sviðið og stelpurnar voru á stöðugri hreyfingu. Á skjáunum var sýnt myndefni sem tengdist lögunum sem var verið að spila, oftast náttúru- og vísindatengt. Biophilia fjallar um tengsl tónlistar við náttúru og tækni og oft fannst manni maður vera staddur á einhvers konar náttúruvísindasýningu. Það er samt líka alltaf ævintýrablær hjá Björk, sem á miðvikudagskvöldið kom m.a. fram í litskrúðugum og glansandi búningum kórstelpnanna og þessari stóru og skrýtnu rauðu hárkollu sem Björk hafði á hausnum.

Eftir fimmtán lög hvarf Björk af sviðinu, en kom aftur eftir upplklapp og flutti lögin One Day, Náttúra (sem hún tileinkaði Eyjafjallajökli „og Kötlu ef hún stendur sig") og Declare Independence, við mikinn fögnuð. Útsetningin á One Day var einn af hápunktum kvöldsins en í því var enginn annar undirleikur en hang-ásláttur Manus Delago.

Á heildina litið var þetta einstök kvöldstund. Þetta voru ekki bara tónleikar, heldur flókin og úthugsuð margmiðlunarsýning. Ég hefði alveg verið til í að heyra aðeins fleiri gömul lög til að létta stemninguna aðeins, en þetta var samt mjög flott. Mikilfenglegt. Ég hefði ekki viljað missa af þessu.

**Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Tónleika-, margmiðlunar- og vísindasýning Bjarkar í Hörpu á miðvikudagskvöldið var einstök upplifun.

ICELAND AIRWAVES '11
October 12-16 FOUNDING SPONSOR ICELANDAIR

**FLUGSKÝLI 4, ÁRIÐ 1999.
FYRSTA ICELAND AIRWAVES
HÁTÍÐIN HALDIN.**

**2011
MET SLEGIÐ Í KOMU ERLENDRA
FERÐAMANNA Á HÁTÍÐINA.**

Icelandair er stofnandi og aðalstyrktaraðili
Iceland Airwaves.

ICELANDAIR

# fólk

folk@frettabladid.is

**6.300 KRÓNUR** kostar í Blue Lagoon-partí Iceland Airwaves á morgun. Innifalið í því er rútuferð á staðinn og miði í teitið í lóninu bláa.

ICELAND AIRWAVES '11

**Miðvikudagurinn 12. október**

## FÓLK Á AIRWAVES

Það var margt um manninn á tónleikum Blaz Roca á Gauki á Stöng á miðvikudagskvöld. Orri Páll Dýrason og Kjartan Sveinsson úr Sigur Rós voru á staðnum, auk **Valdimars Guðmundssonar**, forsprakka hljómsveitarinnar Valdimar. Þorsteinn Stephensen, fyrrverandi stjórnandi Iceland Airwaves og stofnandi hátíðarinnar, var einnig á meðal gesta.

Biophilia-tónleikar Bjarkar Guðmundsdóttir voru haldnir í Silfurbergi í Hörpunni þetta sama kvöld. Eldar Ástþórsson, kynningarfulltrúi CCP, og kona hans Eva Einarsdóttir borgarfulltrúi voru í húsinu. Fatahönnuðurinn **Harpa Einarsdóttir** var þar líka, rétt eins og Guðjón Már Guðjónsson stofnandi OZ. Popparinn **Jón Jónsson** var sömuleiðis í Hörpunni, enda var bróðir hans Friðrik Dór að spila þar í Norðurljósasalnum. Airwaves-aðdáandinn og markaðssérfræðingurinn hjá N1, Jón Gunnar Geirdal, var einnig á svæðinu og virtist skemmta sér vel.

**- fb, áp**

**STUÐ Í HÖRPUNNI** Markús and the Diversion Sessions tróð upp í Kaldalóni í Hörpu. Gestir fengu hressilegt popp og kunnu vel að meta.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Hátíðin byrjar með látum

Iceland Airwaves ★★★

**Amaba Dama**

Faktorý

### Gleðin skein úr hverju andliti

Amaba Dama er reggísveit sem rapparinn Gnúsi Yones leiðir, en hún hefur vakið athygli undanfarið fyrir reggíútgáfu af Bjartmars-smellinum Týnda kynslóðin. Þetta er fjölmenn sveit sem er að hluta til skipuð sömu meðlimum og Ojba Rasta, a.m.k. á þessum tónleikum á Airwaves. Tónlist Amaba Dama er hressilegt alíslenskt reggí. Lögin þeirra voru misgóð og stundum fannst mér vanta aðeins meiri dýpt í hljóminn, en á köflum var Amaba Dama samt að gera mjög skemmtilega hluti á Faktorý á miðvikudagskvöldið. Gleðin skein úr hverju andliti á sviðinu og það smitaði áhorfendur. **- tj**

Iceland Airwaves ★★★★

**Sóley**

Kaldalón í Hörpunni

### Krúttlegt og kósí

Sóley Stefánsdóttir gaf út sína fyrstu sólóplötu, We Sink, í byrjun hausts og hlaut einróma lof fyrir. Áður hafði hún gert garðinn frægan með „indie" sveitunum Seabear og Sin Fang Bous.

Sóley steig á svið ásamt trommuleikara sínum og saman slógu þau tvö vart feilnótu. Tónlistin var hugljúf og krúttleg, líkt og Sóley sjálf sem heilladi tónleikagesti með skemmtilegu spjalli milli laga.

Þó að Sóley sé fyrst og fremst pianóleikari er hún einnig með fína rödd sem minnti á stundum á unga Emilíönu Torrini. Af tónleikunum að dæma má búast við miklu af þessari ungu tónlistarkonu í framtíðinni. **- sm**

Iceland Airwaves ★★★★

**Náttfari**

Kaldalón í Hörpu

### Spikfeitt síðrokk

Síðrokksveitin Náttfari lét nokkuð til sín taka fyrir um áratug en lagðist svo í dvala. Sveitin var endurvakin fyrir nokkrum misserum og hefur nú lokið við gerð fyrstu breiðskífu sinnar sem fáanleg er á Bandcamp og kemur á geisladiski á næstu dögum.

Náttfaramenn renndu sér í gegnum þétt prógramm og voru í flottu formi. Tónlist Náttfara er ekki beint vinsældavæn, enda að mestu ósungin, en sveitinni tókst að heilla viðstadda með þéttum samleik hrynparsins og flottum gítarleik, til að mynda í laginu Lævís köttur. Þetta var einstaklega grúví síðrokk, eins undarlega og það kann að hljóma, spikfeitt og töff sánd. **- hdm**

Iceland Airwaves ★★★

**Markús and the Diversion Sessions**

Kaldalón í Hörpunni

### Hreinræktað popp

Markús and the Diversion Sessions spila það það sem tónsmiðurinn og söngvarinn sjálfur kallaði „pjúra popp". Tónlistin er svolítið í anda Pavement, grípandi og skemmtileg.

Markús Bjarnason var áður söngvari hljómsveitarinnar Skáta áður en hann hóf sólóferil sinn með útgáfu plötunnar Now I Know. Frumraunin lofar góðu og verður gaman að fylgjast með framhaldinu, enda aldrei nóg til af góðri tónlist.

Tónleikarnir voru hressir, Markús var einlægur á sviði og spjallaði um daginn og veginn við tónleikagesti á milli laga. **- sm**

Iceland Airwaves ★★

**Dikta**

Norðurljós í Hörpu

### Stemningsleysi

Þrátt fyrir að Dikta sé þekkt sem ein besta tónleikasveit landsins átti hún í mestu vandræðum með að ná upp stemningu í Norðurljósasalnum. Kannski var sveitin þreytt eftir tónleikaferð sína um Þýskaland. Ekki hjálpaði samt til að helmingur tónleikagestanna sat á miðju gólfinu nánast allan tímann á meðan hinn helmingurinn stóð allt í kring. Aðeins nokkrar hræður stóðu uppi við sviðið og langmesta lífið var í þeim.

Stórundarlegt svo ekki sé meira sagt. Einnig hafði það sín áhrif að meginuppistaðan í tónleikadagskránni voru gömul og margspiluð Diktu-lög. Ferskleikann vantaði og þegar áhorfendur eru farnir að hrópa á sveitina að spila ný lög er ljóst að breytinga er þörf. Tvö ný lög fengu þó að fljóta með og þau voru fín, sér í lagi það fyrra, og lofa þau góðu fyrir væntanlega plötu. **- fb**

Iceland Airwaves ★★★

**Ourlives**

Silfurberg í Hörpu

### Flottur söngvari

Það verður seint sagt að Ourlives hafi náð upp brjáláðri stemningu í Silfurbergssalnum. Maður ímyndar sér einhvern veginn að bæði hljómsveitin og aðdáendur hennar sé vanari sveittari stemningu á öldurhúsum bæjarins.

Ourlives spilaði nokkur vinsæl lög af fyrri plötu sinni og kynnti til leiks efni af nýútkominni plötu. Ágætis sveit sem söngvarinn Leifur Kristinsson ber uppi. **- hdm**

## krakkasíðan

krakkar@frettabladid.is

**„Vildi alveg eiga Pétur Jóhann fyrir pabba," segir Bára Lind Þórarinsdóttir, sem leikur stelpuna í Heimsenda.**

**Krakkasíðan er í helgarblaði Fréttablaðsins**

Fleiri dóma og myndir er að finna á VÍSIR Lífið
Fleiri partí, meira fjör

• VIÐ STÆKKUM OG LÆKKUM Í SPORT-OUTLET •

# OKTÓBER SPRENGJA

## 20% AUKA-AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

**SÉRTILBOÐ**
Á VÖLDUM VÖRUM

SPRENGJUMIÐARNIR GEFA BESTA VERÐIÐ

Verð nú:
*Ódýrt*

## ÓTRÚLEG VERÐ

| Vara | Venjulegt verð | Outlet-verð | Sprengjuverð |
|---|---|---|---|
| Puma hettupeysa, dömu | 11.990 kr. | 7.990 kr. | **6.392 kr.** |
| Puma barnagalli | 8.990 kr. | 5.990 kr. | **4.792 kr.** |
| Speedo sundbolur, dömu | 6.990 kr. | 4.990 kr. | **3.992 kr.** |
| Puma vindjakki, herra | 17.990 kr. | 9.990 kr. | **7.992 kr.** |
| Cintamani peysa, dömu | 23.990 kr. | 16.990 kr. | **13.592 kr.** |
| Speedo sundskýla, herra | 6.490 kr. | 3.990 kr. | **3.192 kr.** |
| Vectana hlaupaskór, dömu | 28.990 kr. | 17.990 kr. | **14.392 kr.** |
| Puma hliðartaska | 8.490 kr. | 4.990 kr. | **3.992 kr.** |
| Speedo sundbuxur, stráka | 4.990 kr. | 2.990 kr. | **2.392 kr.** |

**VERIÐ VELKOMIN Í STÆRRI VERSLUN Á SAMA GÓÐA STAÐNUM**

SPORT OUTLET

**Vínlandsleið 6-8 113 Reykjavík**

Opið: Virka daga kl. 11-18
Laugardaga kl. 11-16
Sunnudaga kl. 13-17



SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ
FULLKOMIN GÆÐI!

SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| ÞÓR 3D ÍSL. TAL | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| ÞÓR 3D LÚXUS ÍSL. TAL | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| ÞÓR 3D ENSKT TAL | KL. 8 | L |
| ÞÓR 2D ÍSL. TAL | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| BORGRÍKI | KL. 6 - 8 - 10 | 14 |
| BORGRÍKI LÚXUS | KL. 8 - 10 | 14 |
| WHAT´S YOUR NUMBER | KL. 8 - 10.20 | 12 |
| KILLER ELITE | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| RAUÐHETTA 2 3D ÍSL.TAL | KL. 3.40 | L |
| JOHNNY ENGLISH REBORN | KL. 5.45 - 10.15 | 7 |
| STRUMPARNIR 3D ÍSL.TAL | KL.3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| ÞÓR 3D ÍSL.TAL | KL. 5.50 | L |
| BORGRÍKI | KL. 8 - 10 | 14 |
| MIDNIGHT IN PARIS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| WHAT´S YOUR NUMBER | KL. 5.40 - 8 | 12 |
| ELDFJALL | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| ABDUCTION | KL. 10.30 | 12 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| ÞÓR 3D / 2D | KL. 6 | L |
| KILLER ELITE | KL. 10 | 16 |
| BORGRÍKI | KL. 8 - 10 | 14 |
| ELDFJALL | KL. 8 | L |



midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075






Tilboð í bíó. Gildir á sýningar merktar með rauðu

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| BORGRÍKI | 4, 6, 8 og 10 |
| ÞÓR - 3D | 4(1000 kr) og 6 |
| KILLER ELITE | 8 og 10.15 |
| ABDUCTION | 10.15 |
| JOHNNY ENGLISH | 4(700 kr), 6 og 8 |



SAMBÍÓIN










SPARBÍÓ
MIÐVIKUDAGAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU KR. 1000
Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT
tryggðu þér miða á sambio.is

SAMbíóin ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| FOOTLOOSE | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 2D | 10 |
| BANGSÍMON M/ísl. Tali | kl. 4 - 6 | 2D | L |
| REAL STEEL | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 2D | 12 |
| REAL STEEL Luxus VIP | kl. 8 - 10:30 | 2D | VIP |
| CONTAGION | kl. 8 - 10:30 | 2D | 12 |
| CONTAGION Luxus VIP | kl. 5:50 | 2D | VIP |
| JOHNNY ENGLISH REBORN | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | L |
| KONUNGUR LJÓNANNA - 3D M/ísl. Tali | kl. 4 | 3D | L |
| KONUNGUR LJÓNANNA M/ísl. Tali | kl. 3:30 | 2D | L |
| DRIVE | kl. 8 | 2D | 16 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 4 - 6 | 2D | L |
| CRAZY, STUPID, LOVE | kl. 10:30 | 2D | 7 |

SAMbíóin AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| BANGSÍMON | kl. 6 | 2D | L |
| FOOTLOOSE | kl. 8 - 10:20 | 2D | 10 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6 | 2D | L |
| REAL STEAL | kl. 8 - 10:20 | 2D | 12 |

SAMbíóin SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| FOOTLOOSE | kl. 8 - 10:20 | 10 |
| BORGRÍKI | kl. 8 - 10:20 | 14 |
| BANGSÍMON M/ísl. Tali | kl. 6 | L |
| KONUNGUR LJÓNANNA M/ísl. Tali | kl. 6 | L |

SAMbíóin EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| ÞÓR: HETJUR VALHALLAR m/ísl tali | kl. 3:30 - 5:40 | 3D | L |
| FOOTLOOSE | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 2D | 10 |
| REAL STEEL | kl. 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| THE LION KING m/ísl tali | kl. 3:30 | 2D | L |
| ALGJÖR SVEPPI m/ísl tali | kl. 3:30 - 5:40 | 2D | L |
| DRIVE | kl. 8 - 10:20 | 2D | 16 |
| BANGSÍMON m/ísl tali | kl. 3:30 - 5:40 | 2D | L |
| CRAZY, STUPID, LOVE | kl. 8 | 2D | 7 |
| CONTAGION | kl. 10:30 | 2D | 16 |

SAMbíóin KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| FOOTLOOSE | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 2D | 10 |
| THE SKIN I LIVE IN | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 2D | 16 |
| BANGSÍMON M/ísl. Tali | kl. 4 - 6 | 2D | L |
| REAL STEEL | kl. 10 | 2D | 12 |
| KONUNGUR LJÓNANNA - 3D M/ Ensku. Tali | kl. 4 | 3D | L |
| THE LION KING - 3D íslenskt M/ Ensku. Tali | kl. 8 | 3D | L |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 3:40 | 2D | L |

SAMbíóin KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| FOOTLOOSE | kl. 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| BORGRÍKI | kl. 8 - 10:10 | 2D | 14 |
| HETJUR VALHALLAR : ÞÓR m/ísl tali | kl. 6 | 3D | L |
| WINNIE THE POOH : BANGSÍMON m/ísl tali | kl. 6 | 2D | L |

Þær Erla, Arnþrúður, Sara Rína og Anna Rakel biðu spenntar eftir frumsýningunni. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Brakandi stuð á Borgríki

**Það var mikil eftirvænting í loftinu þegar Ólafur Jóhannesson og samstarfsfólk hans frumsýndi kvikmyndina Borgríki í Háskólabíói á ansi votu og vindasömu miðvikudagskvöldi. Myndin lagðist vel í áhorfendur sem klöppuðu vel og lengi fyrir öllu tökuliðinu en það sletti duglega úr klaufunum eftir frumsýningu í húsakynnum Mjölnis við Seljaveg.**

Carmen og Óli Hjörtur voru prúðbúin í tilefni dagsins.

Ágústa Eva Erlendsdóttir leikur stórt hlutverk í kvikmyndinni Borgríki og kærastinn hennar, Jón Viðar, var tökuliðinu innan handar.

Margarita, Hermann og Mila mættu að sjálfsögðu í Háskólabíó.

Hjónin Björn Thors og Unnur Ösp Stefánsdóttir, og kvikmyndaleikstjórinn Hilmar Oddsson voru meðal gesta.

BÍÓ ★ PARADÍS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is

FÖSTUDAGUR: ICELAND AIRWAVES DAGAR: EVERYTHING, EVERYWHERE, ALL THE TIME 16:00 ■ WEIRD GIRLS PROJECT 16:00 ■ GARGANDI SNILLD 16:00 ■ BACKYARD 16:00 ■ MIDNIGHT IN PARIS 18:00, 20:00, 22:00 ■ JÓN OG SÉRA JÓN 18:00, 20:00 ■ ALEJANDRO JODOROWSKY – EL TOPO 20:00 ■ SVINALANGORNA 22:30 ■ ANDLIT NORÐURSINS 18:00 ■ Á ANNAN VEG 22:00 ■ CARLOS 22:00 ÍSLENSKUR TEXTI. *ENGLISH SUBTITLES.*

VERTU FASTAGESTUR!






# POKADAGAR
# Í OUTLET 10

## SÍÐUSTU DAGAR VERÐHRUNS

Í tilefni þess verða brjálaðir pokadagar í aðeins fimm daga

Tvö verð, millistærð á **8.000** og stór á **14.000**

## OG SVO ER BARA AÐ TROÐA!

Það sem er í boði: úlpur, gallabuxur, kjólar, bolir, skyrtur, skór og margt margt fleira. Ekki láta þig vanta!

**OPIÐ:** MÁN - FÖS 11 - 18, LAUGARDAG 11 - 18
SUNNUDAG 12 - 18 erum á facebook

**OUTLET 10**
+++ merki fyrir minna +++
FAXAFENI 10 - s. 578 7977

# sport

sport@frettabladid.is

**SVINDL STABÆK-MANNA** í sölu félagsins á Veigari Páli Gunnarssyni til Vålerenga mun ekki aðeins kom niður á franska félaginu Nancy. Það kom fram í kvöldfréttum Stöðvar tvö í gær að íslensku félögin Stjarnan og KR, þar sem Veigar Páll lék með áður en hann fór út, eru líka að missa af stórum upphæðum við það að kaupverð Veigar sé skráð upp á eina milljón en ekki upp á fimm milljónir sem það virðist hafa verið. Stjarnan, uppeldisfélag Veigars Páls, missti af þremur milljónum, við þetta brask Stabæk og Vålerenga.

**BREYTINGAR** Edda og Sara Björk verða með en ekki Katrín. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Kvennalandsliðið valið:

## Edda aftur með

**FÓTBOLTI** Sigurður Ragnar Eyjólfsson kvennalandsliðsþjálfari valdi 18 manna hóp fyrir útileiki gegn Ungverjum og Norður-Írlandi í undankeppni EM sem fara fram 22. og 26. október.

Edda Garðarsdóttir kemur aftur inn í hópinn eftir meiðsli, Katrín Ómarsdóttir er ekki valin að þessu sinni en Laufey Ólafsdóttir heldur sæti sínu.

Að öðru leyti kemur Sigurður Ragnar ekki á óvart með vali sínu en Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir, fyrirliði Íslandsmeistara Stjörnunnar, er sú eina í hópnum sem ekki á að baki A-landsleik. - óój

**Landsliðshópurinn**

| | |
|---|---|
| **Markverðir:** | |
| Þóra B. Helgadóttir | Malmö |
| Guðbjörg Gunnarsdóttir | Djurgården |
| **Aðrir leikmenn:** | |
| Katrín Jónsdóttir | Djurgården |
| Edda Garðarsdóttir | Örebro |
| Margrét Lára Viðarsdóttir | Kristianstad |
| Dóra María Lárusdóttir | Djurgården |
| Hólmfríður Magnúsdóttir | Valur |
| Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir | Örebro |
| Sara Björk Gunnarsdóttir | Malmö |
| Sif Atladóttir | Kristianstad |
| Guðný B. Óðinsdóttir | Kristianstad |
| Laufey Ólafsdóttir | Valur |
| Málfríður Erna Sigurðardóttir | Valur |
| Hallbera Guðný Gísladóttir | Valur |
| Fanndís Friðriksdóttir | Breiðablik |
| Dagný Brynjarsdóttir | Valur |
| Þórunn Helga Jónsdóttir Vitoria de Santao Anta | |
| Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir | Stjarnan |

UEFA dæmdi Rooney í gær:

## Missir af allri riðlakeppni EM

**FÓTBOLTI** UEFA dæmdi í gær enska landsliðsmanninn Wayne Rooney í þriggja leikja bann fyrir brottrekstur hans á móti Svartfjallandi á dögunum. Rooney missir því af allri riðlakeppni EM næsta sumar.

Rooney fékk beint rautt spjald á 73. mínútu í 2-2 jafntefli í Svartfjallalandi eftir að hafa sparkað aftan í Svartfellinginn Miodrag Dzudovic.

Sparkspekingar fóru í framhaldinu af þessum dómi UEFA að velta því fyrir sér hvort Fabio Capello, landsliðsþjálfari Englands, myndi yfirhöfuð velja Rooney í EM-hópinn sinn en flestir telja þó að Rooney fái að vera með. - óój

**EINIR MEÐ FULLT HÚS Á TOPPNUM** Ingimundur Ingimundarson og félagar í Fram hafa unnið fjóra fyrstu leiki sína í N1 deild karlam en Ingimundur gekk til liðs við Safamýrarliðið í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

# Fram yfirbugaði grýluna

**Óvænt spenna varð í lokin í leik Vals og Fram í gær. Á endanum náðu gestirnir úr Safamýri að vinna og hafa fullt hús eftir fjórar umferðir. Framarar unnu þarna sinn fyrsta sigur í Vodafone-höllinni síðan árið 2007.**

**HANDBOLTI** „Það hefur eitthvað verið viðloðandi þetta hús, ég veit ekki alveg hvað það hefur verið," sagði Magnús Erlendsson, markvörður Fram, eftir að liðið sótti bæði stigin á Hlíðarenda í gær. Framarar höfðu ekki unnið á heimavelli Vals síðan 2007.

Loks kom sigurinn í gær en hann gerir það að verkum að Fram er með fullt hús stiga að loknum fjórum umferðum. Fram var í betri gír í gær og miðað við hvernig leikurinn spilaðist voru fáar vísbendingar um að áhorfendur fengju spennu í lokin.

Sóknarleikur Vals var lengst af hugmyndasnauður en varnarleikurinn gerði það að verkum að gestirnir náðu ekki að stinga alvarlega af. Í lokin fékk Valur tækifæri til að jafna leikinn en tókst það ekki.

„Ég veit ekki hvað þetta var í lokin," sagði Magnús. „Það var eins og menn þorðu ekki að klára leikinn, við vorum alltof rólegir sóknarlega og enginn var að þora að taka af skarið. Þegar við skutum á markið var enginn kraftur í skotunum. Sem betur fer héldum við þá haus varnarlega."

Magnús man eftir síðasta sigri Fram á Hlíðarenda. „Mig minnir að Rúnar Kárason hafi skorað tíu mörk úr tíu skotum í seinni hálfleik og átt leik lífsins," sagði hann.

„Byrjun tímabilsins er miklu betri en við þorðum að vona. Við vissum að við ættum eftir að spila okkur betur saman sóknarlega svo við höfum lagt áherslu á vörn og markvörslu. Þetta hefur gengið vel og skilað okkur átta stigum."

Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Vals, sagði eftir leik að Fram væri einfaldlega líklegasta liðið í dag en Magnús er ekki byrjaður að fagna. „Mótið er nýbyrjað, við unnum marga leiki í röð í fyrra og fólk sagði það sama en svo kom mjög lélegur kafli. Það er of snemmt að segja til um það," sagði Magnús. - egm

**BJARKI MÁR ELÍASSON** Ellefta marki hans tryggði HK stig. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

HK og FH gerðu jafntefli:

## Bjarki Már var hetja HK-liðsins

**HANDBOLTI** Bjarki Már Elísson var hetja HK þegar hann jafnaði metin úr vítakasti 30-30 gegn Íslandsmeisturum FH í gærkvöld eftir að leiktíminn var liðinn.

„Þetta var virkilega sætt. Mér fannst ég vera heitur á vítapunktinum í leiknum og það var enginn efi í mínum huga. Ég fór bara beint á punktinn og klára þetta. Ég tók bara boltan," sagði Bjarki sem skoraði þar sitt ellefta mark í leiknum.

„Við réðum ekkert við Ólaf Gústafsson í fyrri hálfleik og hann var ástæðan fyrir því að við vorum undir. Við náðum að pressa á hann í seinni hálfleik. Mér fannst við vel geta tekið bæði stigin en eftir á að hyggja er eitt stig betra en ekkert."

„Fólk er búið að tala um að það sé einhver deyfð yfir þessu hjá okkur. Ég er ekki sammála því og við sýndum það í leiknum. Það var mikil stemning sem skilaði sér á pallana þar sem áhorfendur skemmtu sér," sagði Bjarki Már að lokum. - gmi

Umspil um sæti á EM 2012:

## Eistar og Írar drógust saman

**FÓTBOLTI** Annaðhvort Eistland eða Írland komast í úrslitakeppni EM í fótbolta eftir að þjóðirnar drógust saman í gær í umspili um laust sæti á EM 2012.

Leikirnir eru áhugaverðir en Portúgal, sem kemur úr riðli Íslands, þarf að glíma við Bosníu og Hersegóvínu sem var mjög nálægt því að slá út Frakka.

Fyrri leikirnir fara fram 11. og 12. nóvember en síðari leikirnir 15. nóvember. - óój

**Leikirnir í umspilinu:**

| | |
|---|---|
| Tyrkland - Króatía | Eistland - Írland |
| Tékkland - Svartfjallaland | Bosnía - Portúgal |

KR, Grindavík og ÍR unnu sína leiki í fyrstu umferð Iceland Express-deildar karla í körfubolta í gærkvöldi:

# Meistararnir í erfiðleikum með nýliða Þórs

**KÖRFUBOLTI** KR-ingar áttu í erfiðleikum með nýliðana í Þór Þorlákshöfn í gær en lönduðu samt sem áður mikilvægum sigri, 90-84, í DHL-höllinni í gær, en þetta var fyrsti leikur beggja liða í Iceland-Express deild karla á tímabilinu.

Mikill haustbragur var á leik liðanna og greinilegt að þau eru ekki komin í nægilega góða leikæfingu. Nýliðarnir frá Þorlákshöfn stóðu samt vel í KR-ingunum allan leikinn og eru til alls líklegir í vetur.

„Þetta var gríðarlega mikilvægur sigur hjá okkur þar sem við vissum alveg að Þórsarar kæmu brjálaðir hingað," sagði Hrafn Kristjánsson, þjálfari KR, eftir sigurinn í gær.

„Fyrstu leikir móts geta verið erfiðir og þessi leikur spilaðist í raun alveg eins og ég bjóst við. Við vorum að spila lélega vörn í leiknum og hleyptum þeim allt of auðveldlega í gegn, en við náðum að klóra okkur fram úr þessu. Ég er svekktur með það að liðið náði aldrei almennilega að slíta sig frá Þórsurum."

„Það var ekki mikill munur á liðunum en nægilega mikill til að tapa leiknum og það er ég drullusvekktur með," sagði Benedikt Guðmundsson, þjálfari Þórs, eftir leikinn.

„Þetta var mjög jafn leikur en slæmur kafli í öðrum leikhluta hleypti þeim of langt frá okkur. Mér fannst við vera sjálfum okkur verstir oft á tíðum í kvöld og það gengur ekki á móti liði eins og KR."

**DAVID TAIRU** KR-ingar voru búnir að losa sig við gula litinn úr búningi sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

### Grindavík og ÍR unnu sína leiki

Grindvíkingar fylgdu eftir sigri í Meistarakeppni KKÍ með því að vinna sex stiga sigur á nágrönnum sínum í Keflavík, 86-80.

Grindavík lagði grunninn að sigrinum með góðum þriðja leikhluta eftir að Keflavík hafði verið með frumkvæðið framan af leik. Grindavík var 86-71 yfir en Keflavík lagaði stöðuna með því að skora níu síðustu stigin. Sjö leikmenn Grindavíkur skoruðu sjö stig eða meira. Magnús Þór Gunnarsson og Jarryd Cole fóru fyrir Keflavíkurliðinu.

ÍR-ingar byrjuðu einnig vel með því að vinna sjö stiga sigur á Fjölnismönnum í Grafarvoginum. - sáp, - óój

## ÚRSLIT Í GÆR

### *N1 deild karla í handbolta*

**Valur-Fram 20-21 (10-14)**
**Mörk Vals (skot):** Anton Rúnarsson 7 (12), Sturla Ásgeirsson 5/2 (9/2), Gunnar Harðarson 2 (2), Finnur Ingi Stefánsson 2 (4), Aron Sveinsson 1 (1), Valdimar Fannar Þórsson 1 (6), Orri Freyr Gíslason 1 (1), Atli Már Báruson 1 (1), Sigfús Sigurðsson 0 (1), Magnús Einarsson 0 (6).
**Varin skot:** Hlynur Morthens 21/1
**Hraðaupphlaupsmörk:** 3 (Sturla. Anton, Gunnar)
**Fiskuð víti:** 2 (Finnur Ingi, Orri)
**Utan vallar:** 4 mínútur
**Mörk Fram (skot):** Jóhann Gunnar Einarsson 5 (8), Róbert Aron Hostert 4 (7), Einar Rafn Eiðsson 4/4 (6/5), Ingimundur Ingimundarson 3 (4), Jóhann Karl Reynisson 2 (2), Ægir Hrafn Jónsson 1 (2), Sigurður Eggertsson 2 (5), Matthías Bernhöj Daðason 0 (1), Sigfús Páll Sigfússon 0 (2), Stefán Stefánsson 0 (2).
**Varin skot:** Magnús Erlendsson 18
**Hraðaupphlaupsmörk:** 2 (Ingimundur 2)
**Fiskuð víti:** 5 (Ægir 3, Jóhann, Stefán)
**Utan vallar:** 2 mínútur.

**Haukar-Akureyri 23-22 (14-13)**
**Mörk Hauka (skot):** Heimir Óli Heimisson 7 (8), Tjörvi Þorgeirsson 4 (6), Stefán Rafn Sigurmannsson 4 (9), Nemanja Malovic 3 (7), Freyr Brynjarsson 2 (3), Þórður Rafn Guðmundsson 2 (4), Gylfi Gylfason 1 (3/1), Einar Pétur Pétursson (1), Sveinn Þorgeirsson (2).
**Varin skot:** Birkir Ívar Guðmundsson 21/4 (43/7, 49%).
**Hraðaupphlaup:** 5 (Tjörvi 2, Þórður Rafn 1, Stefán Rafn 1, Gylfi 1).
**Fiskuð víti:** 1 (Freyr 1).
**Utan vallar:** 12 mínútur.
**Mörk Akureyrar (skot):** Bjarni Fritzs. 8/1 (18/2), Oddur Gretarsson 5/1 (8/4), Geir Guðmundsson 4 (7), Guðmundur Hólmar Helgason 2 (5), Bergvin Þór Gíslason 2 (6/1), Heimir Örn Árnason 1 (1), Guðlaugur Arnarsson (1), Hlynur Elmar Matthíasson (1).
**Varin skot:** Sveinbjörn Pétursson. 14 (37/1, 38%).
**Hraðaupphlaup:** 8 (Bjarni 5, Geir 2, Oddur 1).
**Fiskuð víti:** 7 (Bjarni 3, Geir 1, Guðmundur Hólmar 1, Guðlaugur 1, Hlynur Elmar 1).
**Utan vallar:** 8 mínútur.

**HK-FH 30-30 (14-16)**
**Mörk HK:** Bjarki Már Elísson 11/5 (18/5), Atli Ævar Ingólfsson 7 (8), Ólafur Bjarki Ragnarsson 5 (7), Atli Karl Bachmann 3 (6), Ólafur Víðir Ólafsson 2 (4), Leó Snær Pétursson 1 (3), Vilhelm Gauti Bergsveinsson 1 (1)
**Varin skot:** Arnór Freyr Stefánsson 3 (14) 21,4%, Björn Ingi Friðþjófsson 10/1 (29/1) 34,5%
**Hraðaupphlaup:** 5 (Bjarki 2, Atli Ævar, Ólafur Víðir, Vilhelm)
**Fiskuð víti:** 5 (Ólafur Víðir 2, Atli Ævar 2, Leó)
Utan vallar: 8 mínútur
**Mörk FH:** Ólafur Gústafsson 11 (16), Hjalti Þór Pálmason 6 (11), Baldvin Þorsteinsson 4/1 (5/1), Örn Ingi Bjarkason 3 (4), Atli Rúnar Steinþórsson 2 (2), Halldór Guðjónsson 2 (4), Andri Berg Haraldsson 1 (2), Ari Magnús Þorgeirsson 1 (3), Magnús Óli Magnússon (1)
**Varin skot:** Daníel Freyr Andrésson 19 (49) 38,8%
**Hraðaupphlaup:** 6 (Ólafur 2, Halldór 2, Hjalti, Ari)
**Fiskuð víti:** 1 (Ólafur)
**Utan vallar:** 6 mínútur

**STAÐAN Í N1 DEILD KARLA:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Fram** | **4** | **4** | **0** | **0** | **103-92** | **8** |
| Haukar | 4 | 3 | 0 | 1 | 106-91 | 6 |
| **HK** | **4** | **2** | **1** | **1** | **107-101** | **5** |
| FH | 4 | 2 | 1 | 1 | 106-105 | 5 |
| **Valur** | **4** | **1** | **1** | **2** | **93-90** | **3** |
| Akureyri | 4 | 1 | 0 | 3 | 100-98 | 2 |
| **Grótta** | **3** | **0** | **1** | **2** | **67-80** | **1** |
| Afturelding | 3 | 0 | 0 | 3 | 61-86 | 0 |

### *Iceland Express karla í körfu*

**KR-Þór Þorl. 90-84 (48-42)**
**Stig KR:** Edward Lee Horton Jr. 24, David Tairu 21, Hreggviður Magnússon 15, Finnur Atli Magnússon 15, Emil Þór Jóhannsson 9, Skarphéðinn Freyr Ingason 5, Jón Orri Kristjánsson 1.
**Stig Þór Þ.:** Darrin Govens 28 (10 frák.), Michael Ringgold 22 (15 frák.), Guðmundur Jónsson 13, Darri Hilmarsson 12, Grétar Ingi Erlendsson 7, Þorsteinn Már Ragnarsson 2.

**Grindavík-Keflavík 86-80 (36-38)**
**Stig Grindavíkur:** Giordan Watson 23 (6 stoðs.), Páll Axel Vilbergsson 16, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 13, Þorleifur Ólafsson 10, Ómar Örn Sævarsson 9, Ólafur Ólafsson 8, Jóhann Árni Ólafsson 7.
**Stig Keflavíkur:** Jarryd Cole 29 (16 frák.), Magnús Þór Gunnarsson 28 (6 stoðs.), Gunnar H. Stefánsson 6, Valur Orri Valsson 5, Ragnar Gerald Albertsson 5, Arnar Freyr Jónsson 4, Charles Michael Parker 3.

**Fjölnir – ÍR 101-109 (47-48)**
**Stig Fjölnis:** Árni Ragnarsson 23, Nathan Walkup 19, Jón Sverrisson 17, Calvin O'Neal 16, Arnþór Freyr Guðmundsson 12, Ægir Þór Steinarsson 11, Hjalti Vilhjálmsson 3
**Stig ÍR:** Nemanja Sovic 32, James Bartolotta 25, Kristinn Jónasson 19, Sveinbjörn Claessen 14, Hjalti Friðriksson 9, Eiríkur Önundarson 5, Ellert Arnarson 5.

**Fyrsta umferðin** klárast í kvöld en þá mætast Valur-Njarðvík, Tindastóll-Stjarnan og Haukar-Snæfelli. Allir leikir hefjast klukkan 19.15.

Akureyri tapaði í gær sínum þriðja leik í röð í N1-deild karla þegar liðið tapaði 22-23 fyrir Haukum í gær:

# Haukar höfðu betur í taugastríði á Ásvöllum

**HANDBOLTI** Birkir Ívar Guðmundsson, markvörður Hauka, sýndi í gær að hann getur skipt sköpum fyrir lið sitt enda átti hann stærstan hlut í naumum sigri sinna manna á Akureyri í gær, 23-22.

Birkir Ívar varði 21 skot í gær, þar af fjögur vítaskot, og þar að auki skot Bjarna Fritzsonar á lokasekúndum leiksins. Heimir Óli Heimisson hafði þá komið Haukum yfir og, þökk sé Birki, reyndist það sigurmark leiksins.

Leikur liðanna í gær var æsispennandi en þó voru Haukar skrefinu framar lengst af í leiknum. Misjöfn dómgæsla bætti ekki úr skák og bæði leikmenn og þjálfarar létu hana fara mikið í taugarnar á sér. Fyrir vikið var handboltinn ekki upp á marga fiska en skemmtanagildið þeim mun meira.

**BIRKIR ÍVAR GUÐMUNDSSON** Varði vel í marki Hauka í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Haukar fengu tækifæri til að gera fyrr út um leikinn en liðið er skipað ungum leikmönnum sem skortir stöðugleika. „Við erum enn að glíma við það að menn taki ekki mistökin með sér í næstu sókn og nái að hreinsa hugann inn á milli. En það er eðlilegt að það séu sveiflur í svo ungu liði."

Lið Akureyrar saknar öflugra leikmanna og var flogið með varnarmanninn Hrein Þór Hauksson sérstaklega til landsins til að spila þennan leik. Hann fer aftur utan til Svíþjóðar í dag þar sem hann er í námi.

„Við erum með marga leikmenn sem eru að fá sénsinn í fyrsta sinn. Þeir eru að fá dýrmætar mínútur og þeir munu læra af því. Það er ekkert lið sem hefur efni á því að missa fimm menn á einu bretti og það skýrir gengi okkar," sagði Atli en Akureyri hefur nú tapað þremur leikjum í röð í deildinni. „En það var dýrt að brenna af fimm vítum í þessum leik." **- esá**

*Hreyfill / Bæjarleiðir er styrktaraðili árveknisverkefnis Krabbameinsfélagsins.*

*Með hverri pantaðri ferð styrkir þú verkefni Krabbameinsfélagsins til að berjast gegn krabbameini hjá konum.*

*Af því tilefni höfum við sérmerkt bílana okkar enn á ný með bleikum taxaljósum og munu bílstjórarnir taka fagnandi á móti þér.*

*Taktu bleikan bíl næst þegar þú pantar leigubíl!*

„Bleika slaufan" er til sölu í bílunum okkar frá 1. – 15. október.

TAXI HREYFILL BÆJARLEIÐIR 5 88 55 22

Bleika slaufan

OTTÓ AUGLÝSINGASTOFA



## > Stöð 2 kl. 19.50
## Spurningabomban

***Það verður mikið fjör hjá Loga Bergmann í kvöld. Í tilefni af 25 ára afmæli Stöðvar 2 verða allar spurningarnar sóttar í litríka sögu stöðvarinnar. Að þessu sinni eru þrjú lið sem keppa og má búast við miklu fjöri. Vala Matt og Sveppi eru saman í liði, Pétur Jóhann og Jón Gnarr skipa annað lið og þau Örn Árna og Sigrún Ósk það þriðja.***

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON UPPLIFÐI HRYLLING
# *Kjarnorkuváin á RÚV*

Heimildarmyndir eru eitt skemmtilegasta sjónvarpsefni sem völ er á. Ég reyni yfirleitt að líma mig við sjónvarpið ef boðið er upp á vandaða vöru úr þessum geira og RÚV hefur staðið sig ágætlega í þessum efnum þótt alltaf megi gera betur.

Heimildarmyndin In My Lifetime var þörf áminning um það hversu stutt heimurinn er frá tortímingu ef ein kjarnorku- eða vetnissprengja kemst í hendur rangra aðila. Kjarnorkuríkin eru í rússneskri rúllettu með heimsbyggðina og þær voru hrikalegar lýsingarnar á hamförunum sem látnar voru ganga yfir íbúa Hiroshima og Nagasaki þegar 210 þúsund manns féllu í tveimur árásum Bandaríkjanna. Þrátt fyrir að árásirnar hafi átt stóran þátt í því að binda enda á seinni heimsstyrjöldina þá veltir maður því fyrir sér hvort ákvörðun Bandaríkjastjórnar að sprengja þessar borgir fari ekki í flokk með mestu grimmdarverkum sögunnar.

Í raun og veru er ótrúlegt til þess að hugsa að Sovétríkin og Bandaríkin skuli hafa haldið heimsbyggðinni í heljargreipum með stanslausum deilum um kjarnorkuvopn. Kúbudeilan varð meðal annars til þess að Bandaríkjamenn óttuðust í alvörunni að heimsendir væri í nánd (þeirri hræðslu var raunar gerð ágætis skil í einum Mad Men-þætti). Ánægjulegast við heimildarmyndina var hins vegar að sjá að fundur leiðtoga stórveldanna í Reykjavík hafði ekki verið algerlega tilgangslaus, hann opnaði litla rifu á járntjaldinu sem var þá kirfilega dregið fyrir og hleypti engum upp á svið.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Óskastundin **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.15** Sagnaslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Tilraunaglasið **14.00** Fréttir **14.03** Tónlistarklúbburinn **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Hraunfólkið **15.25** Ég er ekki að grínast **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Víðar úr víðáttunni **20.00** Leyniféléagið **20.30** Þjóðlagahátíðin á Siglufirði 2011 **21.10** Hringsól **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Litla flugan **23.00** Kvöldgestir **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**16.00 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)
**16.40 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)
**17.25 Otrabörnin** (28:41)
**17.50 Galdrakrakkar** (40:47)
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Andri á flandri** (4:6) (Vestfirðir) (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Útsvar** (Ísafjörður - Mosfellsbær) Spurningakeppni sveitarfélaga. Lið Ísafjarðar og Mosfellsbæjar keppa.
**21.20 Star Trek** (Star Trek) Hér segir frá James T. Kirk og félögum hans á geimskipinu Enterprise á yngri árum. Leikstjóri er J.J. Abrams og meðal leikenda eru Chris Pine, Zachary Quinto, Leonard Nimoy og Eric Bana. Bandarísk ævintýramynd frá 2009. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
**23.30 Barnaby ræður gátuna – Þeir leita hans hér** (7:8) (Midsomer Murders: They Seek Him Here) Bresk sakamálamynd byggð á sögu eftir Caroline Graham þar sem Barnaby lögreglufulltrúi glímir við dularfull morð í ensku þorpi.
**01.10 Barnið hennar Rosemary** (Rosemary's Baby) Bandarísk bíómynd frá 1968 byggð á skáldsögu eftir Ira Levin. Ung hjón flytja í nýja íbúð. Þeim þykja nágrannarnir einkennilegir og undarlegir atburðir gerast. Eftir að konan verður ófrísk með dularfullum hætti óttast hún mjög um öryggi barnsins. Leikstjóri er Roman Polanski. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna. (e)
**03.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (4:175)
**10.15 60 mínútur**
**11.00 Ramsay's Kitchen Nightmares** (2:4)
**11.50 The Amazing Race** (8:12)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Something's Gotta Give**
**15.05 Sorry I've Got No Head**
**15.35 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (17:21)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Týnda kynslóðin** (9:40) Týnda kynslóðin er frábær skemmtiþáttur í stjórn Björns Braga Arnarssonar og Þórunnar Antoníu Magnúsdóttur og munu þau fá til sín landskunna gesti í skemmtileg og óhefðbundin viðtöl.
**19.50 Spurningabomban** (3:9) Nýr og stórskemmtilegur spurningaþáttur í umsjá Loga Bergmanns Eiðssonar. Logi egnir saman tveimur liðum, skipuðum tveimur keppendum hvort, sem allir eiga það sameiginlegt að vera í senn orðheppnir, fyndnir og fjörugir og þurfa að svara laufléttum og skemmtilegum spurningum um allt milli himins og jarðar.
**21.05 The X Factor** (7:40) Stórglæsilegur skemmtiþáttur með Simon Cowell í fararbroddi. Rétt eins og í Idol verður sungið til sigurs, allt þar til einn söngvari eða söngflokkur stendur uppi sem sigurvegari, 5 milljón dollurum ríkari og með nýjan plötusamning. Auk Cowells eru í dómnefnd gamla vinkona hans úr Idol, Paula Abdul, upptökustjórinn, lagahöfundurinn og tónlistarmógúllinn L.A. Reid og Nicole Scherzinger sem kunnust er fyrir að vera aðalsöngkona The Pussycat Dolls.
22.35 Con Air
00.30 First Born
02.05 Daddy's Little Girls
03.45 Friday the 13th
05.20 Fréttir og Ísland í dag.

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.20 Cadillac Records**
**08.05 Make It Happen**
**10.00 Legally Blonde**
**12.00 Shark Bait**
**14.00 Make It Happen**
**16.00 Legally Blonde**
**18.00 Shark Bait**
**20.00 Cadillac Records**
**22.00 The Three Musketeers**
**00.00 Criminal**
**02.00 Insomnia**
**04.00 The Three Musketeers**
**06.00 Waiting to Exhale**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**17.15 OneAsia Tour - Highlights**
**18.05 Spænsku mörkin**
**19.00 Iceland Express deildin - upphitun**
**20.00 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu**
**20.30 La Liga Report**
**21.00 F1: Föstudagur**
**21.30 UFC 121**
**00.10 Winning Time: Reggie Miller vs NY Knicks**
**01.25 F1: Föstudagur**
**01.55 Formúla 1 - Æfingar**
**04.45 Formúla 1 2011 - Tímataka** BEINT

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**17.25 Sunnudagsmessan**
**18.40 Man. Utd. - Chelsea**
**20.30 Football League Show**
**21.00 Premier League Preview**
**21.30 Premier League World**
**22.00 PL Classic Matches: Tottenham - Man. Utd., 2001**
**22.30 Premier League Preview**
**23.00 Chelsea - Norwich**

## STÖÐ 2 EXTRA

**19.30 The Doctors** (134:175)
**20.15 Chuck** (10:19)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Heimsréttir Rikku** (8:8) Nýr og glæsilegur matreiðsluþáttur með Rikku þar sem hún fetar nýjar slóðir í íslenskri matreiðsluþáttagerð með því að helga hvern þátt matargerð þjóðar sem á sér ríkulega matarhefð.
**22.20 The Closer** (12:15)
**23.05 The Good Guys** (12:20)
**23.50 Sons of Anarchy** (12:13)
**00.35 Chuck** (10:19)
**01.20 The Doctors** (134:175)
**02.00 Fréttir Stöðvar 2**
**02.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.30 Game Tíví** (5:14) (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Game Tíví** (5:14) (e)
**12.30 Pepsi MAX tónlist**
**16.50 Being Erica** (8:12) (e)
**17.35 Rachael Ray**
**18.20 Parenthood** (8:22) (e)
**19.10 America's Funniest Home Videos - OPIÐ** (17:50) (e)
**19.35 America's Funniest Home Videos - OPIÐ** (43:50)
**20.00 Will & Grace - OPIÐ** (23:24)
**20.25 According to Jim** (9:18)
**20.50 Mr. Sunshine** (9:13) Matthew Perry fer fyrir frábærum hópi leikara í þessum sprenghlægilegu þáttum sem fengið hafa afbragðs góða dóma. Það kemur Ben í opna skjöldu þegar hann uppgötvar að kona sem hann átti einnar nætur gaman með, er hinn nýi aðstoðarmaður Crystal.
**21.15 HA?** (4:12) Stuðpinnarnir Hemmi Gunn, Gylfi Ægis og Edda Björgvins fá að taka þátt í fjörinu með Jóa G. og Sóla.
**22.05 The Bachelorette** (9:12) Bandarísk raunveruleikaþáttaröð.
**23.35 Hæ Gosi** (3:8) (e)
**00.05 Tobba** (4:12) (e)
**00.35 30 Rock** (7:23) (e)
**01.00 Got To Dance** (7:21) (e)
**01.50 Smash Cuts** (39:52)
**02.10 Judging Amy** (15:23) (e)
**02.55 Jimmy Kimmel** (e)
**04.25 Will & Grace** (23:24) (e)
**04.45 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁR GOLF

**06.00** ESPN America **07.00** The McGladrey Classic (1:4) **10.00** PGA Tour - Highlights (36:45) **10.55** The McGladrey Classic (1:4) **13.45** Inside the PGA Tour (41:45) **14.10** World Golf Championship 2011 (2:4) **18.00** The McGladrey Classic (2:4) **21.00** The McGladrey Classic (2:4) **00.00** ESPN America

## N4

**18.15** Föstudagsþátturinn

## BBC entertainment

**10.55** Keeping Up Appearances **11.25** Fawlty Towers **11.55** ,Allo ,Allo! **12.20** ,Allo ,Allo! **12.50** Jane Eyre **13.40** Jane Eyre **14.35** Keeping Up Appearances **15.05** Keeping Up Appearances **15.35** ,Allo ,Allo! **16.00** ,Allo ,Allo! **16.30** Fawlty Towers **17.00** Fawlty Towers **17.30** QI **18.00** QI **18.30** QI **19.00** QI **19.30** Live at the Apollo **20.15** Live at the Apollo **21.00** The Graham Norton Show **21.45** Skavlan **22.40** The Graham Norton Show **23.45** Live at the Apollo **00.30** Live at the Apollo **01.15** The Graham Norton Show

## DR 1

**11.05** Vores Liv. Kongerigets Kager **11.35** Aftenshowet **12.30** Gintberg på kanten **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Himmelblå **14.00** Benjamin Bjørn **14.15** Den travle by **14.30** Rosa fra Rouladegade **15.00** Hercule Poirot **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Hammerslag **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Skjulte Stjerner **19.00** TV Avisen **19.30** Skjulte Stjerner **19.45** Det Nye Talkshow med Anders Lund Madsen **20.30** Anamorph **22.05** Guess Who **04.00** Noddy

## NRK 1

**11.35** Urix **12.00** Nyheter **12.05** Norge rundt **12.30** Solgt! **13.00** Nyheter **13.10** Dallas **14.00** Nyheter **14.10** Matador **15.00** Nyheter **15.10** Fredag i hagen **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.40** Norge rundt **18.05** Beat for beat **18.55** Nytt på nytt **19.25** Skavlan **20.25** Sporløst forsvunnet **21.05** Kveldsnytt **21.20** En velutstyrt mann **21.50** Klassiske rockealbum **22.45** Hvem tror du at du er? **23.45** Country jukeboks m/chat

## SVT1

**11.30** Från Lark Rise till Candleford **12.30** Friday night dinner **12.55** Världens Barn **13.00** Moraeus med mera **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Världens Barn **15.00** Bröderna Reyes **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Tillsammans för Världens Barn **20.00** Skavlan **21.00** Smekmånad i Las Vegas **22.35** Rapport **22.40** Maskernas mästare **00.00** Rapport **00.05** True Blood **00.50** Starke man

## INN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Motoring **21.30** Eldað með Holta

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun


LYFJA – Lifið heil

Klár fyrir veturinn?

+15% afsláttur Hóstamixtúrur og Paratabs

Gildir til 20. október

www.lyfja.is

Lægra verð í Lyfju

ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF 56364 09/11

Eirberg

## Háls- og herðanudd

Shiatsu nudd með hita.
Dregur úr vöðvaspennu í hálsi og herðum.

## Nuddpúði

Shiatsu nudd, titringur og infrarauður hiti.
Hentar vel fyrir bak, háls og fótleggi.
Fjarstýring með margskonar stillimöguleikum.

## Nuddsætið

Bjóðum úrval nuddsæta sem hægt er að setja í flesta stóla og sófa.
Shiatsu nudd og infrarauður hiti.
Fjarstýring með margskonar stillimöguleikum.

BAUERFEIND®

# Viðurkenndar stuðningshlífar

- Veita góðan stuðning
- Vandaður vefnaður
  með góðri öndun
- Einstök hönnun
- Viðurkennd gæði
- Fjölbreytt úrval

## Fjölbrepa bakbrettið

- Teygir á hrygg og bakvöðvum
- Minnkar vöðvaspennu
- Linar bakverki
- Bætir líkamsstöðu
- Auðvelt í notkun

## Nálastungudýnan

- Dregur úr vöðvaspennu
- Höfuð- háls- og bakverkjum
- Er slakandi og bætir svefn
- Notkun 10-20 mínútur í senn
- Gefur þér aukna orku og vellíðan

Opið virka daga kl. 9 -18 og **laugardaga** kl. 11 -16 • Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

**FÖSTUDAGSLAGIÐ**

*„Believe með Cher. Þá líður mér eins og árið sé 1999 þegar allt var gott.“*

Björn Bragi Arnarsson, sjónvarpsmaður í Týndu kynslóðinni.

# Baltasar semur um Wahlberg-mynd

„Þetta hafðist og nú fer undirbúningur bara á fullt,“ segir Baltasar Kormákur kvikmyndaleikstjóri.

Samningar hafa náðst um að hann leikstýri spennumyndinni 2 Guns með Mark Wahlberg í aðalhlutverki. Eins og kom fram í fjölmiðlum fyrir skemmstu var Baltasar í viðræðum um að leikstýra tveimur verkefnum í Hollywood, annars vegar 2 Guns og hins vegar fjallamyndinni Everest.

Samkvæmt vefmiðlum í Bandaríkjunum verður þetta engin smámynd, talið er að kostnaðurinn verði í kringum 60 til 90 milljónir dollara eða sex til tíu milljarðar íslenskra króna eða næstum helmingi dýrari en Contraband, fyrsta alvöru Hollywood-mynd Baltasars. „Það er gert ráð fyrir því að tökur hefjist í mars á næsta ári.“

Verið er að ræða við aðra stórstjörnu um að leika í myndinni en Vince Vaughn, gamanleikarinn góðkunni, hefur verið orðaður við hana í dágóðan tíma. Ekki er þó líklegt að hann verði fenginn til verksins.

Að sögn leikstjórans er horft til Nýju-Mexíkó sem aðaltökustaðar og standa tökur væntanlega yfir í rúma þrjá mánuði. „Þetta er hálft ár sem fer í þetta verkefni þannig að maður þarf að finna hús, helst með sundlaug,“ grínast Baltasar með. 2 Guns er byggð á myndasögu eftir Steven Grant en það er handritshöfundurinn Blake Masters sem mun aðlaga söguna að hvíta tjaldinu. Meðal framleiðenda er Marc Platt en hann á meðal annars heiðurinn af kvikmyndunum Drive og Scott Pilgrim vs. the World. - fgg

**SANNKÖLLUÐ STÓRMYND** Baltasar Kormákur leikstýrir kvikmyndinni 2 Guns sem Mark Wahlberg mun leika aðalhlutverkið í. Tökur fara væntanlega fram í Nýju-Mexíkó en kostnaðurinn við gerð hennar er talinn hlaupa á sex til tíu milljörðum íslenskra króna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


Finndu okkur á facebook

25 ára velgengni
EÐAL GINSENGS
á Íslandi

nettó
fagnar tímamótunum
með því að bjóða
25% afslátt
til 25. október

Mundu eftir EÐAL á pakkanum!

www.ginseng.is

HLYNUR GUÐJÓNSSON: AÐEINS GEFIÐ Í VEGNA AFMÆLISINS

# Forsetahjónin skemmta sér með norræna aðlinum

Forseti Íslands og frú Dorrit Moussaieff taka þátt í glæsilegum galakvöldverði, þar sem allur norræni aðallinn verður viðstaddur, á Hilton-hótelinu í New York á vegum ASF eða American-Scandinavian Foundation næstkomandi föstudag, 21. október. Dýrustu borðin í veislunni kosta fimmtíu þúsund dollara eða tæpar sex milljónir íslenskra. „Það er aðeins gefið í vegna hundrað ára afmælis samtakanna,“ segir Hlynur Guðjónsson, ræðismaður Íslands í New York, en hann sat í undirbúningsnefnd kvöldverðarins. „Þetta er mikill viðburður,“ segir Örnólfur Thorsson forsetaritari.

Aðalstjörnur kvöldsins verða meðlimir konungsfjölskyldnanna og forsetaembætta Norðurlandanna. Fulltrúar Svíþjóðar verða Karl Gústaf og eiginkona hans, Silvía, en gustað hefur um þau hjón heima fyrir vegna upplýstrana um svallferðir konungsins og tengsl hans við sænska undirheima. Haraldur Noregskonungur heiðrar samkomuna með nærveru sinni ásamt Sonju drottningu en Friðrik krónprins og eiginkona hans, Mary Donaldson, mæta fyrir hönd Danmerkur. Loks verða forsetar Finnlands og Íslands, Tarja Halonen og Ólafur Ragnar, meðal gesta ásamt mökum sínum.

Að sögn Hlyns hafa þegar yfir þúsund manns boðað komu sína en þessi kvöldverður er árlegur og er aðalfjármögnun samtakanna. Hann er sérstaklega veglegur að þessu sinni vegna afmælisins. Fjölmargir nafntogaðir Íslendingar hafa verið viðloðandi stjórn samtakanna en meðal þeirra eru Ólafur Jóhann Ólafsson, aðstoðarforstjóri hjá Time Warner, Helgi Tómasson, listrænn stjórnandi hjá San Fransisco-ballettinum, Sigurjón Sighvatsson kvikmyndaframleiðandi, Björgólfur Guðmundsson, Þórunn Wathne og Friðrik Sophusson. Hlynur sagðist fastlega gera ráð fyrir því að meirihlutinn af því fólki sem tengdist stjórn samtakanna myndi mæta ef það ætti á annað borð heimangengt.

Mikil dagskrá er í kringum kvöldverðinn, meðal annars opnun sýningarinnar Luminous Modernism: Scandinavian Art Comes to America hinn 20. október í Scandinavian House. Á heimasíðu samtakanna, amscan.org, má finna dagskrá kvöldverðarins en þar kemur meðal annars fram að veislustjóri verði norska leikkonan Liv Ullmann. Jafnframt er gestum gerð grein fyrir því að allar myndatökur eru bannaðar og að stiginn verði dans um leið og borðhaldi lýkur.

freyrgigja@frettabladid.is

## GLÆSILEGUR GALA-KVÖLDVERÐUR

**Ólafur Ragnar** og **Dorrit** verða viðstödd glæsilegan galakvöldverð hjá American-Scandinavian Foundation. Dýrustu borðin kosta í kringum sex milljónir íslenskra króna en meðal nafntogaðra Íslendinga sem hafa verið viðloðandi stjórn samtakanna eru Helgi Tómasson og **Björgólfur Guðmundsson**. Veislustjóri kvöldsins verður hins vegar hin norska **Liv Ullmann**.

Allt í myrkri?

Snemma morguns dreifa um 450 blaðberar pósti og Fréttablaðinu heim til lesenda.

Til að tryggja öryggi blaðbera og dreifingu þarf lýsing að vera til staðar og aðkoma að póstlúgu í lagi.

Höfum útiljósin kveikt.

Með fyrirfram þökk,

Póst dreifing

Sími: 585 8300 www.postdreifing.is


# Gott að semja með kærastanum

„Ég er ótrúlega spennt. Ég hlakka svo mikið til,“ segir Bryndís Jakobsdóttir sem spilar í Kaldalónssal Hörpunnar á laugardagskvöld.

Þar kynnir hún fyrstu plötu dúettsins Song For Wendy, Meeting Point, sem kemur út í lok næstu viku á vegum Senu. Sveitin er samstarf Bryndísar og kærasta hennar, Danans Mads Mouritz. Þau kynntust árið 2008 í vinnubúðum fyrir lagasmiði á vegum tónlistarhátíðarinnar Spot í Árósum og hafa síðan þá unnið mikið saman í tónlistinni. „Við höfum verið að hjálpast mikið að en svo ákváðum við að byrja að semja saman og það gekk eitthvað svo vel. Það var allt saman svo auðvelt ferli. Við áttum aldrei í vandræðum með að semja saman,“ segir Bryndís.

Hún og Mads tóku upp plötuna eftir að hafa farið í tónleikaferðalag í desember í fyrra. Áður höfðu þau safnað saman mörgum af sínum uppáhaldsljóðum og voru lögin samin undir áhrifum frá þeim.

Í Hörpunni á laugardagskvöld verða þau tvö á sviðinu. Bæði syngja þau auk þess sem Mads spilar á kassagítar á meðan Bryndís býr til alls kyns falleg hljóð í tölvunni sinni. Lögin eru mörg hver rómantísk og hugguleg með elektrónískum áhrifum.

Bryndís segist vera með annan fótinn á Íslandi en þau Mads fara til Danmerkur á mánudag ásamt syni sínum Magnúsi sem er níu mánaða. Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu stundar hún lagasmíðanám við The Royal Danish Academy of Music og er einnig að vinna að næstu sólóplötu sinni. Sú fyrsta kom út fyrir þremur árum við góðar undirtektir. - fb

**SONG FOR WENDY** Fyrsta plata Bryndísar Jakobsdóttur og Mads Mouritz kemur út í næstu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

**Verið hjartanlega velkomin í verzlanir okkar.** Opið alla daga frá 10 til 19. Geysir Skólavörðustíg 16, sími 555 6310 og Geysir Haukadal, sími 480 6803. ***Greitt fyrir dýrari sokkana. Á meðan birgðir endast.***

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Merktur fyrir lífstíð

Varnartröllið **Grétar Sigfinnur Sigurðsson** er kominn með húðflúr og er nú kirfilega merktur KR á vinstri ökkla. Grétar var lykilmaður í meistaraliði KR sem vann bæði deild og bikar og lét því ártalið 2011 einnig fylgja með merki félagsins. Grétar vildi hins vegar lítið tjá sig um húðflúrið í samtali

við Fréttablaðið en staðfesti þó tilveru þess og viðurkenndi jafnframt að pláss væri fyrir nokkur ártöl í viðbót ef svo kynni að fara að fleiri titlar skyldu fara á loft í Vesturbæ Reykjavíkur.

### Tónleikakóngur Airwaves

Tónlistarhátíðin Airwaves er nú í algleymingi og tónlistarmenn landsins hafa margir hverjir í nógu að snúast. Líklega hefur þó enginn meira að gera en bassaleikarinn **Guðmundur Óskar Guðmundsson**. Hann spilar ekki aðeins með hljómsveit sinni, Hjaltalín, á hátíðinni heldur spilar hann einnig með tónlistarmönnunum Snorra Helgasyni og Birni Kristjánssyni, Borko. Þá mun hann að öllum líkindum spila með Dísu Jakobs og hljómsveit hennar. Alls munu tónleikarnir vera sautján talsins. Ekki er að minnsta kosti vitað til þess að aðrir tónlistarmenn spili á fleiri tónleikum í þetta sinn.



**- fgg, kh**

### Mest lesið vísir

1. Hæstiréttur dæmir Gunnar Rúnar í 16 ára fangelsi
2. Tölvan segir nei við móður í fjárhagsklípu
3. Árlega greinast 18 með krabbamein í munnholi og vör
4. Grænlenskur Hrói höttur fyrir Hæstarétti Danmerkur
5. Mennirnir komnir í leitirnar
6. Játaði bæði á sig nauðgun og morð eftir að hafa verið misþyrmt
7. Lögreglan lýsir eftir Ingólfi Snæ


JÓLIN ERU KOMIN HJÁ OKKUR!

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is



# Eitt það besta í svefnherbergið

## Gerið GÆÐA- og verðsamanburð

12 mánaða vaxtalausar greiðslur

### IQ-CARE*

**Ein besta heilsudýna í heimi,** háþróuð þrýstijöfnunarheilsudýna, með 7 svæðaskiptum svefnfleti, mjúk og þægileg við axlasvæði, veitir góðan stuðning við lágbakssvæði, fullkomin nýting á svefnfleti, þarf aldrei að snúa við

| Stærð | Verð |
|---|---|
| 90x200 | 144.900 kr. |
| 100x200 | 149.900 kr. |
| 120x200 | 164.900 kr. |
| 140x200 | 179.900 kr. |
| 153x203 | 179.900 kr. |
| 160x200 | 199.900 kr. |
| 180x200 | 229.900 kr. |
| 180x210 | 249.900 kr. |
| 193x203 | 259.900 kr. |

**Verðdæmi**

**PROFLEX**
2x90x200 **399.900 kr.**

**BOARD Wallhugger**
2x90x200 **549.900 kr.**

**SCAPE Wallhugger**
2x90x200 **699.900 kr.**

**PRODIGY**
2x90x200 **799.900kr.**

### STILLANLEG RÚM

Mikið úrval af stillanlegum rúmum

### ÞÓR*

**Hágæða heilsudýna**
7 svæðaskipt tvöfalt pokagormakerfi með góðum lágbaksstuðningi og mýkra og betra axlasvæði. Vönduð yfirdýna með 4cm þrýstijöfnunarefni og eggjabakka. Vandaðar steyptar kantstyrkingar sem fullkomna nýtingu á svefnfleti, þarf aldrei að snúa við

| Stærð | Verð |
|---|---|
| 100x200 | 104.900 kr. |
| 120x200 | 124.900 kr. |
| 140x200 | 139.900 kr. |
| 153x203 | 149.900 kr. |
| 160x200 | 154.900 kr. |
| 180x200 | 174.900 kr. |
| 180x210 | 189.900 kr. |
| 193x203 | 199.900 kr. |

### FREYJA / SAGA*

**Hágæða heilsudýna**
7 svæðaskipt pokagormakerfi með góðum lágbaksstuðningi og mýkra og betra axlasvæði. Vönduð yfirdýna með 4cm þrýstijöfnunarefni og eggjabakka. Vandaðar steyptar kantstyrkingar sem fullkomna nýtingu á svefnfleti, þarf aldrei að snúa við

| Stærð | Verð |
|---|---|
| 90x200 | 89.900 kr. |
| 100x200 | 94.900 kr. |
| 120x200 | 109.900 kr. |
| 140x200 | 119.900 kr. |
| 153x203 | 129.900 kr. |
| 160x200 | 134.900 kr. |
| 180x200 | 149.900 kr. |
| 180x210 | 159.900 kr. |
| 193x203 | 169.900 kr. |

*Öll verð með íslenskum botni og fótum

Svefn & heilsa
★★★★★
www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00